HARPA EINARSDÓTTIR

Hannar búninga á persónur Eve Online

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

HAFNARFJÖRÐUR

Töframenn og að-þrengdar eiginkonur

Sérblað um Hafnarfjarðarbæ

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. september 2007 — 262. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Vinsæll í Köben

Brunch-inn á veitingastað Friðriks Weisshappel í Kaupmannahöfn tilnefndur í stórri netkosningu.

FÓLK 50

Kári í kvikmyndirnar

Baltasar Kormákur naut sérfræðiþekkingar Kára Stefánssonar við yfirferð á nýju kvikmyndahandriti.

FÓLK 50

Er ballið að byrja?

„Aukning vaxtabyrðarinnar vitnar einnig um það, að erlenda lánsfénu hefur ekki öllu verið varið til arðbærrar eignamyndunar, heldur einnig til neyzlu," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

Íslendingaslagur í kvöld

Flensburg tekur í kvöld á móti Ciudad Real í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Fréttablaðið er á staðnum.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



HVASST - Í dag verður víða allhvöss og sums staðar hvöss suðlæg átt. Rigning sunnan og vestan til, annars yfirleitt úrkomulítið. Hiti 8-16 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4

Fimmtudagur

Lestur meðal 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007

Fíkniefnaneysla tæp tvö tonn

Yfirlæknir á Vogi segir að á Íslandi séu notuð tæp tvö tonn af fíkniefnum á ári. Gera má ráð fyrir að um 400 kíló af amfetamíni einu saman hafi verið á markaði á síðasta ári. Tilfellum lifrarbólgu C stórfjölgar.

FÍKNIEFNAMÁL Áætlað er að íslenskir fíkniefnaneytendur noti að minnsta kosti 640 kíló af hörðum fíkniefnum á ári og um 1.100 kíló af kannabisefnum. Samkvæmt því veltir fíkniefnamarkaðurinn hér á landi hátt í tveimur tonnum af fíkniefnum á ári.

Ofangreint magn miðast við svokallaða götuþyngd, það er þegar efnin hafa verið þynnt út til sölu. Hörð fíkniefni eru kókaín, amfetamín og e-töflur.

Þessar tölur eru samkvæmt útreikningum frá sjúkrahúsinu Vogi fyrir árið 2005-2006. Til grundvallar eru lagðar ýmsar upplýsingar sem safnað hefur verið, svo sem um fjölda fíkla sem leggjast inn á Vog, aldursskiptingu, tegund efnis, tíðni neyslu og magn sem þessir sömu fíklar hafa neytt.

> Vímuefnafíkn almennt er minni meðal þeirra sem eru undir tvítugu.
>
> ÞÓRARINN TYRFINGSSON
> YFIRLÆKNIR Á VOGI

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að neysla á amfetamíni hér á landi hafi farið vaxandi á árunum 2005-2006. Samkvæmt nýjustu útreikningum megi gera ráð fyrir að um 400 kíló af amfetamíni hafi verið til sölu á árinu 2006.

„Neysla á amfetamíni hefur einkum aukist meðal fólks á aldrinum 20 til 35 ára. Hjá hinum sem yngri eru hefur neyslan einnig aukist, en þó hlutfallslega minna en hjá hinum eldri miðað við 2005. Neysla á kókaíni og e-töflum stendur nokkuð í stað. Aðalniðurstaða úr tölum ársins 2006 er sú að fíkn í örvandi vímuefni fer vaxandi, bæði nýgengi og algengi."

Þórarinn segir að kannabisfíklar hafi aldrei verið fleiri en undanfarin tvö ár. „Það sem er þó gleðilegt í þessu er að þeir allra yngstu eru ekki eins margir og áður," útskýrir hann. „En neyslan færist upp aldurshópinn, þannig að magnið stendur nokkuð í stað milli ára."

Að sögn Þórarins dró heldur úr fjölda sprautufíkla á árinu 2006:

„Nýju tilfellunum hefur fækkað nokkuð, einkum meðal ungs fólks, sem eru vissulega gleðitíðindi. Vímuefnafíkn almennt er minni meðal þeirra sem eru undir tvítugu."

Þórarinn segir aukna tíðni lifrarbólgu C mikið áhyggjuefni. Hún smitast með notuðum sprautunálum. Árið 2005 greindust 26 ný tilfelli lifrarbólgu C á Vogi en 44 á síðasta ári. - jss

SKÁL Í BOTN Börnin í Flataskóla í Garðabæ héldu upp á alþjóðlega skólamjólkurdaginn með góðum mjólkursopa í gær. Dagurinn er haldinn hátíðlegur síðasta miðvikudag í september ár hvert, að undirlagi Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Tilgangurinn er að vekja athygli á mikilvægi mjólkurneyslu barna og unglinga í skólum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Líður að lokum olíualdar:

Tækifæri fyrir Íslendinga

ORKUMÁL Sérfræðingar telja hámarki olíuframleiðslu í heiminum nú þegar vera náð, sem þýðir að olíuverð getur ekki annað en haldið áfram að hækka. Jafnframt er því spáð að bílum fjölgi um meira en helming í heiminum á næstu tuttugu árum. Þetta, ásamt kröfunni um að þjóðir heims dragi verulega úr losungróðurhúsalofttegunda, veldur því að mikið kapphlaup er nú í gangi til að finna nýja orkugjafa og tækni sem geti tekið við er líður að endalokum olíualdar.

Þessar aðstæður opna Íslendingum tækifæri til að verða fyrsta þjóðin í heiminum sem verður nánast óháð jarðefnaeldsneyti.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í fyrstu grein greinaflokks um framtíðarorkuna og farartækin, sem hefur göngu sína í Fréttablaðinu í dag. aa/ sjá síðu 12

Mikill viðbúnaður vegna ársþings Atlantshafsbandalagsins:

Þingverðir og ritarar í öryggisvörslu

ALÞINGI Á fimmta tug starfsmanna Alþingis mun sinna öryggisgæslu á ársþingi Atlantshafsbandalagsins (NATO), sem haldið verður í Reykjavík 5. til 9. október næstkomandi.

Meðal starfsmanna Alþingis sem sinna munu öryggisgæslu á þinginu er mötuneytissstarfsmenn, starfsmenn tölvudeildar, ritarar og þingverðir.

„Til þess að halda kostnaði í lágmarki höfum við reynt að fá sem flesta starfsmenn þingsins með okkur í þetta verkefni," segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis.

Staðið hefur verið fyrir öryggisnámskeiðum þar sem starfsmönnum var meðal annars kennd vopna- og sprengjuleit.

Búist er við um 340 þingmönnum frá hinum 26 aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins á þingið. Helgi segir ljóst að verkefnið verði mjög kostnaðarsamt og því hafi verið gripið til þessara aðgerða. Fólk hafi almennt haft gaman af námskeiðunum. „Starfsmönnum Alþingis þykir alltaf gaman að fást við ný verkefni," segir hann.

Þetta verður 53. ársfundur NATO-þingsins en í fyrsta sinn sem hann er haldinn á Íslandi. Þetta er stærsti fundur alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi á aðild að. - kdk

3G (ódýrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is

OTA SOL GRYN

Borðaðu OTA hafragrautinn þinn á hverjum morgni

SPURNING DAGSINS

Eggert, var bara Eggert eftir?

„Nei, ég er líka alveg búinn eftir törnina."

Öll verkin á sýningu listmálarans Eggerts Péturssonar í Gallerí i8 seldust upp á svo gott sem einum degi. Á sýningunni eru eitt hundrað verk eftir Eggert, sem er þekktur fyrir málverk sín af íslenskri flóru.

Pilturinn sem grunaður er um að hafa átt að vera bílstjóri fíkniefnasmyglara:

Verði áfram í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir pilti um tvítugt, sem handtekinn var á bílaleigubíl á Fáskrúðsfirði á fimmtudaginn í síðustu viku, rennur út í dag en lögreglan hyggst óska eftir því að hann verði áfram í haldi. Það staðfesti Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins, við Fréttablaðið í gær.

Pilturinn er grunaður um að hafa ætlað að aðstoða Guðbjarna Traustason og Alvar Óskarsson, sem báðir eru 25 ára, við að fara frá Fáskrúðsfirði á bifreið en Guðbjarni og Alvar voru handteknir í skútu við Fáskrúðsfjarðarhöfn eftir að hafa reynt að smygla rúmlega sextíu kílóum af fíkniefnum inn í landið.

Yfirheyrslur yfir fimm mönnum sem eru í haldi lögreglu vegna rannsóknar á Pólstjörnumálinu svokallaða halda áfram í dag. Lögreglan verst allra frétta af rannsókninni.

Lögreglumenn frá fíkniefnadeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins fóru til Færeyja fyrir skemmstu til að yfirheyra Íslending sem þar er í haldi en hann var tekinn með tvö kíló af amfetamíni í fórum sínum, sama dag og níu aðrir voru handteknir eftir að fíkniefnin fundust í skútunni. - mh

SEXTÍU KÍLÓ AF FÍKNIEFNUM Lögreglan lagði hald á rúmlega sextíu kíló af fíkniefnum í skútu á Fáskrúðsfirði á fimmtudaginn síðasta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglan í Búðardal:

Fær loks nýja lögreglubílinn

LÖGREGLUMÁL Jóhannes B. Björgvinsson, lögreglumaður í Búðardal, fékk afhentan nýjan lögreglubíl í fyrradag af Stefáni Skarphéðinssyni, sýslumanni í Borgarnesi.

Nýi bíllinn þykir hið mesta þarfaþing því sá gamli þótti mikill gallagripur. Í byrjun árs greindi Fréttablaðið til að mynda frá því að á tveimur árum hefði bíllinn farið á verkstæði 58 sinnum og hefði aðalvarðstjórinn í bænum því ítrekað þurft að erindast á einkabíl sinum.

Nýi bíllinn er af gerðinni Hyundai Santa Fe og búinn öllum nauðsynlegum tækjabúnaði. - kdk

Uppgjör Samvinnutrygginga:

Fundi frestað ótímabundið

VIÐSKIPTI Skiptafundi í Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, sem halda átti næstkomandi föstudag, hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Talið er að um 51 þúsund einstaklingar eigi virk réttindi í félaginu.

Sérstök skilanefnd fékk það verkefni að fara yfir eigendur réttinda í félaginu, alls um 65 þúsund, og meta hversu margir eigi virk réttindi, að því er segir í tilkynningu frá nefndinni.

Verkefnið reyndist tímafrekara en ráð var fyrir gert, og er viðbúið að það dragist fram á næsta ár. Nýr skiptafundur verður boðaður síðar. - bj

Hatton Rockall-fundur:

Finna leiðir til að skipta landgrunninu

UTANRÍKISMÁL „Ég tel að fundurinn hafi verið mjög jákvæður. Menn urðu sammála um að eiga næsta fund í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember," segir Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands, eftir fyrsta dag fjórhliða viðræðufundar Íslands, Bretlands, Írlands og Danmerkur, fyrir hönd Færeyja, um svonefnt Hatton Rockall-svæði.

„Áherslan á fundinum var að finna hugsanlegar leiðir til að skipta landgrunninu á Hatton Rockall-svæðinu milli aðilanna."

Spurður að því hvort endanleg skipting svæðisins liggi fyrir segir Tómas að þar til aðilar hafi náð formlegu samkomulagi verði svæðið áfram umdeilt.

Á fundinum leggja fulltrúar Íslands höfuðáherslu á að samkomulag náist sem fyrst um skiptingu landgrunnsins.

- eb/sjá síðu 16

Borgarstjóri vill selja Orkuveituljósleiðara

Samtals hafa verið lagðir 7,5 milljarðar í Gagnaveitu Reykjavíkur, segir borgarstjóri. Landsbankinn mat verðmæti veitunnar um ellefu milljarða í dag og 28 milljarða árið 2011. Borgarstjóri vill að OR losi sig úr rekstri Gagnaveitunnar.

REYKJAVÍK Samtals höfðu verið lagðir ríflega 7,5 milljarðar króna í Gagnaveitu Reykjavíkur og fyrirrennara hennar í lok júní, á verðlagi þess tíma, segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. Hann segist enn þeirrar skoðunar að einkavæða eigi Gagnaveituna, sem á og rekur ljósleiðaranet á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fól Landsbankanum og Glitni að meta verðmæti Gagnaveitunnar, en trúnaður ríkir um niðurstöðurnar. Heimildir Fréttablaðsins herma að verðmæti Gagnaveitunnar sé um ellefu milljarðar króna samkvæmt mati Landsbanka Íslands, og gæti orðið um 28 milljarðar árið 2011. Glitnir mat verðmætið á um sjö milljarða.

„Í þessu mati er gert ráð fyrir verulegri aukningu viðskiptavina með tengingar, sem eru mjög fáar í dag. Ef það minnkar eitthvað örlítið breytist virði eiginfjár verulega mikið," segir Vilhjálmur. „Það eru forsendur sem þeir gefa sér, og það skiptir öllu hvort þær standist."

Vilhjálmur segir að Orkuveitan eigi að losa sig út úr rekstri Gagnaveitunnar vegna þess að hún eigi ekki að standa í samkeppni og sinna verkefnum sem fyrirtæki í einkaeigu geti sinnt. „Það hefur verið mín skoðun frá upphafi og hún er óbreytt."

ÓSAMMÁLA UM ÞÖRFINA FYRIR LEYND

Það myndi skaða hagsmuni Orkuveitu Reykjavíkur að gefa upp verðmat á Gagnaveitu Reykjavíkur, segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR.

„Ef til þess kæmi að við seldum þetta fyrirtæki vildum við fá sem hæst verð, og það þjónar ekki okkar hagsmunum að það sé búið að tilkynna [verðmatið] út á markaðinn, því hugsanlega vildum við reyna að fá hærra verð," segir Hjörleifur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í stjórn og varastjórn OR hafa farið fram á að leyndinni yfir verðmatinu verði aflétt. Upplýsingar um það hafa þegar birst í fjölmiðlum og því geti það ekki skaðað hagsmuni fyrirtækisins að stjórnarmenn geti tjáð sig um verðmatið.

LJÓSLEIÐARI LAGÐUR Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur.

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

„Þegar um er að ræða verkefni sem einkafyrirtæki geta sinnt með ágætum á markaðurinn að taka á því. Við eigum ekki að standa í samkeppni, heldur verja okkar fjármunum til annarra verka," segir Vilhjálmur.

Stjórn OR samþykkti að láta meta verðmæti Gagnaveitunnar og taka svo ákvörðun um söluferlið. Vilhjálmur segir að nú sé verið að skoða matið, en stjórnin taki ákvörðun um framhaldið. „Við verðum að skoða það þegar söluferli fer í gang hvaða verð markaðurinn býður," segir Vilhjálmur.

Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, og varð til úr Línu.neti hf. Miklar deilur stóðu um fyrirtækið í borgarstjórn Reykjavíkur og náðu þær hámarki árið 2001. brjann@frettabladid.is

Farsímafyrirtækið Nova:

Sækir um leyfi fyrir 3G-senda

FJARSKIPTI Símafyrirtækið Nova ehf. hefur leigt aðstöðu á þökum nokkurra skóla í Reykjavík og óskað eftir leyfi byggingarfulltrúa til að fá að setja þar upp farsímasenda. Um er ræða Borgaskóla, Ölduselsskóla, Rimaskóla, Réttarholtsskóla, Seljaskóla og Breiðholtsskóla. Einnig er félagið að setja upp búnað á Kjalarnesi og víðar. Nova hefur rekstrarleyfi fyrir 3G-farsímaþjónustu. Ætlunin er að þjónustan nái til höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness fyrir lok þessa árs og til tíu prósenta landsmanna á næsta ári. Eigandi Nova er Björgólfur Thor Björgólfsson.

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

- gar

Póstur úr geimnum:

Ekki tókst að senda til jarðar

RÚSSLAND, AP Rússar gerðu tilraun til að senda lítinn pakka úr ómönnuðu geimfari niður til jarðar. Það mistókst.

Pakkinn var í litlu hylki og festur við annan endann á þrjátíu kílómetra langri línu, sem send var niður úr geimfarinu. Hugmyndin var sú að þegar línan hefði náð fullri lengd myndi hylkið losna og svífa niður í tuttugu mínútur, en þá myndi fallhlíf skjótast út og tryggja örugga lendingu á jörðu niðri.

Svo virðist sem línan hafi flækst þegar hylkið var komið 8,5 kílómetra niður úr geimfarinu, og þar með var tilrauninni sjálfhætt. - gb

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Ólafur Ragnar Grímsson ber vitni hjá orkunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings:

Hvetur til nýtingar jarðhita

BANDARÍKIN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hvetur Bandaríkjamenn til að fara að fordæmi Íslendinga og nýta sér jarðhita til orkuframleiðslu í stórum stíl.

Í gærmorgun sat Ólafur Ragnar vitnaleiðslu hjá orkunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings, þar sem hann var kallaður til sem vitni í tengslum við frumvarp um stórfellda eflingu á nýtingu jarðhita í Bandaríkjunum.

Nánast einsdæmi er að þjóðhöfðingja sé boðið til vitnaleiðslu þingnefndar í Bandaríkjunum og þakkaði Ólafur Ragnar nefndinni þann heiður sem sér væri sýndur með boðinu. Formaður nefndarinnar og fleiri nefndarmenn þökkuðu Ólafi Ragnari aftur á móti kærlega fyrir að gefa sér tíma til að miðla nefndinni af þekkingu sinni á málinu.

Þeir spurðu hann um reynslu Íslands af nýtingu jarðhita, sem Ólafur Ragnar sagði vera einstaklega góða. Jarðhiti hefði reynst afar hagkvæmur orkugjafi og bæði ríkin, Ísland og Bandaríkin, gætu hagnast á samstarfi um þróun jarðhitanýtingar í Bandaríkjunum. Nefndarformaður orkunefndarinnar er demókratinn Jeff Bingaman frá Nýju-Mexíkó, en í nefndinni sitja 23 öldungadeildarþingmenn, þar af tólf demókratar og ellefu repúblikanar. - gb

FORSETI ÍSLANDS Ólafur Ragnar Grímsson upplýsir orkunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings um margvíslega kosti jarðhita. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú
ÚTSALA UM LAND ALLT

Eldstæði
Með loki
3899205

Frystikista

Frystikista, Frigor
182 ltr. 89,5x73x64,5 sm,
hraðfrystikerfi
1805486

Öll búsáhöld

Vinnubuxur
M/hnépúðavösum
5859041-5859047

Skjólveggur

Skjólveggur, Skandik
180x180 sm
603150

Flíspeysa xs, dökkblá
5863447-5863451

Allar flísar



Öll málning

Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 26.09.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,94	62,24
Sterlingspund	124,57	125,17
Evra	87,51	87,99
Dönsk króna	11,735	11,803
Norsk króna	11,214	11,28
Sænsk króna	9,486	9,542
Japanskt jen	0,5378	0,541
SDR	96,13	96,71

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,4557
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglumenn fá þrjátíu þúsund króna greiðslu á mánuði út samningstímann:

Viðbótargreiðsla vegna álags

KJARAMÁL Allir starfandi lögreglumenn munu fá greiddar þrjátíu þúsund krónur ofan á mánaðarlaun sín frá og með 1. október til loka samningstímabils.

Þetta er niðurstaða viðræðna stjórnar Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðuneytisins, með aðkomu dómsmálaráðuneytis. Í ljósi hennar hefur dómsmálaráðherra ákveðið að greiða öllum starfandi lögreglumönnum ofangreinttímabundiðálagútsamningstímann, sem er til 31. október 2008. Þeir lögreglumenn sem eru í hlutastarfi fá álagsgreiðslu í samræmi við starfshlutfall. „Greiðslur þessar byggjast á auknu starfsálagi

LÖGREGLAN Fær greiðslur vegna aukins starfsálags. Myndin er úr safni.

lögreglumanna vegna brotthvarfs félaga okkar úr starfi og aukningu verkefna vegna sameiningar lögregluliða um síðastliðin áramót," segir Sveinn Ingiberg Magnússon, formaður LL.

„Það er mat stjórnar LL, að þetta sé ásættanleg niðurstaða og verði vonandi til þess að stöðva þá óheillaþróun sem hefur blasað við undanfarið og verði jafnframt hvatning til lögreglumanna til áframhaldandi góðra verka."

Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri LL, sagði þegar vera farin að berast viðbrögð til sambandsins frá lögreglumönnum, sem væru í allflestum tilvikum mjög jákvæð.

- jss

Ljóshærða stúlkan í Marokkó:

Ekki Maddie heldur Bushra

MAROKKÓ Vonir um að ljóshærð stúlka sem mynduð var í Marokkó væri Madeleine McCann urðu að engu í gær þegar breskir blaðamenn fundu stúlkuna. Hún heitir Bushra Binhisa og er dóttir ólífubónda sem býr í þorpinu Zinat. Að sögn Rashid Razaq, blaðamanns hjá Evening Standard, líkist stúlkan Maddie, sem hvarf af hóteli í Portúgal í maí síðastliðnum.

Samkvæmt fréttavef Sky News sagði Clarence Mitchell, talsmaður foreldra Madeleine, það miður ef rétt væri að stúlkan væri ekki Maddie. Leitin myndi halda áfram.

- sþs

Á SVIÐ Garðar, Diddú og Garðar Thor rétt áður en þau stigu á svið í Barbican Centre í gærkvöldi.

Garðar Thór Cortes:

Söng fyrir fullu húsi í London

TÓNLEIKAR Uppselt var í öll 1.949 sætin á tónleikum Garðars Thors Cortes í listamiðstöðinni Barbican Centre í London í gærkvöldi. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem heldur einsöngstónleika í húsinu, sem er það stærsta af sinni tegund í Evrópu.

Diddú kom einnig fram á tónleikunum sem sérstakur gestur og hljómsveitarstjórn var í höndum Garðars Cortes, föður Garðars Thors. Á tónleikunum söng Garðar Thor lög af nýútkominni plötu og annað efni, en undir lék The National Symphony Orchestra.

- sþs

SNÆFELLSNES

Hvassviðri í Grundarfirði

Björgunarsveit var kölluð út vegna þakplatna sem fuku af húsi í hvassviðri í Grundarfirði um klukkan sjö í gærkvöldi. Að sögn lögreglu tókst að halda plötunum niðri áður en skaði varð af.

Spurð hvort hún sé fáviti eða heyrnarlaus

Ásta Soffía Lúðvíksdóttir heyrir ágætlega með hjálp tækja. Hún vinnur á afgreiðslukassa í IKEA og lendir oft í harkalegu viðmóti viðskiptavina. Hún segir það koma fyrir að hún sé miður sín eftir vinnudaginn.

FÓLK „Fólk spyr mig til dæmis hvort ég sé heyrnarlaus, hvort ég sé fáviti eða hvort ég skilji ekki íslensku. Þetta kemur mjög oft fyrir," segir Ásta Soffía Lúðvíksdóttir, starfsmaður í IKEA.

Ásta Soffía er tuttugu og sjö ára gömul. Hún er heyrnarlaus en heyrir með hjálp tækja eftir kuðungsígræðslu sem hún fór í árið 2003. Hún hefur unnið í IKEA á afgreiðslukassa í þrjú ár en hefur nú beðið um flutning innan búðarinnar. Ástæðan er dónaskapur sem hún verður fyrir af hálfu viðskiptavina IKEA. „Ég heyri ekki nógu vel ef fólk talar lágt en ef það talar hátt og skýrt þá heyri ég ágætlega."

Ástu Soffíu segist líða mjög illa þegar hún fær athugasemdir. Hún hefur þó stundum svarað fyrir sig. „Fólk verður stundum slegið þegar ég segi því að ég sé heyrnarskert og þá biðst það kannski afsökunar." Hún segist verða fyrir dónaskap nokkrum sinnum í viku og stundum nokkrum sinnum á dag. „Þetta gerðist til dæmis tvisvar í gær. Í annað skiptið kom kona til mín og bað mig um nótu. Ég heyrði ekki í fyrstu og bað hana afsökunar og sagði henni að ég væri heyrnarskert. Þá skellti hún því framan í mig að ég hefði ekkert að gera á kassa."

Ásta Soffía segir oft liggja illa á fólki og það geti verið ástæða viðmótsins. „Þetta hefur mjög slæm áhrif á mig og ég fer heim úr vinnunni miður mín þegar þetta gerist."

Hún telur að starfsmenn á afgreiðslukössum, útlendingar og fatlað fólk verði helst fyrir barðinu á hranalegu viðmóti viðskiptavina. „Það versta sem ég hef fengið að heyra var hvort ég skildi ekki íslensku og að ég ætti að koma mér aftur á þann stað sem ég kæmi frá. Ég svaraði því til að ég væri frá Grindavík og hvort ég ætti að fara aftur þangað. Ég er dökkhærð, með brún augu og er kannski útlendingsleg. Ég get ekki ímyndað mér hvernig útlendingum líður sem vinna á kassa og hvernig þeir fá að finna fyrir því."

Ástu Soffíu finnst dónaleg framkoma viðskiptavina fyrst og fremst sorgleg. „Ég hef ógrynni af þolinmæði. Ég hef alltaf komið vel fram við fólk og skil þess vegna ekki hvernig fólk getur komið illa fram við mig."

larab@frettabladid.is

ÁSTA SOFFÍA LÚÐVÍKSDÓTTIR Ásta Soffía útskrifaðist úr Verkmenntaskólanum á Akureyri heyrnarlaus en í dag heyrir hún með hjálp tækja eftir kuðungsígræðslu sem hún fór í árið 2003.

HEYRNARHJÁLP Síðustu daga hefur Ásta Soffía gengið með spjald frá Heyrnarhjálp sem á stendur: Ég heyri ekki vel, horfðu á mig á meðan þú talar, talaðu hægt og skýrt.

Einn duglegasti starfsmaðurinn

„Ásta Soffía verður fyrir harkalegu viðmóti viðskiptavina. Við biðjum hana um að láta okkur vita þegar þessi atvik koma upp og reynum þá að koma henni til aðstoðar því hún á alls ekki að sitja undir þessu," segir Helga Björg Gísladóttir, svæðisstjóri afgreiðslunnar í IKEA. Hún segir starfsfólk IKEA reyna að koma fólki í skilning um að það eigi ekki að tala svona við starfsfólkið. „Hún er einn duglegasti starfsmaðurinn okkar og mjög jákvæð. Við reynum að taka á þessu eins og við best getum. Það á enginn að koma svona fram. Ég veit ekki hvort fólk sé að verða dónalegra en það er eins og það geri sér ekki grein fyrir því að afgreiðslufólk er líka manneskjur," segir Helga Björg.

HELGA BJÖRG GÍSLADÓTTIR

VARNARSVÆÐIÐ Grindvíkingar vilja varnarsvæðið undir íbúðarbyggð.

Bæjarráð andvígt sendum:

Varnarsvæðinu verði skilað

SVEITARSTJÓRNIR Uppsetning sendibúnaðar í möstur á varnarsvæðinu í Grindavík á vegum Flugstoða ohf. mætir mikilli andspyrnu bæjarráðs Grindavíkur. Segist ráðið gagnrýna harðlega að íslenskt hlutafélag í eigu ríkisins fari framhjá bæjaryfirvöldum í Grindavík með því að setja upp fjarskiptasenda í skjóli þess að um varnarsvæði sé að ræða. Varnarsvæðið hamli uppbyggingu í Grindavík.

„Bæjarráð bendir á að þetta svæði er ákjósanlegt sem íbúðabyggð og leggur áherslu á að íslenska ríkið hlutist til um að Bandaríkin skili þessu landsvæði."

- gar

Fljótandi kókaín í flösku:

Einn áfram í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um fertugt, sem grunaður er um innflutning á kókaíni í fljótandi formi, var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til mánudagsins 1. október nk. Annar karl sem einnig var handtekinn í tengslum við rannsókn málsins er laus út haldi.

Um 600 grömm af kókaíni mældust í 1.800 millilítrum af vökva úr flösku sem hald var lagt á samkvæmt efnagreiningu Háskóla Íslands.

- gar

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SLAGVIÐRI VESTAN TIL

Það verður bæði hvasst og vætusamt í dag vestan til á Suðurlandi og á landinu vestanverðu. Ég á von á því að það verði víða 13-18 m/s á Norðurlandi en þar verður að líkindum þurrt. Það lægir nokkuð á morgun og á laugardaginn þegar Íslandsmótinu í knattspyrnu lýkur verður yfirleitt fremur hæg suðlæg átt með rigningu allra vestast á landinu.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Allhvöss suðaustanátt með rigningu. Hiti 8-11 stig að deginum.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



3-10 m/s hvassast á annesjum vestan og austan til .

» laugardagur



3-10 m/s hvassast á annesjum vestan og austan til .

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C skýjað	London	14°C skúrir	Amsterdam	17°C skýjað
Billund	16°C skýjað	París	15°C skúrir	Lúxemborg	13°C skýjað
Osló	12°C hálfskýjað	Frankfurt	12°C skúrir	Basel	12°C skúrir
Stokkhólmur	11°C skúrir	Friedrichshafen	11°C skúrir	Alicante	24°C heiðskírt
Gautaborg	15°C skýjað	Berlín	16°C skúrir	Las Palmas	23°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

NISSAN NAVARA
ER FULLKOMINN PALLBÍLL

NISSAN NAVARA er með sterka og þægilega sjálfskiptingu og eina aflmestu dísilvélina í sínum flokki sem fer létt með að draga allt að 3ja tonna kerru.

NISSAN NAVARA er með þægileg sæti, ríkulegan staðalbúnað og flotta innréttingu.

NISSAN NAVARA er sterkur og endingargóður pallbíll á góðu verði.

- **2.5 lítra dísilvél „common rail“**
- **174 hestöfl (403Nm)**
- **Hraðastillir „Cruise Control“ (LE)**
- **Tveggja svæða loftkæling**
- **Álfelgur**
- **100% driflæsing í afturdrifi**

NISSAN NAVARA sjálfskiptur SE

Verð frá aðeins **3.390.000 kr.**

Bílar á myndum eru af LE gerð.

KOMDU OG REYNSLUAKTU

NISSAN

ENNEMM / SÍA / NM29309

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

KJÖRKASSINN

Hefur þú verið afgreidd(ur) í verslun af starfsmanni sem talar ekki íslensku?

Já	89%
Nei	11%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér ástandið í miðborginni betra eftir átak lögreglunnar?

Segðu skoðun þína á visir.is

Búrma og Sómalía spilltustu ríkin samkvæmt skýrslu Transparency International:

Stjórnlaus spilling í 75 ríkjum

LONDON, AP Af 180 ríkjum heims telst spilling „alvarleg“ í 131 ríki, eða alls 73 prósentum. Þar af telst spillingin „stjórnlaus“ í 75 ríkjum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar Transparency International. Stofnunin gefur árlega út skýrslu þar sem mat er lagt á umfang spillingar í ríkjum heims.

Spilltustu ríki heimsins eru Búrma og Sómalía með aðeins 1,4 stig þar sem tíu stig teljast fullt hús og til marks um enga spillingu. „Búrma er mjög gott dæmi um það þegar spilling, fátækt og kúgun skerast,“ sagði stjórnarformaður stofnunarinnar, Huguette Labelle, þegar skýrslan var kynnt í London í gær.

Nýja-Sjáland, Danmörk og Finnland tróna á toppnum sem minnst spilltu ríki heimsins með 9,4 stig af tíu mögulegum. Í 4. til 5. sæti eru Singapúr og Svíþjóð og Ísland kemur næst í 6. sæti.

Norðurlöndin raða sér öll á topp tíu þar sem Noregur er í 9. til 10. sæti. Það Evrópuríki sem var neðst á listanum var Hvíta-Rússland, sem skipaði 150. til 162. sæti ásamt ríkjum á borð við Síerra Leóne, Simbabve og Kongó.

Skýrslan byggist á afstöðu viðskiptamanna og greinenda til spillingar í hverju ríki. **- sdg**

SPILLTASTA RÍKI HEIMS Stúdent heldur uppi mótmælaskilti gegn yfirvöldum í Búrma. NORDICPHOTOS/AFP

Erkibiskups í Mósambík:

Telur smokka sýkta af HIV

MÓSAMBÍK Erkibiskup kaþólsku kirkjunnar í Afríkuríkinu Mósambík sagðist í samtali við fréttastofu BBC telja að sumir smokkar sem fluttir eru til Afríku frá Evrópu væru viljandi sýktir af HIV-veirunni „til þess að gera fljótt út af við Afríkumenn“.

Erkibiskupinn, Francisco Chimoio, sagði tvö Evrópulönd standa á bak við þetta en neitaði að segja hver þau væru.

Ummæli erkibiskupsins hafa vakið reiði meðal fólks sem berst fyrir aukinni fræðslu um eyðni og gegn útbreiðslu sjúkdómsins. Talið er að rúm sextán prósent Mósambíka séu smitaðir af HIV. - sdg

Lögmaður áfrýjar líklega dóminum

Verjandi Róberts Árna Hreiðarssonar telur þriggja ára fangelsisdóm óviðunandi og ekki í samræmi við fordæmi Hæstaréttar. „Hefði viljað sjá refsirammann fullnýttan,“ segir sækjandi. Róbert Árni er ekki að flýja land, að sögn verjanda.

DÓMSMÁL „Þessi dómur er þess eðlis að það er nánast útilokað að við hann verði unað,“ sagði Einar Gautur Steingrímsson, verjandi Róberts Árna Hreiðarssonar héraðslögmanns, að lokinni dómsuppkvaðningu í gær.

Róbert Árni var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn fjórum unglingsstúlkum á aldrinum 14 og 15 ára og fyrir vörslu barnakláms.

Verjandinn telur að sakfellingarnar séu „allt, allt of þungar miðað við dómafordæmi Hæstaréttar og að héraðsdómarar hafi gengið allt, allt of langt.“

Ákæran á hendur lögmanninum var í níu liðum, meðal annars fyrir að hafa tælt stúlkur til kynferðismaka gegn greiðslu.

Ein slík samskipti gengu þannig fyrir sig að vinkona einnar stúlkunnar ræddi við „Rikka“, eitt dulnefna Róberts á MSN-spjallrás á netinu. Rikki þóttist vera sautján ára gamall piltur.

Stúlkan var þá talsvert ölvuð í samkvæmi og vantaði þær vinkonur bílfar. Rikki tjáði þeim að hann vissi um mann sem vildi skutla henni gegn munnmökum.

Féllst stúlkan á þetta tilboð og sótti Róbert þær klukkan fjögur að nóttu. Hún hafði við hann munnmök á bílastæði BSÍ og hitti hann margsinnis upp frá þessu og fékk greitt 10.000 til 20.000 krónur fyrir hvert skipti. Á tímabili hittust þau daglega, segir í dómsorði.

Stúlkan var vinafá, stóð höllum fæti félagslega og neytti á þessum tíma fíkniefna. Róbert er sekur fundinn um að hafa blekkt stúlkuna og nýtt sér vitneskju um bága stöðu hennar og yfirburði sína vegna aldurs-, þroska- og aðstöðumunar, til að koma fram við hana vilja sínum.

Sækjandi í málinu var Kolbrún Sævarsdóttir. Hún sagðist sátt við niðurstöðuna en „hefði viljað sjá refsirammann fullnýttan, sem er fjögur ár“. Hún kvaðst allt eins gera ráð fyrir því að Róbert áfrýjaði.

Verjandi Róberts vildi ekki staðfesta að áfrýjað yrði. Hann sagði hins vegar að refsingar í réttarríki ættu að miðast við brotafordæmi. Brotin varði mest fjögurra ára fangelsi en Róbert fái refsingu á við nauðgara. „Það er ekkert vit í þessu, ekki neitt.“

Róbert dvelst nú á Spáni og verjandinn segir að „þessar samsæriskenningar í fjölmiðlum um að hann sé að flýja land [séu] bara ekki réttar. Hann kemur til Íslands, eins og aðrir sem koma úr frí.“

klemens@frettabladid.is

HÉRAÐSDÓMUR Ákæran á hendur Róberti Árna var í níu liðum, meðal annar fyrir að hafa tælt stúlkur til kynferðismaka gegn greiðslu.

LAGT VAR HALD Á:

- Tvo leðurjakka og leðurbuxur
- Tvo farsíma
- Minnisbók með nöfnum 335 stúlkna
- Tvö símakort
- Fartölvu með 121 barnaklámmynd
- Turntölvu með 104 barnaklámmyndum
- Myndbandsspólur með barnaklámi

NÖFN RÓBERTS

- Rikki (17 ára)
- bestur2000@hotmail.com
- Robbi
- Árni
- geiriboy1@hotmail.com

Róbert mun hafa notað ein sex farsímanúmer, þar af númer sem er skráð á Fáfni, fjáfestingarfélag Róberts

DÓMURINN

- Róbert Árni Hreiðarsson sæti fangelsi í þrjú ár
- Tölvur og klám gert upptækt
- Svipting lögmannsréttinda
- Greiði brotaþolum 2,2 milljónir
- Greiði í sakarkostnað 2,6 milljónir, þar af verjanda sínum 1,4 milljónir

Skipaverkfræðingur og samgönguráðherra fullsaddir af meiðyrðaumræðu:

Deilu Einars og Kristjáns lokið

SAMGÖNGUR Hvorki Einar Hermannsson né Kristján Möller hyggjast aðhafast meira í deilu vegna ummæla Kristjáns um Einar, samkvæmt upplýsingum frá lögmanni Einars og úr samgönguráðuneytinu.

Niðurstaðan, ef einhver, er sú að Kristján biðst afsökunar á því að hafa nafngreint Einar einan sem ábyrgan fyrir ógöngum við kaup á Grímseyjarferjunni.

Þetta kveður lögmaður Einars, Ragnar H. Hall, þó gert í skugga lögsóknar, sem hafi verið boðuð ráðherranum bréfleiðis. Kristján hafi því ekki beðist afsökunar að eigin frumkvæði, eins og hann hafi látið í veðri vaka.

KRISTJÁN OG FERJAN Ráðherrann bar enga ábyrgð á ferjunni en hefur mátt verja ummæli sín vegna hennar í nokkurn tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögmaður Kristjáns, Sigurður G. Guðjónsson, svaraði bréfi Ragnars og Einars þannig að ráðherra myndi ekki biðjast afsökunar, daginn áður en hann baðst svo afsökunar.

Ragnar segist engar athugasemdir gera við að lögmaður utan úr bæ, en ekki ráðuneytisins, hafi séð um málið. „Það er ákvörðun ráðherrans hverjum hann felur að svara fyrir sig,“ segir hann.

Enginn innan samgönguráðuneytis vill tjá sig um málið. Samkvæmt heimildum þaðan er þar álit manna að í bréfinu hafi Einar farið fram á að Kristján drægi til baka ummæli sem hann hafi aldrei látið falla. Ráðherra hefði, með því að gera það, verið að ljúga. Því hafi hann hafnað því. **- kóþ**

Tilboðin gilda út sunnudaginn 30. september 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir sjónvarpsþáttaröðin sem byggð er á bókinni Aftureldingu eftir Viktor Arnar Ingólfsson?*
2. *Hver er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna?*
3. *Hvað heitir nýjasta hljómplata múm?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Upplýsingafulltrúi Umferðarstofu segir hvimleitt að orðrómur hafi farið af stað:

Auglýsingin langt í frá stolin

FJÖLMIÐLAR Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, vísar því á bug að hugmynd að sjónvarpsauglýsingu sem hvetur til bílbeltanotkunar sé stolin. Aldrei hafi verið neitt launungarmál að Umferðarstofa studdist við auglýsinguna „Heaven can wait“, sem norska vegagerðin lét gera fyrir nokkrum árum, og fékk til þess leyfi.

Í auglýsingunni, sem nefnist Notaðu bílbeltin, má sjá sálir stíga upp til himna eftir banaslys í umferðinni. Sál eins farþegans kemst ekki upp vegna þess að hann er með beltið spennt og því kemst hann lífs af. Handrit norsku auglýsingarinnar er hið sama, en útfærslan er önnur.

BELTIN BJARGA Skjáskot úr auglýsingu Umferðarstofu. Hún var gerð að fyrirmynd auglýsingar norsku vegagerðarinnar, með fullu leyfi. MYND/UMFERÐARSTOFA

„Það hefur sprottið upp umræða í bloggheimum um að við höfum stolið hugmyndinni að auglýsingunni, og gengið svo langt að saka auglýsingastofuna okkar um óheiðarleg vinnubrögð,“ segir Einar.

„Þeir sem skrifuðu þetta hefðu auðveldlega getað fundið það út, til dæmis á heimasíðu okkar, að við gerðum auglýsinguna eftir fyrirmynd frá norsku vegagerðinni og fengum leyfi til að útfæra hana fyrir íslenskar aðstæður. Það er eins og menn haldi að það megi segja hvað sem er á netinu.“ - sþs

Utanríkisráðherra í New York:

Kynnir framboð Íslands

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og sendinefnd Íslands sátu setningarfund 62. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York í fyrradag.

Ráðherra hefur átt tvíhliða fundi með utanríkisráðherrum auk óformlegra funda með ýmsu forystufólki á þinginu í þeim tilgangi meðal annars að kynna framboð Íslands til öryggisráðs SÞ.

Í gær hélt Ingibjörg Sólrún erindi um utanríkisviðskipti Íslands og Bandaríkjanna á fundi íslensk-ameríska verslunarráðsins. - sdg

Gagnrýni á kosningabaráttu:

Giuliani biður um 9,11 dollara

BANDARÍKIN Rudy Giuliani, sem sækist eftir forsetatilnefningu repúblikanaflokksins, sætir gagnrýni vegna fjáröflunarsamkomu í gær þar sem fólk var beðið um að gefa 9,11 dollara til kosningabaráttu hans.

Giuliani var borgarstjóri í New York þegar hryðjuverkaárásirnar á tvíburaturnana urðu þar árið 2001 og þykir sumum hann vera að nýta sér það.

„Þetta er vanvirðing við arfleifð þeirra þúsunda borgara og 343 hugrökku slökkviliðsmanna sem létust í árásinni,“ sagði forseti samtaka slökkviliðsmanna, Harold Schaitberger. BBC greinir frá. - sdg

RUDY GIULIANI

LÖGREGLUFRÉTTIR

Árekstur við Kaplakrika

Tveir voru fluttir á slysadeild eftir árekstur á Reykjanesbraut við Kaplakrika um klukkan tvö í gær. Slökkvilið þurfti að beita klippum til að ná hinum slösuðu úr bílunum. Meiðslin reyndust ekki alvarleg og var fólkið útskrifað að lokinni skoðun.

ÁTÖK Í RANGÚN Sjúkraflutningamenn hlúa að særðum munki eftir átök íborinni Rangún í gær. Tíu þúsund manns komu saman í miðborginni þrátt fyrir að herstjórnin hafi bannað allar samkomur í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Herstjórnin beitir hörðu

Búrmastjórn beitti bæði skotvopnum og táragasi á mótmælendur í gær. Harkaleg viðbrögð stjórnarinnar hafa verið fordæmd á alþjóðavettvangi.

BÚRMA, AP Stjórnarherinn í Búrma skaut í gær á hóp mótmælenda í Rangún eftir að mannfjöldinn varð ekki við skipunum hersins um að dreifa sér. Um tíu þúsund manns höfðu komið saman með fjölmennan hóp búddamunka í fararbroddi.

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin fordæmdu aðgerðir stjórnarinnar gegn mótmælendum og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna bjó sig undir að fjalla um málið strax í gærkvöld. Mótmæli gegn ofríki herstjórnarinnar hófust 19. ágúst og eru orðin þau mestu frá því stjórnin barði niður lýðræðishreyfingu í landinu árið 1988.

Herforingjastjórnin sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hún viðurkenndi að einn maður, þrítugur að aldri, hefði orðið fyrir byssuskoti og látist. Stjórnin segir enn fremur að þrír aðrir hafi særst, en ekki af völdum byssuskota heldur í átökum.

Andófshópar fullyrtu hins vegar að fimm manns hafi látist af völdum byssuskota frá stjórnarhernum. Aðrir töluðu um að fjöldi særða og fallinna hafi verið nokkuð meiri.

Búddamunkar, sem njóta mikillar virðingar í landinu, hafa verið í fararbroddi mótmælanna frá því í byrjun síðustu viku og hafa þeir daglega komið saman í Rangún og fleiri borgum í Búrma.

Ástandið í Búrma hefur vakið heimsathygli og meðal annars verið til umræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem þessa dagana stendur yfir í New York.

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hvatti leiðtoga herforingjastjórnarinnar til að halda aftur af sér og láta mótmælendur í friði. „Allur heimurinn fylgist með,“ sagði hann við blaðamenn í gær.

> Allur heimurinn fylgist með.
>
> **GORDON BROWN**
> FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS

Herstjórnin hefur bannað allar samkomur og sett á útgöngubann að næturlagi. Í gær söfnuðust engu að síður um tíu þúsund manns saman við Shwedagonpagóðuna í Rangún og hugðust ganga sem leið liggur að Sulepagóðunni, en herinn stöðvaði gönguna á miðri leið.

Fleiri hópar mótmælenda komu saman víða um borgina, en hermenn reyndu jafnan að dreifa mannfjöldanum.

Skemmdir voru unnar á bifreiðum og byggingum, en ekki var ljóst hvort þar voru andófsmenn að verki eða stuðningsmenn stjórnarinnar. gudsteinn@frettabladid.is

GRAND VITARA
ÞRAUTREYNDUR OG TRAUSTUR JEPPI

Komdu í reynsluakstur upplifunin verður ánægjuleg.

ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR

Grand Vitara er boðinn í mörgum útfærslum.

Val er um öflugar og sparneytnar 4 og 6 strokka bensínvélar, eða umhverfisvæna dieselvel með bestu mengurnarvörnum svo sem öflugri sótsíu.

Grand Vitara er með sítengdu fjórhjóladrifi með vali um læsingu og millikassa með háu og lágu drifi.

Meðal staðalbúnaðar er ESP stöðugleikastýring með spólvörn, tölvustýrð loftræsting m. kælingu, vönduð hljómtæki, upphituð framsæti og útispeglar.

Hugtök Ágúst 07

Verð frá 2.790 þús.

SUZUKI

Skeifunni 17. Sími 568 5100.

Kíktu á suzukibilar.is



AUÐ SÆTI Tveir einmana þingmenn sátu á allsherjarfundi á Evrópuþinginu í Strassborg á þriðjudaginn þar sem umræðuefnið var hættuleg leikföng frá Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Héraðsdómur staðfestir að Flugþjónustan í Leifsstöð hafi brotið samkeppnislög:

Flugþjónustan sektuð um 60 milljónir

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í fyrradag kröfu Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli, IGS, um að að fella úr gildi úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála um misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu. Nefndin hafði gert félaginu að greiða 60 milljónir í sekt vegna samkeppnisbrota og hefur héraðsdómur nú fallist á það.

Samkeppniseftirlitið komst að því í mars í fyrra að IGS hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og gerði þeim að greiða 80 milljóna króna sekt. Brot IGS fólst í því að gerðir voru einkakaupsamningar við tíu flugfélög sem lentu á Keflavíkurflugvelli

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR IGS braut á fyrirtækinu Vallarvinum, sem var í samkeppni við Flugþjónustuna.

og flugfélaginu LTU var gert samkeppnishamlandi tilboð. Fyrirtækið Vallarvinir, sem þá starfaði á Keflavíkurflugvelli í samkeppni við IGS, fór halloka úr þeim viðskiptum.

Þeim úrskurði var áfrýjað til áfrýjunarnefndar Samkeppniseftirlitsins, sem staðfesti niðurstöðuna en lækkaði sektina um tuttugu milljónir. IGS fór þá með málið fyrir dóm, sem nú hefur staðfest úrskurð áfrýjunarnefndarinnar.

Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um það hvort dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar. „En það gefur augaleið að menn eru ekki sammála þessari niðurstöðu," segir hann. - sh

Á 277 km hraða á vinnubíl:

Mesti ökuníðingur Bretlands

LONDON, AP Hraðskreiðasti ökumaður sem tekinn hefur verið fyrir of hraðan akstur var í gær dæmdur í tíu vikna fangelsi eftir að hann mældist á 277 kílómetra hraða á fyrirtækisbíl sem hann hafði tekið án vitundar yfirmanns síns.

Tim Brady, sem er 33 ára, hafði ítrekað verið neitað um að fá Porsche-bifreið lánaða á bílaleigunni sem hann vann hjá áður en hann laumaðist til að taka hana.

Fyrra metið átti bílasalinn Jason McAllister sem var tekinn á 251 kílómetra hraða árið 2003.

Brady má ekki aka bifreið í þrjú ár og þarf að taka bílprófið á ný að þeim tíma liðnum. - sdg

Sértrúarleiðtogi sakfelldur:

Neydd til að giftast 14 ára

BANDARÍKIN, AP Leiðtogi sértrúarsafnaðar í Utah í Bandaríkjunum var í gær sakfelldur fyrir aðild að nauðgun eftir að hafa neytt fjórtán ára stúlku til að giftast nítján ára frænda sínum.

Kviðdómur hafnaði rökum verjanda um að málsóknin gegn Warren Jeffs væri trúarlegar ofsóknir. Stúlkan, sem er 21 árs í dag, segir málið ekki hafa snúist um trú heldur barnamisnotkun.

Meðlimir safnaðarins iðka fjölkvæni og telja Jeffs spámann. Söfnuðurinn klauf sig frá mormónakirkjunni, sem hefur bannað fjölkvæni. - sdg

Alþjóðahús efnir til námskeiðs í sláturgerð:

Slátur fyrir byrjendur

MATUR „Maður heyrir stundum að það sem innflytjendur sakna helst er maturinn í heimalandi þeirra," segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.

SLÁTURGERÐ Þessar konur kunna greinilega réttu handbrögðin í sláturgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einar segist þó sannfærður um að námskeið sem Alþjóðahús ætlar að bjóða upp á mánudaginn 8. október, í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi, eigi strax eftir að fyllast.

Á námskeiðinu verður kennd sláturgerð og eiga þeir sem á það fara að verða fullfærir í lifrarpylsu- og blóðmörsgerð. „Íslendingar halda oft að slátur sé séríslenskur matur en svipuð afbrigði má reyndar finna í flestum löndum þar sem mikið er um sauðfjárrækt," segir Einar um þetta þjóðlega en þó alþjóðlega námskeið. - kdk

ÞÓRDÍS TÓMASDÓTTIR Segist ekki hafa fengið lóðastækkun en landeigandinn segir Þórdísi og mann hennar ekki hafa viljað borga fyrir stærri lóð. MYND/EGILL

FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR Hjón krefjast niðurrifs á nýbyggðum sumarhúsum í nágrenni við bústað þeirra í Grímsnesi. Húsin voru byggð eftir deiliskipulagi sem láðist að auglýsa samkvæmt lögum.

Landeigandi segir hjónum hafa boðist lóðastækkun:

Neituðu að borga fyrir stækkun lóðar

SKIPULAGSMÁL „Það að þau hjón geti ekki sætt sig við nýtt deiliskipulag byggist að ég held eingöngu á því að þau fengu ekki stækkun á sinni lóð, sem þau þó vissulega gátu fengið, bara ekki án greiðslu," segir Baldur Þór Baldvinsson, formaður stjórnar Meistarafélags húsasmiða, eiganda Kiðjabergs í Grímsnesi.

Eins og sagði í Fréttablaðinu í gær hafa hjónin Þórdís Tómasdóttir og Þór Ingólfsson fengið fellt úr gildi nýlegt deiliskipulag fyrir frístundahús í Kiðjabergi. Að auki voru byggingarleyfi tveggja sumarhúsa næst sumarbústað þeirra hjóna afturkölluð og framkvæmdir við þau stöðvaðar. Auk athugasemda við skipulagið sögðust hjónin ósátt við að fá ekki að stækka lóð sína.

Baldur Þór Baldvinsson segir hjónin hafa leigt 6.150 fermetra lóð og haft hana frá því 1990. Lóðirnar hafi verið misstórar og verðlagðar eftir stærð.

Baldur segir að í árslok 2001 hafi verið ákveðið að stækka lóðirnar á viðkomandi svæði þar sem illa hafi gengið að koma þeim út. Að ósk hjónanna hafi verið ákveðið að stækka lóð þeirra verulega. Formaður Meistarafélags húsasmiða hafi heimsótt hjónin með uppdrátt að breytingunni.

„Þau voru ánægð með að fá stækkun á lóð sinni en létu jafnframt vita af því að þau væru ekki tilbúin að greiða neitt fyrir þetta viðbótarland, þetta yrði barasta skógrækt og þar af leiðandi þeirra framlag til að breyta landinu úr auðn í skóglendi. Hjónin vildu sem sagt stækkun á sínu landi, bara alls ekki greiða fyrir landið eins og allir aðrir," segir Baldur, sem kveður að þar með hafi verið hætt við að gera breytingar á lóðum sem þegar voru í útleigu.

Einnig segir Baldur að Þór og Þórdís hafi lagt undir sig 944 fermetra land utan lóðar sinnar og gert þar kofa, þau hafi lagt akveg sem náð hafi tíu metra inn á óbyggða nágrannalóð og enn fremur útbúið veglegt bílastæði.

Ívar Pálsson, lögmaður Þórs og Þórdísar, segir rangt að hjónin hafi ekki viljað greiða fyrir lóðastækkunina. Þeim hafi einfaldlega verið neitað um stækkunina. - gar

A. KARLSSON

Heilsu-dagar 24. sept. til 3. okt.

Hugaðu að heilsunni!

› 15% afsláttur af æfingatækjum, heilsurúmum, rafskutlum, blóðþrýstingsmælum ofl.

› Taktu stöðuna – blóðþrýstings- og fitumæling á staðnum.

Opið kl. 9 til 17 virka daga

ENNEMM / SÍA / NM29714

A. Karlsson | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | Sími: 5 600 900 | www.akarlsson.is

Ég ætlaði bara að fá mér fiðlu

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007, skv. sjodir.is. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.

Fjallinu verði sýnd virðing:

Nekt bönnuð á Mount Everest

NEPAL, AP Leggja þarf bann við nekt og tilraunum til að slá klúr met á hæsta fjalli heims, Mount Everest, samkvæmt fjallgöngusamtökum Nepals.

Í fyrra svipti nepalskur fjallgöngumaður sig klæðum í nokkrar mínútur á tindi fjallsins og fullyrti hann að þetta væri heimsmet í nekt í mestri hæð. Tíu gráðu frost var á toppnum.

Fólk sem býr við rætur fjallsins tilbiður það líkt og guð og segir Ang Tshering, forseti samtakanna, að setja þurfi strangar reglur til að koma í veg fyrir óviðurkvæmilegar athafnir fjallgöngumanna. **- sdg**

Allsherjarþing SÞ:

Chavez ætlar ekki að mæta

VENESÚELA, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, ætlar ekki að mæta á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York í ár.

HUGO CHAVEZ

Hann segir annríkið heima fyrir of mikið.

Síðasta haust vakti hann heimsathygli fyrir harðorð ummæli sín um George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem hann kallaði djöfulinn sjálfan.

Chavez ræddi í síma við Mahmoud Ahmadinejad Íransforseta, sem hefur átt athygli umheimsins að þessu sinni. Þeir Chavez og Ahmadinejad eru nánir bandamenn og eiga það sameiginlegt að hafa mikla andúð á bandarískum stjórnvöldum. - gb

Ákærður fyrir líkamsárás:

Fékk heilahristing eftir högg

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa að kvöldi þriðjudagsins 30. janúar 2007, ráðist á mann á fertugsaldri á skemmtistaðnum Classic Rock í Ármúla 5 í Reykjavík.

Hinn ákærði sló manninn hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut heilahristing, blóðnasir, roða og þrota yfir vinstri kinn og niður á efri vör vinstra megin, sár innan á efri vör og tognun í hálsvöðvum. **- jss**

20% endurgreiðsla af öllum vörum

fyrir e-korthafa og e² Vildarkorthafa, 27. - 29. september

Monsoon Kringlunni

Accessorize Kringlunni

ALDO Kringlunni

KORT www.ekort.is

VILDARKORT www.e2.is

Fíton/SÍA F100231124



Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða 15,4%*

75 ára | spron VERÐBRÉF

Himinn og haf / SÍA - 9071096

FRAMTÍÐARORKAN OG FARARTÆKIN

H_2 CO_2 O_2

AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



HVAÐ TEKUR VIÐ? Eftir því sem olíuverð hækkar og styttist í endalok olíualdar herðir á kapphlaupinu um hvaða orkugjafar og -berar og tilheyrandi tækni taki við. Því þótt olíuna þrjóti mun mannkynið áfram vilja komast fyrir vélarafli milli staða, hagkvæmt, þægilega og sem mengunarminnst.
NORDICPHOTOS/AFP

Olían kvödd

Það styttist í endalok olíualdar, þess tímabils í sögu mannkynsins sem gerði því kleift að knýja iðnþróun og samgöngur á láði, legi og í lofti með ódýrri orku sem sótt var úr setlögum jarðar. Auðunn Arnórsson skoðar, í fyrstu grein greinaflokks, hvaða framtíð bíður samgangna þegar olían er kvödd og hvaða tækifæri bjóðast þar Íslendingum.

Nýting þessa ódýra eldsneytis, kola, olíu og jarðgass, hefur jafnframt valdið hlýnun loftslags á jörðinni þar sem hún veldur mikilli losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda, og vísindamenn og þjóðir heims eru nú sammála um að grípa verði til tafarlausra ráðstafana til að draga verulega úr losuninni ef ekki á að fara illa. Nú á dögum er um 30 prósentum meira af koltvísýringi í andrúmsloftinu en var áður en jarðefnaeldsneytisknúin iðnvæðingin hófst fyrir um 200 árum.

Losun koltvísýrings út í andrúmsloftið er langmest frá orkuverum, sem framleiða raforku með því að brenna kolum, olíu og jarðgasi. Næstmest er hún frá iðnaði. Þriðji mesti mengunarvaldurinn er vélknúin samgöngutæki heimsins.

Ef árangur á að nást verður að gera allt sem hægt er á öllum þessum sviðum, þ.e. gera orkuver, iðnað og samgöngur umhverfisvænni, og draga almennt úr orkunotkun. Þar sem útlit er fyrir að bílaeign mannkynsins muni meira en tvöfaldast á næstu 20-25 árum, úr um 925 milljónum nú í yfir tvo milljarða árið 2030, er ljóst að þjóðum heims mun lítið verða ágengt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ef allur þessi feiknalegi bílafloti verður knúinn bensín- og dísilvélum. Jafnvel þótt þær verði sparneytnari.

Tækifæri fyrir Ísland

Svo háttar reyndar til á Íslandi að orkuframleiðsla og iðnaður eru nánast óháð jarðefnaeldsneyti; raforkan kemur öll frá endurnýjanlegum orkugjöfum og hús eru hituð með jarðhita. Yfir 70 prósent heildarorkunotkunar Íslendinga eru þessi endurnýjanlega orka. Rúm 27 prósent heildarorkunotkunarinnar eru á kolum, olíu og jarðgasi. Jarðefnaeldsneytisnotkun Íslendinga takmarkast nánast eingöngu við samgöngutæki – bíla, skip og flugvélar. Þróun nýrra orkugjafa og -bera, sem komið geta í stað jarðefnaeldsneytis til að knýja farartæki, opna því möguleikann á því að Ísland verði fyrsta landið í heiminum sem sé nánast óháð jarðefnaeldsneyti.

Forsenda fyrir því að nálgast þetta metnaðarfulla markmið er að Íslendingar tileinki sér fljótt þær tækninýjungar sem miða að því að gera samgöngur óháðar olíunni. Það segir sig líka nánast sjálft að þar sem sú innlenda orka sem nægt framboð er af er raforka þá er vænlegast fyrir samgöngur á Íslandi að hægt verði að knýja þær að sem mestu leyti með rafmagni.

Forgangsröðun markmiða

Þorkell Helgason orkumálastjóri bendir á, að Íslendingar þurfa að hafa á hreinu hvaða markmið þeir setja í forgang í þessu efni. Að draga sem mest úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu er eitt markmið. Að gera Ísland óháð innflutningi á olíu og bensíni er annað. Og að nota eingöngu innlenda orkugjafa (sjálfsþurftar-orkubúskapur) gæti verið það þriðja. Þessi markmið fara að mörgu leyti saman, en þó ekki alveg.

Væri sem minnst koltvísýringslosun á heimsvísu aðalmarkmiðið væri skilvirkast að flytja út okkar endurnýjanlegu raforku beint, sem komið gæti í staðinn fyrir raforku framleidda í jarðefnaeldsneytisknúnu orkuveri erlendis. Önnur skilvirk leið að þessu markmiði er að sem mest raforkufrek stóriðja (áliðja) sé hérlendis sem þar með er ekki knúin raforku unninni úr jarðefnaeldsneyti einhvers staðar annars staðar. Rafbílavæðing landsins kæmi fyrst á eftir þessum kostum.

> Íslendingar þurfa að hafa á hreinu hvaða markmið þeir setja í forgang.
>
> **ÞORKELL HELGASON**
> ORKUMÁLASTJÓRI

Ef aðalmarkmiðið væri að losna við olíuna, þá væri fremst í forgangsröðinni að breyta sem stærstum hluta bílaflota landans í rafmagnsbíla og þá helzt með rafhlöðum frekar en knúnum efnarafal (með vetni). Þá væri framleiðsla innlends eldsneytis mikilvæg, en einnig innflutningur á öðru eldsneyti svo sem lífeldsneyti (etanól, lífrænt dísil).

Ef sjálfsþurftar-orkubúskapur væri aðalmarkmiðið væri rafbílavæðing skilvirkust, auk framleiðslu innlends eldsneytis, bæði lífræns og ekki lífræns.

Þrír meginvalkostir

Með síhækkandi olíuverði og fyrirséðum endalokum olíualdar auk kröfunnar um minni losun gróðurhúsalofttegunda leggjast aðstæður nú á eitt að þrýsta á bílaframleiðendur að koma fram með nýjar og umhverfisvænni tæknilausnir. Lausnir sem gera fólki áfram kleift að komast fyrir vélarafli milli staða á jafn hagkvæman og þægilegan hátt og það hefur vanizt að gera í bensínbílum, en án þess að valda mengun og gróðurhúsaáhrifum.

Þeim orkugjöfum og -berum sem til greina koma sem arftakar olíunnar til að knýja farartæki má skipta í höfuðdráttum í þrennt: Rafmagn, lífrænt eldsneyti og vetni (eða metanól). Tilraunir hafa verið gerðar með farartæki knúin öllum þessum nefndu orkugjöfum/-berum, en þau eru mjög mislangt á veg komin að verða samkeppnishæfir kostir á markaðnum. Enn lengra er í að samkeppnishæfir valkostir við jarðefnaeldsneyti komi fram sem knúið geta skip og flugvélar.

Lífeldsneyti

Einfaldasta og ódýrasta leiðin sem bílaframleiðendur geta farið til að bjóða upp á umhverfisvænni valkost við hefðbundna bensín- og dísilbíla er að breyta vélunum þannig að þær geti gengið fyrir lífrænu eldsneyti. Þótt koltvísýringur myndist líka við brennslu lífræns eldsneytis er því haldið fram að sú losun sé vart meiri en sem nemur því magni koltvísýrings sem plönturnar, sem eldsneytið er búið til úr, höfðu þegar síað úr loftinu.

Það lífræna eldsneyti sem mest hefur rutt sér til rúms er líf-etanól. Af öðru lífrænu eldsneyti má nefna metangas og lífræna dísilolíu, unna úr jurtaolíu.

Í stuttu máli má segja að lífrænt eldsneyti er það eldsneyti sem nú þegar er á markaði og getur knúið nánast óbreytta bensín- og dísilbíla og á þar með nú þegar þátt í að draga úr jarðolíunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda.

Rafmagn

Helzti gallinn við lífrænt eldsneyti er sá hve orkunýtnin í heildarferlinu er léleg - fyrst fer heilmikil orka í að framleiða eldsneytið og síðan nýtist ekki nema um fimmtungur þeirrar orku sem í eldsneytinu er til að knýja hefðbundinn sprengihreyfilsknúinn bíl áfram. Reyndar hefur orkunýtni eldsneytisnýtnustu bensín- og dísilvéla aldrei náðst upp fyrir þrjátíu prósent. Orkunýtni er það atriði sem mest mælir með því að raforka sé notuð sem mest í farartækjum – líka í löndum þar sem raforka er ekki framleidd með eins umhverfisvænum hætti og hér á landi – auk þess að valda engri loftmengun og vera mjög hljóðlát driftækni. Aðeins lítið hlutfall raforku fer til spillis þegar henni er breytt í hreyfiorku í rafmótor.

Það sem hingað til hefur aftrað því að rafbílar tækju við hinum hljóð- og loftmengandi sprengihreyfilsbílum er augljóslega að rafhlöðutæknin hefur enn sem komið er ekki náð nógu langt til að gera rafbíla samkeppnishæfa. Sú nýtanlega orka sem hægt var að geyma á nokkur hundruð kílóa þungu rafhlöðusetti samsvaraði orkuinnihaldi eins bensínbrúsa. En eins og sjá má af þróuninni sem orðið hefur í rafhlöðutækni fyrir farsíma og fartölvur er ljóst að miklar framfarir eiga eftir að nást í þróun rafhlaðna fyrir farartæki.

Vetni

Loks skal hér minnzt á vetnistæknina, sem mjög hefur verið einblínt á í umræðu um framtíðarorkugjafa/-bera í farartækjum hér á landi. Þróun hennar er enn tiltölulega skammt á veg komin, og sumir segja reyndar að hún eigi sér af eðlisfræðilegum ástæðum litla framtíð. Vetni er nefnilega ekki orkugjafi, heldur aðeins orkuberi. Það kostar mikla orku að kljúfa vatn í frumefnin vetni og súrefni. Til að geyma og flytja vetnið þarf síðan að þjappa því saman undir marghundruðföldum andrúmsloftsþrýstingi, sem gerir geymslu þess og flutning dýran. Bezta orkunýtnin úr vetninu næst síðan með því að brenna því í efnarafal, en við það ferli verður eina affallsefnið hreint vatn. En með hinni dýru og viðkvæmu efnarafalstækni er framleitt rafmagn sem knýr rafmótor sem knýr farartækið. Þannig er efnarafalsknúinn vetnisbíll í raun rafmagnsbíll. Vetni er líka hægt að nota sem eldsneyti í hefðbundinn sprengihreyfil, en þá er orkunýtnin mun lakari.

Önnur leið til að nýta vetni sem eldsneyti er að nota það og koltvísýring til að framleiða metanól (tréspíra). Það er fljótandi efni sem hægt er að flytja með alveg sama hætti og bensín og nota sem eldsneyti á sprengihreyfla. En mikil orka tapast í ferlinu, enn meiri en ef vetni er notað sem eldsneyti beint.

Nánar verður farið út í tæknilega möguleika til að knýja farartæki framtíðarinnar í næstu grein.

Á MORGUN:
Valkostirnir

BÍLVÆÐING HEIMSINS

Fjöldi bíla í umferð frá því árið 1960 og spá til 2030



Hámarksframleiðslu á olíu náð

Eftirspurn eftir olíu vex stöðugt en á sama tíma er útlit fyrir að hámarksframleiðslu á jarðefnaeldsneyti sé náð. Samkvæmt kenningunni nær framleiðslan hápunkti og minnkar síðan óhjákvæmilega. Þar með styttist í endalok olíualdar.



BÍLAEIGN ÍSLENDINGA

Um síðustu áramót voru alls 251.886 vélknúin ökutæki skráð á Íslandi. Bílar voru 227.320 talsins. Þar af eru fólksbílar 197.291. 85,2 prósent þeirra eru bensínknúin (177.156) en aðeins 14,8 prósent dísilknúin (29.100). Hlutfall dísilbíla er hærra ef mið er tekið af öllum bílaflotanum, eða 22 prósent. Tíu rafknúnir bílar eru á skrá.

Árið 1960 var heildarbílafjöldi á Íslandi 21.621 og þá töldust 86,6 fólksbílar vera á hverja 1.000 íbúa. Árið 1990 var bílaeignin komin í 134.181 og 468,6 fólksbílar töldust vera á 1.000 íbúa. Og í árslok 2006 var hún semsagt komin í 227.320 og yfir 630 fólksbíla á hverja 1.000 íbúa. Í vissum hverfum á höfuðborgarsvæðinu eru yfir 800 bílar á hverja 1.000 skráða íbúa.

Til samanburðar má geta þess að árið 2002 var 351 fólksbíll á hverja 1.000 íbúa í Danmörku og 541 á hverja 1.000 íbúa í Þýzkalandi.

Í mörgum Evrópulöndum er hlutfall dísilbíla, sem að jafnaði eru mun sparneytnari en bensínbílar, komið upp í um 50 prósent, það er meira en tvöfalt hærra hlutfall en hérlendis.

HELGAR BOMBA

fimmtudag, föstudag, laugardag & sunnudag

LÆGRA VERÐ!

35% afsláttur

af ÖLLUM blöndunartækjum*

Eldhústæki, handlaugartæki, sturtutæki, baðtæki, sturtusett.

www.byko.is
vefverslun

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

TAKMARK

Rýmingarsala á fartölvum • Sýningarvé

ALLT AÐ

100.00

LÆKKUN

FRÁ 1.162 KR Á MÁNUÐI

50.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 3023WLMi

1.8GHz AMD Sempron 3000+ örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 80GB ATA100 harður diskur, 15,4" skjár, ATI Radeon X700 128MB skjákort, þráðlaust netkort, 6 in 1 kortalesari, Windows XP Home -SP2

39.900

FRÁ 1.453 KR Á MÁNUÐI

70.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 3025WLMi

2.0GHz AMD Sempron 3300+ örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 80GB harður diskur, 15.4" skjár 128MB ATI Radeon X700 skjákort, þráðlaust netkort 6 in 1 kortalesari, Windows XP Home -SP2

49.900

FRÁ 1.453 KR Á MÁNUÐI

70.000 LÆKKUN 1 STK

ACER TRAVELMATE 3302WXMiB

1.73GHz Pentium Dothan 740 örgjörvi, 512MB DDR2 minni, 80GB harður diskur, 14.1" skjár 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, BlueTooth, aðeins 1.9kg, Windows XP PRO -SP2

49.900

FRÁ 1.453 KR Á MÁNUÐI

40.000 LÆKKUN 4 STK

ACER ASPIRE 5102WLMI

1.6GHz AMD64 Turion 64 X2 Dual Core TL50 örgjörvi 1GB Dual DDR2 minni, 80GB harður diskur, 15,4" skjár, 128MB ATI Radeon X1100 skjákort, þráðlaust netkort 5 in 1 kortalesari, Windows Vista Home Premium

49.900

FRÁ 1.745 KR Á MÁNUÐI

100.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 5671AWLMi

1.6GHz Intel Core Duo T2050 örgjörvi, 1GB Dual DDR2 minni, 120GB harður diskur, 15.4" skjár 128MB ATI Radeon X1600 skjákort, þráðlaust netkort, 1.3MP Orbicam myndavél, Windows XP Home -SP2

59.900

FRÁ 1.745 KR Á MÁNUÐI

70.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 5672WLMi

1.66GHz Intel Core Duo T2300 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 80GB harður diskur, 15.4" skjár 128MB ATI Radeon X1600 skjákort, þráðlaust netkort 1.3MP Orbicam myndavél, Windows XP Media -SE

59.900

FRÁ 1.745 KR Á MÁNUÐI

80.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 5672WLMi2

1.66GHz Intel Core Duo T2300 örgjörvi, 1GB Dual DDR2 minni, 100GB harður diskur, 15.4" skjár 128MB ATI Radeon X1400 skjákort, þráðlaust netkort 1.3MP Orbicam myndavél, Windows XP Home -SP2

59.900

FRÁ 2.036 KR Á MÁNUÐI

100.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 5672WLMib

1.66GHz Intel Core Duo T2300 örgjörvi, 2GB Dual DDR2 minni, 120GB harður diskur, 15.4" skjár 128MB ATI Radeon X1600 skjákort, þráðlaust netkort 1.3MP Orbicam myndavél, Windows XP Media Center-SE

69.900

FRÁ 2.618 KR Á MÁNUÐI

40.000 LÆKKUN 2 STK

ACER ASPIRE 5684WLMib

1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi, 2GB Dual DDR2 minni, 160GB harður diskur, 15.4" skjár, 256MB DDR Geforce Go7600 skjákort, þráðlaust netkort 1.3MP myndavél, Windows Vista Home Premium

89.900

FRÁ 1.453 KR Á MÁNUÐI

50.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 7003WSMi

1.8GHz AMD Sempron 3400 örgjörvi, 1GB Dual DDR2 minni, 80GB harður diskur, 17" skjár 128MB DDR GeForce Go6100 skjákort, þráðlaust netkort 1.3MP myndavél, Windows Vista Home Premium

49.900

ALLTAF BETRA VERÐ

KAÐ MAGN

élar og lítið útlitsgallaðar • Einstakt verð

00 KR

FRÁ 3.638 KR Á MÁNUÐI

45.000 LÆKKUN 4 STK

ASUS F3SV-AK039E

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 15.4" skjár 256MB DDR Geforce Go8600 skjákort, þráðlaust netkort, 1.3MP myndavél, Windows Vista Business

124.900

FRÁ 1.745 KR Á MÁNUÐI

10.000 LÆKKUN 4 STK

ASUS X51R-AP009A

1.6Ghz Intel Celeron M 520 Centrino örgjörvi 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 15.4" skjár 128MB ATI Radeon X1100 skjákort, þráðlaust netkort 5 in 1 kortalesari, Windows Vista Home Basic

59.900

FRÁ 4.220 KR Á MÁNUÐI

25.000 LÆKKUN 4 STK

SONY VAIO AR41L

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 17" skjár 128MB DDR Geforce 8400, þráðlaust netkort 1.3MP myndavél, Windows Vista Home Premium

144.900

FRÁ 3.929 KR Á MÁNUÐI

25.000 LÆKKUN 4 STK

ASUS A8JS-4S041G

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7200 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 14,1" skjár 512MB GDDR3 Geforce Go7700 skjákort, þráðlaust netkort, 0.3MP myndavél, Windows Vista Ultimate

134.900

FRÁ 3.201 KR Á MÁNUÐI

20.000 LÆKKUN 4 STK

LENOVO 3000 V200

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 12,1" skjár Intel GMA X3100 skjákort, þráðlaust netkort 1.3MP myndavél, Windows Vista Home Premium

109.900

FRÁ 2.036 KR Á MÁNUÐI

60.000 LÆKKUN 3 STK

FUJITSU-SIEMENS AMILO PI-155

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 15.4" skjár, 256MB GDDR2 nVidia Geforce Go7600, þráðlaust netkort 4 in 1 kortalesari, TV-út, Windows XP MCE

69.900

FRÁ 1.745 KR Á MÁNUÐI

60.000 LÆKKUN 1 STK

ACER ASPIRE 9411AWSMi

1.6Ghz Intel Core Duo T2050 örgjörvi , 1GB Dual DDR2 minni, 120GB harður diskur, 17" skjár 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, þráðlaust netkort, 1.3MP myndavél, Windows XP Home -SP2

59.900

FRÁ 2.036 KR Á MÁNUÐI

70.000 LÆKKUN 1 STK

Acer Aspire 9412AWSMi-b

1.66Ghz Intel Core Duo T2300 örgjörvi, 2GB Dual DDR2 minni, 120GB harður diskur, 17" skjár, 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, þráðlaust netkort, 1.3MP myndavél, Windows XP MCE -SP2

69.900

FRÁ 2.618 KR Á MÁNUÐI

40.000 LÆKKUN 4 STK

ACER ASPIRE 9423WSMib

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 2GB Dual DDR2 minni, 160GB harður diskur, 17" skjár 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, þráðlaust netkort kortalesari, 1.3MP myndavél, Windows Vista Ultimate

89.900

FRÁ 4.948 KR Á MÁNUÐI

20.000 LÆKKUN 4 STK

ACER ASPIRE 9813WKMi

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 20.1" skjár, 256MB DDR Geforce Go7600 skjákort, þráðlaust netkort, korta-lesari, 1.3MP myndavél, Windows Vista Home Premium

169.900

Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar og innsláttarvillur • Sýningavélar og lítið útlitsgallaðar vélar • Rýmingarsalan er aðeins í verslunum okkar í Reykjavík og Kópavogi

*Upphæðin á TL láni er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 14 ÁR

REYKJAVÍK	AKUREYRI	KEFLAVÍK	EGILSSTÖÐUM	KÓPAVOGI
Nóatúni 17	Glerárgötu 36	Hafnargötu 90	Miðvangi 2-4	Hlíðasmára 10
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 414 1740	Sími 414 1735	Sími 414 1760

Svona erum við

> Fjöldi ófrjósemisaðgerða sem gerðar eru á körlum.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: BÓKMENNTAVERÐLAUN

Mörg verðlaun í ýmsum flokkum

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur voru stofnuð fyrir rúmri viku af Velferðarsjóði barna. Til stendur að veita viðurkenningu árlega til höfundar sem þykir hafa skarað fram úr í barnabókmenntum.

Eru önnur barnabókaverðlaun veitt?
Já. Íslensku barnabókaverðlaunin voru til dæmis veitt fyrir rúmri vikur. Ármann Kr. Einarsson rithöfundur og fjölskylda hans stofnuðu verðlaunasjóð íslenskra barnabóka árið 1985 í samvinnu við bókaútgáfuna Vöku – Helgafell. Íslensku barnabókaverðlaunin eru veitt árlega fyrir nýja og áður óbirta skáldsögu fyrir börn og unglinga. Á sumardaginn fyrsta velja líka Almenningsbókasöfn landsins Bókaverðlaun Barnanna.

Hvað um önnur bókmenntaverðlaun?
Íslensku bókmenntaverðlaunin hafa verið veitt árlega síðan 1989. Verðlaun eru veitt í flokki fagurbókmennta og fræðibóka. Viðurkenning Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, var veitt í fyrsta skipti í fyrra og í annað sinn á þessu ári. Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana eru veitt eru í desember á hverju ári af Félagi starfsfólks bókaverslana. Félagsmenn tilnefna þrjár bækur í sjö flokkum sem þykja skara fram úr.



En ljóð og þýðingar?
Reykjavíkurborg veitir ár hvert Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir óprentað handrit að ljóðabók. Þar til í fyrra voru verðlaunin veitt annað hvert ár. Ljóðstafur Jóns úr Vör eru árleg ljóðlistarverðlaun sem hófu göngu sína árið 2001. Íslensku þýðingarverðlaunin hafa verið afhent á degi bókarinnar, 23. apríl, frá 2005. Verðlaunin eru veitt af Bandalagi þýðenda og túlka með stuðningi Rithöfundasambands Íslands og Félags íslenskra bókaútgefenda.

SPURT & SVARAÐ
EINELTI Í FRAMHALDSSKÓLUM

Dæmin alveg jafn alvarleg

BRYNDÍS JÓNA JÓNSDÓTTIR
Námsráðgjafi

Einelti er vandamál í framhaldsskólum. Vandamálið virðist dulið en er algengt samkvæmt Arnheiði Gígju Guðmundsdóttur, náms- og starfsráðgjafa. Bryndís Jóna Jónsdóttir er námsráðgjafi í Flensborg.

Hvers vegna er einelti í framhaldsskólum ekki rætt opinskátt?
Það er eflaust rétt að það dregur úr einelti þegar komið er í framhaldsskóla og með auknum félagsþroska unglinganna. Dæmin um einelti eru þó alveg jafn alvarleg þegar þau koma upp. Þetta er falið í bloggheiminum og með SMS-skilaboðum. Fullorðnir eru í meiri fjarlægð en í grunnskólunum og þar með er eftirlitið ekki eins mikið.

Kemur það ykkur á óvart hversu algengt eineltið er í framhaldsskólum?
Já og nei. Við vissum í gegnum þetta starf að þetta var til staðar en með rannsókn Arnheiðar Gígju fengum við staðfestingu á alvarleika þess. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ræða þessi mál svo það sé ekki upplifun einstaklings sem lendir í einelti að hann sé einstakt tilfelli. Það lenda fleiri í þessu.

Ríkir hagsmunir á Hatton Rockall

Stærð svæðanna sem íslensk stjórnvöld gera landgrunnskröfur til utan 200 sjómílna er á við tífalda stærð Íslands. Nú standa yfir viðræður í Reykjavík um eina umdeilda svæðið, Hatton Rockall-svæðið, og ljóst er að talsvert greinir á milli krafna ríkjanna.

Fjögur ríki deila um hafsbotninn suður af Íslandi á svokölluðu Hatton Rockall-svæði; Ísland, Bretland, Írland og Danmörk, fyrir hönd Færeyja. Fulltrúar Íslands sitja nú viðræðufund um landgrunnsréttindi ríkjanna fjögurra á svæðinu. Landgrunnsréttindi felast í yfirráðum yfir auðlindum á og undir hafsbotninum, en ekki í hafinu sjálfu.

Haft var eftir utanríkisráðherra í Fréttablaðinu á mánudag að mikilvægt væri að ná samkomulagi um skiptingu svæðisins, því annars sitji auðlindir ónýttar og umfangsmikil gagnaöflun væri unnin fyrir gýg. Lýsir það afstöðu íslenskra stjórnvalda í viðræðunum, sem lagt hafa áherslu á að ríkin komist að samkomulagi um skiptingu svæðisins. Kröfur ríkjanna skarast þó verulega.

Samkomulag talið mikilvægt
Formaður samninganefndar Íslands í viðræðunum um Hatton Rockall er Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins. Að hans sögn er nú unnið að greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna sem nær til til landgrunnskrafna Íslands á Reykjaneshrygg og í Síldarsmugunni. Tómas segir íslensk stjórnvöld fyrst vilja ná samkomulagi við aðila Hatton Rockall-málsins um skiptingu þess svæðis og í framhaldi af því skila sameiginlegri greinargerð um ytri mörk svæðisins til landgrunnsnefndarinnar.

Frestur Íslands til þess að skila greinargerð til landgrunnsnefndarinnar rennur út í maí árið 2009, en gildir ekki um umdeild svæði á borð við Hatton Rockall-svæðið. Landgrunnsnefndin er ekki bær til að fjalla um umdeild svæði nema allir deiluaðilar fallist á það. Skýrir það áherslu íslenskra stjórnvalda á að samkomulag náist sem fyrst.

Frestur Íslands að renna út
Deilan um svæðið hefur staðið yfir frá því árið 1985, eða rétt áður en Íslendingar ákváðu að staðfesta hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og freista þess að ná yfirráðum yfir víðáttumeira hafsbotnssvæði.

Fjórhliða viðræður við deiluaðila um Hatton Rockall-svæðið, hófust árið 2001. Að frumkvæði íslenskra stjórnvalda fóru fram óformlegar viðræður í Reykjavík það ár og hefur þeim verið haldið áfram með reglubundnum hætti síðan. Þagnargildi hefur legið yfir viðræðunum, þar sem ekki þótti ljóst hvenær eða hvort niðurstaða fengist í málið, en utanríkisráðherra segist nú vilja opna fyrir umræður um landgrunnskröfur Íslands á Hatton Rockall-svæðinu.

Miklir hagsmunir í húfi
Ísland á efnahagslögsögu að 200 sjómílum, en getur gert tilkall til víðáttumeira landgrunns ef náttúrulegar aðstæður leyfa. Skila þarf inn greinargerð til landgrunnsnefndarinnar sem leggur tæknilegt mat á hana.

Landgrunnsnefndin gerir aðeins tillögu að ytri mörkum landgrunnsins, en Ísland getur ákvarðað landgrunnsmörkin á endanlegan og bindandi hátt á grundvelli tillagna nefndarinnar.



Landgrunnskröfur

Ísland gerir tilkall til þriggja hafsbotnssvæða, Reykjaneshryggjar, Síldarsmugunnar og Hatton Rockall-svæðisins.

Kostnaðarsömum mælingum á þeim svæðum sem Ísland gerir tilkall til er lokið.

Unnið er að greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um ytri mörk landgrunns Íslands í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir og aðra aðila.

Frestur Íslands til þess að skila inn greinargerð rennur út í maí árið 2009. Ekki er fjallað um umdeild svæði án samþykkis allra deiluaðila.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að samkomulag náist milli deiluaðila um Hatton Rockall-svæðið.

Í viðræðuferlinu hefur verið talað um samnýtanleg svæði sem lausn í deilunni.

Talið er að olíu gæti verið að finna á Hatton Rockall, en slíkt er ekki upp á teningnum á Reykjaneshryggnum eða Síldarsmugunni.

Hagsmunir Íslands eru fólgnir í ýmsum auðlindum sem er að finna á og undir hafsbotninum, svo sem olíu og gasi, en taldar eru nokkrar líkur á að olíu og gas sé að finna á Hatton Rockall-svæðinu. Aðrar algengar auðlindir á landgrunni eru málmar og botnsetutegundir líkt og ostrur og skelfiskur. Í vaxandi mæli beinist athygli manna að öðrum auðlindum, til dæmis erfðaauðlindum, og með tækniframförum eykst bæði vitneskja um slíkar auðlindir og möguleikar á nýtingu þeirra.

Tilkall til þriggja svæða
Hatton Rockall er ekki eina hafsbotnssvæðið sem Íslendingar gera kröfu til. Önnur svæði eru Reykjaneshryggur, sem Ísland gerir eitt tilkall til, og suðurhluti Síldarsmugunnar. Samtals eru landgrunnssvæðin utan 200 sjómílna sem Ísland gerir tilkall til milljón ferkílómetrar á stærð, sem er rúmlega tífalt landsvæði Íslands.

Samningaviðræður stóðu yfir í nokkra mánuði um Síldarsmuguna og tókust samningar við Norðmenn og Dani, fyrir hönd Færeyinga, í september á síðasta ári.

Samningurinn felur í sér viðurkenningu á landgrunnsréttindum Íslands yfir 29.000 ferkílómetra svæði í framhaldi af efnahagslögsögunni norðaustur af landinu. Ríkin munu leggja fram hvert sína greinargerð til landgrunnsnefndarinnar og þegar tillögur hennar berast munu þau ganga frá þremur tvíhliðasamningum um endanlega afmörkun landgrunnsins.

Niðurstaða samningsins þótti hagstæð fyrir Ísland að mati stjórnvalda, þar sem hún þótti auka trúverðugleika Íslands í deilunni um landgrunnsréttindi og hafa mikilvægt fordæmisgildi fyrir Hatton Rockall-málið.

OLÍA
Vonir eru bundnar við að olía og gas finnist á Hatton Rockall-svæðinu, sem nú er fundað um í Reykjavík.

FRÉTTASKÝRING
EVA BJARNADÓTTIR
eva@frettabladid.is

Hitavörður

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins. Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður. Hefur um árabil átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR

FIMMTUDAGSTILBOÐ

BÓNUS

FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR

TILBÚINN BEINT Í OFNINN

398 KR KG

5000 STK Í BOÐI Í DAG.

BÓNUS

LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD.-FIMMTUD. 12.00 - 18.30 HEIMASÍÐA BÓNUS ER: **BONUS.IS** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

ACER

Á ENN BETRA VERÐI

TAKMARKAÐ MAGN

5310

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

Áreiðanleg og örugg TravelMate fartölva úr nýju línu Acer með Dasp harðdiskvörn, kortalesarsara, ofl. ofl. á ótrúlegu verði meðan birgðir endast.

- Intel Celeron M520 1.6GHz 1MB
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA HighBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 HD skjákort
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Microsoft Windows XP PRO

69.900

VE24 **3.823** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði

TAKMARKAÐ MAGN

5520

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

Áreiðanleg og örugg TravelMate fartölva úr nýju línu Acer með Dasp harðdiskvörn, kortalesarsara, ofl. ofl. á ótrúlegu verði meðan birgðir endast.

- AMD Dual Core X2 TK53 1.7GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA HighBrite skjár
- 256MB Radeon X1250 HM896
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Microsoft VISTA Home Premium

79.900

VE24 **4.330** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði

TAKMARKAÐ MAGN

5102

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

Frábær fartölva með öflugum tveggja kjarna örgjörva, stórum harðdisk og öflugri skjástýringu, nú á ótrúlegu verði meðan birgðir endast. Mjög takmarkað magn.

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 2GB DDR2 533MHz minni
- 160GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon X1300 HM896
- 0.3MP Orbicam Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

89.900

VE24 **4.845** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði

TAKMARKAÐ MAGN

5720G^{A}

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

Mögnuð fartölva með Intel Santa Rosa, 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og Dolby Home Theatre hljóðkerfi á ótrúlegu verði meðan birgðir endast.

- Intel Core 2 Duo T5250 1.5GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 128MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

99.900

VE48 **3.196** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

TAKMARKAÐ MAGN

5720G^{B}

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

Mögnuð fartölva með Intel Santa Rosa, 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og Dolby Home Theatre hljóðkerfi á ótrúlegu verði meðan birgðir endast.

- Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

109.900

VE48 **3.490** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

TAKMARKAÐ MAGN

5920G

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

Mögnuð fartölva með Intel Santa Rosa, 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, HDMI og 2.1 Dolby hljóðkerfi á ótrúlegu verði meðan birgðir endast.

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8600GT skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

119.900

VE48 **3.785** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ
TAKMARKAÐ MAGN
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁN

3 DAGA TILBOÐ
MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM
OFFICE 2007
5.000
Microsoft Office 2007 fyrir 3 tölvur

3 DAGA TILBOÐ
MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM
FARTÖLVU TASKA
1.000
Samsonite New Jack fartölvubakpoki

3 DAGA TILBOÐ
MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM
LEIKJA MÚS
1.000
Mögnuð fartölvuleikjamús frá OCZ

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu • Birt með fyrirvara um breytingar og villur

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

Útgjöldin

> Verð á klippingu fyrir konur. Meðalverð á landinu öllu.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: KATRÍN RUT BESSADÓTTIR SJÓNVARPSKONA

Veiktist eftir að fá sér naflalokk

„Bestu kaupin eru ábyggilega bláu, ljótu skórnir sem ég keypti á Flóamarkaði í Danmörku þegar ég var sautján ára," segir Katrín Rut Bessadóttir, sjónvarpskona í Íslandi í dag.

Katrín segist ekki skilja hvers vegna hún keypti þessa skó yfirhöfuð. „Þeir eru nefnilega ljótir og hafa aldrei verið í tísku. Einhverra hluta vegna þá enda ég nú samt ótrúlega oft í þeim. Þeir haldast líka alltaf saman þótt ég hafi átt þá í mörg ár og keypt þá fyrir fimmhundruð krónur. Þeir hljóta því að vera góð kaup.

Verstu kaup sem ég hef gert er líklega þegar ég fékk mér lokk í naflann.

Við skulum samt alveg láta liggja milli hluta að nefna hvað ég var gömul þegar ég tók ákvörðun um að fá mér lokkinn.

Þessi ákvörðun endaði náttúrlega með því að ég fékk sýkingu og varð veik. Þó að ég hafi tekið hann úr mér er ég með ör á eftir og það er ekkert sérstaklega skemmtilegt þegar maður er óléttur. Þetta uppátæki, sem ég hélt að yrði svo bráðskemmtilegt, voru því líkast til allra verstu kaup ævi minnar," segir Katrín.

GÓÐ HÚSRÁÐ
HEIM Í GOTT LOFT

■ *Ilmur Dögg Gísladóttir, sem sér um prjónakaffihús í Norræna húsinu þessa dagana, opnar glugga áður en hún heldur að heiman.*

„Ég er nú ekkert ægilega húsleg en ég opna glugga áður en ég fer út og loka þeim þegar ég kem heim. Það er svo ég þurfi ekki að sitja í kuldanum þegar ég kem heim. Það er svo gott að koma inn í svalandi loft þegar manni er heitt eftir göngu eða hjólatúr," segir Ilmur Dögg en hún reynir að ganga og hjóla leiða sinna þegar hún getur.

Ilmur segist ekki vera hrædd við þjófa. „Ég bý á þriðju hæð svo það er ekki vandamál, en ef til vill er þetta ekki ráðlegt ef maður býr á jarðhæð."

Fyrir heilsuna

vilborga@centrum.is

magimix
Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Verð frá kr.: 23.500

GJAFABRÉF

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - **www.eirvik.is**

Aðrir söluaðilar: **Kokka**, Laugavegi, **Egg, Smáratorgi** **Villeroy & Boch**, Kringlunni, **Líf og list**, Smáralind **Maður lifandi**, Borgartúni og Hæðarsmára

■ Heilsa

Fjöldi fólks forðast mat án ástæðu

Fjöldi barna og unglinga forðast vissar matartegundir af ótta við að þau séu með fæðuofnæmi. Nýjar rannsóknir frá Háskólanum í Portsmouth á Englandi benda til þess að meirihluti ungmenna sem telja sig með ofnæmi sýni engin ofnæmisviðbrögð við prófun.

Rannsóknarteymið komst að því að sextán prósent ellefu ára barna og nítján prósent fimmtán ára unglinga töldu sig vera með fæðuofnæmi. Um tólf prósent þeirra allra sögðust vera með ofnæmi fyrir fleiri en einni fæðutegund.

Aðeins rúm tvö prósent úrtaksins sýndu þó ofnæmisviðbrögð við prófun. Forsvarsmenn rannsóknarinnar segir þetta slæma þróun og til þess fallna að draga úr trúverðugleika þeirra sem stafar raunveruleg hætta af vissum fæðutegundum.

■ Neytendur

Hvernig á að kvarta?

Leiðbeiningar um hvernig á að kvarta yfir gölluðum vörum er að finna á vefsíðu BBC á slóðinni: www.bbc.co.uk/consumer/how_to_complain/

Á síðunni eru upplýsingar um hvernig best sé að orða kvörtunarbréf og þá eru tekin dæmi um misgáfuleg kvörtunarbréf.

■ Heilsa

Nikótínlyf í verslanir

Á heimasíðu Neytendasamtakanna kemur fram að þau hafi hvatt til þess að heimilt verði að selja nikótínlyf í verslunum. Nikótínlyf eru algengari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og samtökin telja að samkeppni með þessar vörur leiði til verðlækkunar.

Fjarðarkaup og Olís með ódýrasta sælgætisbarinn

Á laugardögum er vinsælt að heimsækja sælgætisbar og velja bland í poka eftir eigin höfði. Flestar verslanir sem hafa sælgætisbar bjóða afslátt á laugardögum, enda eru þeir oftast nammidagar hjá yngri kynslóðinni. Fréttablaðið kannaði hvað kílóið af sælgæti kostar í nokkrum sælgætisbörum landsins.



SÆLGÆTI Á sælgætisbar er fólki boðið að blanda sjálft í pokann sinn, og greiða eftir vigt. Verðmunurinn á kílóinu getur verið töluverður eftir því hvar er verslað.

Laugardagssælgætið er ódýrast á sælgætisbörunum í Fjarðarkaupum og á bensínstöðvum Olís af þeim stöðum sem Fréttablaðið kannaði. Á báðum stöðum kostar kílóið 580 kr. Dýrast er sælgætið í verslunum Select á höfuðborgarsvæðinu, 812 krónur á kílóið, samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins hjá tíu verslunum og verslunarkeðjum. Munurinn á hæsta og lægsta verðinu nemur fjörutíu prósentum.

Aðra daga vikunnar er sælgætið hins vegar ódýrast hjá Bónus, sem gerir ekki greinarmun á dögum þegar kemur að sælgætisverði. Þar kostar kílóið af sælgæti 769 krónur alla daga vikunnar. Aftur er sælgætið dýrast í verslunum Select á höfuðborgarsvæðinu. Þar kostar kílóið 1.624 krónur alla daga nema laugardaga. Hér nemur munurinn á hæsta og lægsta verði 111 prósentum.

Verðið var kannað hjá Olís, Fjarðarkaupum, Hagkaupum, Nóatúni, Bónusvídeó, 11-11, 10-11, N1, Bónus og í verslunum Select. Meðalverð fyrir kílóið af sælgæti á laugardögum var 693 krónur, en 1.317 krónur aðra daga vikunnar. Allar verslanir fyrir utan Bónus seldu sælgætið með helmingsafslætti á laugardögum.

salvar@frettabladid.is

KÍLÓVERÐ Í SÆLGÆTISBAR



Neytendasamtökin segja asó-litarefni hættuleg:

Krefjast að asó-litarefni verði aftur bönnuð

Íslensku neytendasamtökin hvetja íslenska neytendur til að sniðganga vörur sem innihalda asó-litarefni. Formaður samtakanna krefst þess að notkun efnanna verði bönnuð.

Asó-litarefni voru bönnuð hér á landi til ársins 1997, en grunur hefur leikið á að samband sé á milli neyslu þeirra og ofvirkni, reiðikasta og annarra hegðunarvandamála barna.

Rannsókn á vegum Háskólans í Southampton í Bretlandi, sem gerð var fyrir sjö árum, sýndi fram á tengsl asó-litarefna og hegðunarvanda hjá börnum. Sérstök nefnd á vegum Bresku matvælastofnunarinnar var látin rýna í niðurstöður rannsóknarinnar, og skilaði hún nýlega niðurstöðum sínum. Þær eru á sömu lund og fyrri rannsóknin.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir óþolandi að framleiðendur þurfi ekki að sanna skaðleysi efna heldur þurfi aðrir sífellt að sanna skaðsemi. „Við ætlumst til að stjórnvöld banni notkun efna sem gera vöru varasama fyrir stóran hóp barna. Þessi litarefni eru ekki síst notuð í litríkt sælgæti, þar sem oft er engar merkingar að finna."

Dönsku neytendasamtökin hvetja neytendur þar í landi til að láta samtökin vita finni þeir matvæli sem innihalda efnin E102, E104, E110, E122, E124 eða E129. Í kjölfarið er nafn vörunnar sett á lista sem finna má á heimasíðu samtakanna.

Jóhannes segir ekkert ákveðið með hvort komið verði upp svipuðum lista hérlendis, það sé talsvert mikið mál. „Á heimasíðunni okkar, ns.is, vísum við í þennan lista dönsku neytendasamtakanna, en að koma upp okkar eigin lista kallar á heljarinnar vinnu." **- sþs**

BACARDI BREEZER Ein varanna sem er á lista dönsku neytendasamtakanna yfir vörur sem innihalda eitthvert asó-litarefnanna er Bacardi Breezer áfengisgosdrykkur með limebragði. Hann inniheldur E102-litarefnið.

KLEINUHRINGIR
– litlir, sætir og svakalega ljúffengir

ÖMMUBAKSTUR
www.ommubakstur.is

Söguleg söngskemmtun í Súlnasal

Upplifðu ógleymanlegt kvöld í Súlnasal Hótel Sögu með aðal skemmtikröftum landsins. Fullkomin blanda af söng, gleði og gríni með Hemma Gunn, Ragga Bjarna, Guðrúnu Gunnars, Bjarna Ara og Hara systrum. Undir fjörinu gæðir þú þér á girnilegri 3ja rétta máltíð framreiddri af matreiðslumeisturum hótelsins og að lokinni skemmtidagskrá gerir stuðbandið Saga Class allt brjálað á dansgólfinu. Ógleymanlegt kvöld í Súlnasal Hótel Sögu.

Pantaðu borð núna í síma 525 9900. Verð á mann 8.900 kr. Innifalið er 3ja rétta máltíð, skemmtidagskrá og dansleikur.

Sýningar: 28. sept. (uppselt), 29. sept., 05., 12. og 13. okt.

PIPAR • SÍA • 71872

Radisson SAS Saga Hotel
Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

Kjarni málsins

> Fjöldi framhaldsskólanema sem læra spænsku.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

menntun
nám, fróðleikur og vísindi

NEMANDINN: ARNAR GÍSLASON KYNJAFRÆÐINGUR

Fóstureyðing lætur karl ekki ósnortinn

Arnar útskrifaðist með MA-gráðu frá Sussex-háskóla í Brighton í byrjun árs 2006. Hann er nú staddur á Íslandi að kynna niðurstöður meistararitgerðar sinnar um karla og fóstureyðingar: „Það áhugaverðasta við niðurstöður rannsóknarinnar er að fóstureyðingar hafa greinileg áhrif á karla og margir þeirra ganga í gegnum erfitt tímabil. Það sem kom mér á óvart var að samtals þriðjungur karla telur ýmist að þeir eigi að hafa rétt til þess að krefjast fóstureyðingar eða að geta neitað henni. Það eru auðvitað mikil völd yfir einni manneskju. Hvort tveggja er mikið ferli, bæði fóstureyðing og að eignast barn. En það var bara minnihluti sem hafði þessa skoðun og mun meiri stuðningur var við hina valkostina sem ég lagði fram, eins og til dæmis viðtöl fyrir og eftir aðgerðina, skriflegar upplýsingar sérstaklega fyrir karla og umræðuhópa með körlum í sömu aðstöðu. Það eru leiðir sem taka ekki vald frá konunni en gefa karlinum stuðning og hjálpar honum að ganga í gegnum ferlið. Karlar geta ekki alltaf leitað eitthvað annað og fókusinn er á konunum. Það er ekki furðulegt að karlar séu til hliðar, en ég er að velta fyrir mér möguleikum til að gera þá sáttari og auðvelda þeim við að styðja við bakið á konum."

Arnar segir erfitt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar.

„Það er erfitt að segja hvort niðurstöðurnar eigi við Ísland og varasamt að alhæfa um þær yfir höfuð. Þátttakendurnir voru 99 talsins, flestir breskir, og ég notaðist við hentugleikaúrtak. En niðurstöðurnar gefa ákveðna hugmynd um hvers konar upplifun fóstureyðing er fyrir karlmenn. Það hefur afar lítið verið rannsakað. Yfirgripsmesta rannsóknin um karla og fóstureyðingar er rúmlega tuttugu ára gömul. Ég vildi því kanna hvort það væri eitthvað þarna þess vert að athuga nánar. Hvort algengt sé að karlar vilji hafa rétt til þess að ákvarða hvort fóstureyðing fer fram eða ekki. Það fer þó ekki milli mála að fóstureyðing lætur fáa karla ósnortna."

Arnar heldur erindi á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum í dag klukkan 12.00 í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar.

■ Styrkur

Styrkveiting Rannsóknasjóðs Háskólans

Umsóknarfrestur vegna styrkja úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands rennur út hinn 10. október. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands og geta fastir kennarar og sérfræðingar við Háskólann sótt um fé úr sjóðnum til greiðslu kostnaðar við rannsóknir. Við mat á verkefnum er fyrst og fremst farið eftir vísindagildi þeirra og rannsóknavirkni umsækjenda. Umsóknir má finna á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins.

■ Ráðstefna

Samskipti fjarnema

Föstudaginn 28. september hefst ráðstefna við Háskóla Íslands um verkefni sem ber yfirskriftina COSELLO - Conference on Open Source in Education and Language Learning Online. Markmið COSELLO-verkefnisins er að koma til móts við þarfir fjarnema í tungumálanámi fyrir samskipti sín á milli en vitað er að það kemur fjarnemum til góða að hitta félaga sína öðru hverju til að ræða sameiginleg vandamál og vinna saman að lausn verkefna. Ráðstefnan verður haldin í Norræna húsinu og Lögbergi. Hún er öllum opin og aðgangur ókeypis. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig á heimasíðu verkefnisins conferences.odg.cc/cosello/.

■ Fyrirlestur

Kynfræðsla mæðra

Dr. Yvonne Fulbright kynfræðingur fjallar um viðtöl sem hún tók við íslenskar konur á aldrinum 20-24 ára um upplifun þeirra af kynfræðslu mæðra þeirra í fyrirlestri á vegum hjúkrunarfræðideildar Háskóla íslands, Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir og Kynfræðifélags Íslands í dag. Dr. Fulbright lauk nýlega doktorsprófi við New York University. Fyrirlesturinn verður haldinn klukkan 15 í stofu 103 í Eirbergi við Eiríksgötu 34 og er opinn öllum.

Lesblinda og nýstárleg kennsla með hugarkortum

Ein fyrsta lýsingin á lesblindu birtist árið 1895 í British Medical Journal en í henni var frásögn læknis af vel greindum dreng sem átti í erfiðleikum með lestur þótt hann væri orðinn fjórtán ára gamall. Margt hefur breyst til batnaðar frá þeim tíma.

Ráðstefna um dyslexiu, eða lesblindu, verður haldin í Fjölbrautaskóla Suðurnesja 5. og 6. október. Er hún hugsuð fyrir kennara og í efri bekkjum grunnskóla og aðra sem málið varðar.

Markmiðið er að auka skilning á dyslexiu eða leshömlun og styrkja kennara í kennslu nemenda með dyslexiu og mun Gavin Reid, einn helsti sérfræðingur Evrópu um lesblindu, halda þar fyrirlestur. Auk hans verður fjöldi innlendra fræðimanna með ýmis stutt námskeið í boði. Þeirra á meðal er Hróbjartur Árnason, lektor við Kennaraháskóla Íslands, en hann kynnir þar notkun svokallaðra hugarkorta.

HUGARKORT Aðeins lykilorð eru sett inn á hugarkortið, annað er tjáð með myndum og litum. Aðferðin þykir nýtast mun betur en hefðbundin glósutækni.

MYND/LESBLINDUSETRID.IS

„Hugarkort eru leið til þess að setja það sem manni er í huga niður á blað á myndrænan hátt," útskýrir Hróbjartur. Aðferðina segir hann mun árangursríkari við nám og kennslu en hefðbundin framsetning. Ástæðan sé sú að aðferðin sem fólk notar við gerð hugarkorta líkist starfsemi hugans mun meira en aðrar þekktar leiðir.

„Við vitum það að hugurinn man myndir mun betur en svart-hvítar línur á blaði, eins og hefðbundnar glósur líta út," segir Hróbjartur. Hann segir rannsóknir á námsaðferðum hafa leitt í ljós að þeir nemendur sem setja námsefnið myndrænt fram, eins og til dæmis er gert með hugarkortum, muni það betur en þeir sem nota hefðbundnar glósuaðferðir. „Það eina sem þarf til að gera einfalt kort er blað og blýantur. Með því geta nemendur sett flókin hugtök og atburðarás niður og haldið athyglinni við efnið betur," segir hann.

Hugarkortin eiga að virka vel fyrir alla nemendur en sérstaklega eru þau gagnleg fyrir þá sem eru lesblindir eða eiga við aðra námsörðugleika að stríða.

Þeir sem vilja kynna sér fleira sem boðið verður upp á á ráðstefnunni er bent á upplýsingar sem finna má á heimasíðu Fjölbrautaskóla Suðurnesja, slóðin er fss.is.

karen@frettabladid.is

Lingapone námskeið

Óska að kaupa enskt lingapone námskeið en á því námskeiði er íslensk þýðing á enska orðinu á sömu opnu og orðið kemur á. Námskeiðið er þrjár bækur.

Björgvin Ómar Ólafsson Sími: 8657013

GENGIÐ Í SKÓLANN Opinber útgjöld til almenns framhaldsskólanáms hafa aukist um 64 prósent á síðustu tíu árum, úr tæpum átta milljörðum í tæpa þrettán.

Næstmest útgjöld til menntastofnana innan OECD:

Aukist um fimmtán milljarða á áratug

Útgjöld ríkissjóðs til menntamála á Íslandi hafa aukist samtals um 15 milljarða, eða 69 prósent, á síðustu tíu árum. Þetta kemur fram í grein í vefriti fjármálaráðuneytisins.

Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu er bent á nýjustu skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um menntamál í þessu samhengi. Þar kemur fram að á síðastliðnum áratug hafi fjöldi þeirra sem ljúka háskólanámi aukist um tólf prósent og fjöldi þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi aukist um sjö prósent innan landa OECD.

Í skýrslunni eru birtir mælikvarðar sem tengjast útgjöldum til menntamála. Þar segir að opinber útgjöld til menntastofnana í hlutfalli við landsframleiðslu eru næsthæst á Íslandi meðal landa OECD eða 7,6 prósent en meðaltal OECD-landa er um 5,4 prósent.

ÞRÓUN ÚTGJALDA TIL MENNTAMÁLA Á ÍSLANDI*

	1998	2007
Háskólastig	9.652	18.854
95 prósent aukning		
Alm. framh.skólastig	7.828	12.832
64 prósent aukning		
Sérskólastig	2.613	3.165
21 prósent aukning		
Námsaðstoð	248	550
121 prósent aukning		
Önnur fræðslumál	1.598	1.588
Dregst saman um 1 prósent		
Útgjöld alls	21.939	36.988
69 prósent aukning		

*Í milljónum króna á verðlagi hvers árs

Skýring á hlutfallslega miklum útgjöldum til menntamála á Íslandi má til dæmis rekja til þess að skráðir nemendur í skólum eru hlutfallslega flestir af öllum löndum OECD, eða um 31 prósent af heildarmannfjölda. **- lbb**

Flísar í úrvali

Allt til flísalagna

NÝ SENDING
NÝJAR TEGUNDIR
MIKIÐ ÚRVAL

Gólf/veggflísar 40x40 cm þrír litir kr. pr. m²:

990,-

Bílskúrs og þvotta-húsflísar 30x30 cm, kr. pr. m²:

990,-

Veggflísar 15x15 hvítt og ljósgrátt kr. pr. m²:

795,-

Náttúrusteinn 30x60 cm, kr.- pr. m²:

2.190,-



Glermósaik, frá kr. pr. m²:

1.590,-

Fúgusement 5 kg

755,-

Flísalím 25 kg

1.395,-

Flexdicht rakamembra 8 kg

3.786,-

Flísa handsög með blaði, kr.

4.900,-

Flísaskerar frá kr.

2.900,-

Flísasög kr.

19.995,-

Öll verkfæri til flísa-lagnar á góðu verði

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.971 **+1,59%**

Fjöldi viðskipta: 394
Velta: 7.955 milljónir

MESTA HÆKKUN

EXISTA	+4,78%
CENTURY ALUMINUM	+4,18%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	+2,82%

MESTA LÆKKUN

FØROYA BANKI	-0,46%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,20 +0,79% ... Bakkavör 66,80 +1,37% ... Eimskipafélagið 40,10 +2,82% ... Exista 31,80 +4,78% ... FL Group 24,25 +1,04% ... Glitnir 28,55 +1,06% ... Icelandair 26,20 +1,16% ... Kaupþing 1.089 +1,49% ... Landsbankinn 40,70 +1,24% ... ... Straumur-Burðarás 19,35 +1,84% ... Össur 99,60 +0,10% ... Teymi 6,09 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Kastljósstjarnan
FL Group sogar enn til sín starfsfólk. Síðast í gær var tilkynnt að Halldór Kristmannsson hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group. Verður hann partur af framkvæmdastjórn félagsins og mun bera ábyrgð á öllu sem snýr að samskiptamálum. Halldór er mikill reynslubolti úr Actavis, sem nýlega var afskráð og því minna um að vera þar. Annar reynslubolti, Kristján Kristjánsson, fyrrverandi Kastljósstjarna, verður því undirmaður Halldórs. Ekki er vitað hvort Kristján taki þessum sviptingum þegjandi eða hugi að starfsframa á öðrum vettvangi í kjölfarið. Breytingin hefur örugglega komið honum á óvart en enginn veit sína ævi í viðskiptalífinu fyrr en öll er.

Fjör í London
Kristján Kristjánsson var í London í gær að undirbúa gríðarstóra kynningu FL Group þar í landi, sem kallast Capital Market Day í fjármálaheiminum. Áætlað er að um 150 manns muni sækja kynninguna í næstu viku, þar af um hundrað manns frá Íslandi. Vafalaust mikið fjör á milli power point sýninga. Hannes Smárason forstjóri vill efla enn frekar samskipti við fjárfesta og fjölmiðla og að félagið verði vel þekkt á erlendum vettvangi. Ráðning Halldórs er liður í þeirri áætlun og óhætt að segja að hann bætist í öflugan hóp stjórnenda.

MARKAÐSPUNKTAR

Greining Glitnis spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,5 prósent milli september og október. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólga úr 4,2 prósentum í 4,5 prósent.

Norski seðlabankinn hækkaði í gær stýrivexti um 25 punkta eða í fimm prósent. Í Vegvísi Landsbankans segir að órói á fjármálamörkuðum gæti leitt til þess að vaxtalækkunarferli hefjist fyrr í Noregi en áður var talið. Stýrivextirnir nái jafnvel hámarki í 5,25 prósentum.

Eimskip-CTG í Noregi hefur fengið fjórða nýja frystiskipið afhent á tæpum tveimur árum. Að auki eru tvö önnur skip í smíðum. Afkastageta Eimskip-CTG meira en tvöfaldast með tilkomu nýju skipanna.

Framleiðniaukning langmest í verslun

Framleiðniaukning á hvern starfsmann hefur verið talsvert meiri í verslun en í öðrum greinum á tímabilinu 2000 til 2006.

Velta í verslun á því tímabili jókst um 36 prósent að nafnvirði á meðan starfsfólki í verslun fjölgaði einungis um átta prósent. Framleiðnin á hvern starfsmann hefur vaxið um 6,8 prósent að meðaltali frá 1998 til 2005. Þetta kemur fram í Árbók verslunarinnar fyrir árið 2007 sem Rannsóknarsetur verslunarinnar og Kaupmannasamtök Íslands gefa út.

Mestur mældist vöxtur framleiðni fjármagns í verslun, eða um 10,9 prósent á ári, borið saman við 1,3 prósent meðalvöxt atvinnugreina. Vöxtur í framleiðni vinnuafls var heldur minni en þó einnig vel yfir meðaltali. **- hhs**

VERSLAÐ Framleiðni á hvern starfsmann í verslun hefur vaxið um 6,8 prósent á ári að meðaltali frá 1998 til 2005.

Evrur í Kauphöllina fyrir lok október

Seðlabanki Íslands mun annast uppgjör vegna evruhlutabréfa í Kauphöll Íslands. Einar Sigurjónsson, forstjóri OMX Verðbréfaskráningar Íslands, segir að breyta þurfi lögum til að fara aðrar leiðir.

Félög sem skráð eru í OMX Kauphöllina hér geta fyrir lok næsta mánaðar fengið hlutabréf sín skráð í evrum gangi eftir áætlanir OMX Verðbréfaskráningar Íslands og Seðlabanka Íslands.

Einar S. Sigurjónsson, forstjóri OMX Verðbréfaskráningar Íslands, segir að unnið hafi verið að lausn mála frá því að athugasemdir bárust frá Seðlabanka Íslands varðandi þá fyrirhugaða evruskráningu hlutabréfa Straums fjárfestingarbanka fyrr í þessum mánuði. „Við gerum ráð fyrir að vera komin með lausn ekki seinna en fyrir lok næsta mánaðar," segir hann, en ekki þarf að breyta lögum til þess að sú leið sé fær sem stefnt er að. „Seðlabankinn mun veita ákveðna þjónustu og komin er fram tillaga um hvernig þessu verður fyrir komið."

Seðlabanki Íslands benti á að í 15. grein laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa frá árinu 1997 væri gert ráð fyrir að Seðlabanka Íslands væri falið peningalegt uppgjör með rafræn verðbréf. Ráðgert hafði hins vegar verið að Landsbanki Íslands annaðist þetta uppgjör fyrst í stað, en Seðlabanki Finnlands tæki svo við á næsta ári. Boðað hafði verið að Straumur yrði fyrstur til að skipta um mynt fyrir bréf sín í Kauphöllinni og átti það að gerast 20. þessa mánaðar. Þessum fyrirætlunum var frestað vegna ábendingar Seðlabankans frá því 14. september.

Ekki er þó loku fyrir það skotið að breyta þurfi samt lögum um rafræna eignaskráningu, enda skiptar skoðanir um hvort túlka beri 15. grein laganna, sem vísað er til hér að ofan, þannig að Seðlabankinn einn megi hér annast uppgjör með rafræn bréf. „Til þess að hafa meiri sveigjanleika í framkvæmdinni í framtíðinni þarf væntanlega að eyða allri óvissu," segir Einar.

olikr@frettabladid.is

SAMSETT MYND Nú hillir undir viðskipti með hlutabréf skráð í evrum í OMX Kauphöll Íslands með aðkomu Seðlabanka Íslands.

TIM LUCAS
FJÖLMIÐLUN OG MARKAÐUR

Birtíngur útgáfufélag býður þér til fyrirlestrar hjá Tim Lucas á Nordica Hotel fimmtudaginn 4. október.

Tim Lucas stofnaði alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið White Lodge árið 2002. White Lodge sérhæfir sig í ráðgjöf á sviði útgáfu, birtingastefnu, vörumerkjastjórnunar og markaðsmála. White Lodge hefur unnið með fyrirtækjum í Vestur- og Austur Evrópu, Norðurlöndunum, Ástralíu og Suður Afríku. Tim talar einnig reglulega á alþjóðlegum ráðstefnum um birtinga- og auglýsingamál.

DAGSKRÁ

Fyrir auglýsingakaupendur

Kl. 10.00 - 10.50	Passion and Power. Communication in Magazines
	Kaffi
Kl. 11.10 - 12.00	The 5 Ps. Proper Planning Prevents Poor Performance
kl 12.00	Hádegismatur

Fyrir markaðsstjóra

Kl. 15.00-15.50	TV and Magazines. The Best of Both Worlds.
	Kaffi
Kl. 16.10-17.00	Passion and Power. Communication in Magazines.
Kl. 17.00	Kokteill

IMARK

Aðgangur er ókeypis og þú getur komið bæði fyrir og eftir hádegi eða valið annað hvort.

Vinsamlegast skráðu þig á www.birtingur.is

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

Skuldabréfaskráning

Skráning skuldabréfa á OMX Nordic Exchange Iceland

15.000.000.000 kr.
FL Group hf.

Nafnverð útgáfu: Heildarnafnverð bréfanna sem nú eru skráð er 15.000.000.000 kr. og er nafnverð hverrar einingar 5.000.000 kr.

Skilmálar skuldabréfa: Um að ræða skuldabréf til 1 árs. Skuldabréfin bera 3 mánaða REIBOR vexti með 195 punkta álagi. Höfuðstól þeirra ber að endurgreiða í einni greiðslu á lokagjalddaga 20. mars 2008. Vexti ber að greiða á 3 mánaða fresti, fyrst 20. júní 2007, síðast 20. mars 2008. Auðkenni flokksins á OMX Nordic Exchange Iceland er FL 08 0320 og ISIN IS0000014546.

Skráningardagur: OMX Nordic Exchange Iceland mun taka bréfin á skrá þann 28. september 2007.

Umsjónaraðili sölu skuldabréfanna og skráningar á OMX Nordic Exchange Iceland er Glitnir banki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Lýsing vegna skráningar bréfanna verður birt í dag, 27. september 2007. Lýsingarnar og önnur gögn sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Glitni banka og á heimasíðu útgefanda www.flgroup.is.

Reykjavík, 27. september 2007
FL Group hf.

HÖFUÐSTÖÐVAR COMMERZBANK Í FRANKFURT FL Group hefur aukið við hlut sinn í Commerzbank og heldur nú utan um 4,25 prósenta hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

FL næststærst í Commerzbank

FL Group er orðið næststærsti hluthafinn í þýska bankanum Commerzbank eftir að hafa aukið hlut sinn úr 3,24 prósentum í 4,25 prósent. Stærsti hluthafi bankans er ítalska tryggingafélagið Generali með um níu prósenta hlut.

Virði heildarhlutar FL Group í bankanum er um 69 milljarðar króna. Ekki er gefið upp á hvaða gengi kaupin fóru fram. Má gera ráð fyrir að kaupverð liggi í kringum sextán milljarða króna. Kaupin verða fjármögnuð með framvirkum samningum og eigin fé.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group, segir Commerzbank einn fárra evrópskra banka sem staðið hafa við fjárhagsleg markmið sín að undanförnu. Rekstur bankans sé mjög góður og starfsemin hafi verið aukin umtalsvert að undanförnu.

„Við búumst við því að arðsemi bankans haldi áfram að aukast," segir Halldór. „Við teljum því að góð tækifæri felist því í kaupunum nú, ekki síst í ljósi þess að við teljum bankann lágt verðlagðan eftir lækkanir undanfarinna vikna." - hhs

KRÓNAN Á HÖFN Fermetrafjöldi verslunarhúsnæðis á landsbyggðinni hefur aukist um 44 prósent á síðustu tíu árum.

Húsnæði fer ört stækkandi

Fermetrafjöldi verslunarhúsnæðis á Íslandi jókst um rúmlega 42 prósent á tíu ára tímabili frá 1996 til 2006. Þetta kemur fram í Árbók verslunarinnar sem Rannsóknasetur verslunarinnar og Kaupmannasamtök Íslands gefa út.

Aukningin var hlutfallslega meiri utan höfuðborgarsvæðisins. Hún var 44 prósent á landsbyggðinni en 41 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarstörfum hefur á sama tímabili fækkað á landsbyggðinni. Skýrist það hugsanlega af því að verslanirnar hafi orðið færri og stærri og þurfi því ekki jafnmarga starfsmenn. - hhs

QATAR Þarlendir fjármálamenn berjast fyrir þátttöku í samnorrænu kauphöllinni.

Hækka boðið í OMX-kauphallir

Yfirtökutilboð kauphallasamstæðunnar Nasdaq og kauphallarinnar í Dubai hefur verið hækkað um fimmtán prósent eða í 265 sænskar krónur á hlut. Tilboðið hljóðar upp á 305 milljarða króna og styðja stjórnendur OMX það.

Hækkun tilboðsins kemur í kjölfar þess að QIA, félag í eigu stjórnvalda í Katar, blandaði sér óvænt inn í slaginn um OMX í síðustu viku. Félagið hafði þá tryggt sér tíu prósenta hlut í OMX og setti við það samkomulag Nasdaq og Dubai í uppnám. Félögin höfðu samið um að Dubai eignaðist tuttugu prósenta hlut í sameinaðri kauphöll OMX og Nasdaq. - hhs

Landsbankinn hafði milligöngu um viðskipti með hlut í Arsenal

Úsbekinn Alisher Usmanov ræður nú ríflega fimmtungshlut í enska stórveldinu Arsenal. Stjórnarformaðurinn segir að félagið verði ekki selt erlendum fjárfestum.

FRANCESC FABREGAS, LEIKMAÐUR ARSENAL Líkur hafa aukist á að erlendir fjárfestar taki yfir enska knattspyrnuliðið Arsenal, sem nýtur mikillar hylli meðal aðalborinna Breta. Sjálf Elísabet Englandsdrottning er talin styðja Arsenal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lundúnaútibú Landsbankans hafði milligöngu um kaup auðkýfingsins Alisher Usmanov á sex prósenta hlut í enska knattspyrnuliðinu Arsenal. Usmanov, sem er frá Úsbekistan, á nú 21 prósents hlut í Arsenal gegnum fjárfestingarfélagið Red & White Holdings. Seljendur voru fjárfestirinn Birol Nadil og fjárfestingasjóðurinn Landsdowne Partners.

Kaupverð á sex prósenta hlut í Arsenal er rúmlega þrjátíu milljónir punda, eða sem nemur rúmlega 3,8 milljörðum íslenskra króna. Samkvæmt því er heildarvirði félagsins um 63,4 milljarðar íslenskra króna.

Miklar hræringar hafa verið meðal hluthafa í Arsenal undanfarin misseri. David Dein sem var stjórnarformaður Arsenal í áratugi hvarf úr starfi á vormánuðum eftir deilur við aðra stjórnarmeðlimi. Dein hefur nú birst á ný sem andlit Red and White Holdings út á við.

Breskir fjölmiðlar hafa mikið spáð í hvort Usmanov hafi í hyggju að taka Arsenal yfir. Núverandi stjórnarformaður Peter Hill-Wood, sem beint eða óbeint æður ríflega helmings eignarhlut, segir ekki í bígerð að selja félagið og þá sérstaklega ekki til erlendra fjárfesta. Arsenal er oft á tíðum nefnt „enskasta" knattspyrnufélag úrvalsdeildarinnar þrátt fyrir að lið félagsins skipi fjölþjóðaher knattspyrnumanna. Félagið telur sjálfa Englandsdrottningu meðal stuðningsmanna sinna. - jsk

Útborgun
í hverjum mánuði!

OKTÓBER 2007

SUNNUDAGUR	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR
30	1 Útborgun vaxta 40	2	3	4	5	6
7	8 41	9	10	11	12	13
14	15 42	16	17	18	19	20
21	22 43	23	24	25	26	27
28	29 44	30	31	1	2	3

NÓVEMBER 2007

SUN.	MÁN.	ÞRI.	MIÐ.	FIM.	FÖS.	LAU.
28	29	30	31	Útborgun vaxta	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	1

DESEMBER 2007

SUN.	MÁN.	ÞRI.	MIÐ.	FIM.	FÖS.	LAU.
25	26	27	28	29	30	Útborgun vaxta
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5

Himinn og haf / SÍA

NÝJUNG
Vaxtaauki
innlánsreikningur

Innstæða	Vextir á mánuði*
1.000.000	9.958
3.000.000	29.875
5.000.000	53.333
10.000.000	106.667
15.000.000	160.000
20.000.000	215.833

* Samkvæmt vaxtatöflu Netbankans þann 12. sept. 2007

Viðskiptavinir fá greidda vexti mánaðarlega í stað árlega. Ef vextirnir liggja óhreyfðir inni á reikningnum safna þeir vaxtavöxtum.

- Háir vextir, greiddir út mánaðarlega
- Stighækkandi vextir eftir innstæðu
- Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Vaxtaauki er kjörinn fyrir fólk sem á sparifé og vill nota vextina til að standa straum af mánaðarlegum útgjöldum.

Reikningurinn er óverðtryggður og er innstæðan laus til útborgunar hvenær sem er.

Farðu inn á www.nb.is og stofnaðu reikning strax í dag.

Netbankinn
www.nb.is • Sími 550 1800

skoðun

greinar@frettabladid.is

Heimurinn sem hér sést á hvítu tjaldi og flötum skjá:

Í tilefni af kvikmyndahátíð

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hefst í dag. Hátt í hundrað kvikmyndir verða á dagskrá næstu daga, þúsundir manna fara í bíó til að sjá efni sem annars sést ekki hér á landi.

Í gær voru síðustu sýningar á Nordisk Panorama í Oulo í Finnlandi. Þar var valið úr hátt í sex hundruð nýjum myndum á dagskrána frá Norðurlöndunum og löndunum við Eystrasalt. Hátíðin er árleg og ein margra, en hefur þá sérstöðu að sýna norrænt efni. Fimm íslensk verk voru á dagskránni, eitt komst á verðlaunapall. Engin íslensk sjónvarpsstöð var þar, ekki heldur íslenskir kvikmyndahúsaeigendur.

Íslenski kvikmyndaiðnaðurinn er vanþróaður. Vandamál hans er ekki aðeins smæð markaðarins, heldur takmarkanir, hömlur sem inn í hann eru byggðar. Kvikmyndahús sinna mest dreifingu fyrir bandaríska aðila, eru raunar upp á þá komin og sælgætissölu til að ná endum saman. Dæmin þekkjast varla að kvikmyndahúsaeigendur hafi lagt fé í framleiðslu mynda af nokkru tagi. Skólamarkaðurinn er ekki til, og hafa stjórnvöld sýnt vítavert kæruleysi í vanrækslu á myndefni, íslensku og erlendu, fyrir skólakerfið. Myndin sem tæki til kennslu ekki notuð að gagni hér á landi.

Sjónvarpsstöð geta menn sett á stofn hér á landi án nokkurra skyldna við kvikmyndaiðnaðinn. Og í fákeppninni sem ríkir hér er íslenskt myndefni á frjálsum markaði keypt af ríki og einkaaðilum fyrir smánarhlut af kostnaði framleiðslunnar. Menntamálaráðherra ber ábyrgð á þessu ástandi. Lög um ríkisútvarp og fjölmiðlalögin sem tóku til sjónvarpsrekstur snerust að minnstu leyti um kröfur til fyrirtækjanna um efnishlut íslenskra framleiðenda. Það sem mestu máli skipti fyrir kvikmyndaiðnaðinn í landinu kom ekki til umræðu.

Vitaskuld á að leggja sjónvarpsstöðvum sem starfa á landsvísu þá ábyrgð á herðar að hluti dagskrár sé íslenskur, keyptur á markaði og þeim efnishlut sé ætlaður tiltekinn hlutur af aflafé. Eins á að gera svo vel í samningi við ríksfjölmiðla sem starfa í almannaþágu að þeir þurfi ekki að vera eins og gærur á götuhorni til að ná sér í auglýsingatekjur og styrkjafé. Slíkar stöðvar hafi afl til að sinna hlutverki sínu, sem þær gera ekki í dag af þeim þrótti sem sómi væri að.

Þó einkennilegt sé hefur Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur einkaframtaksins, aldrei haft verulegan áhuga á að efla hag smærri fyrirtækja í kvikmyndaiðnaði, líkast til sökum þess að toppurinn í flokknum hefur löngum átt sína uppáhaldsmenn í leiknum bíómyndum. Rétt eins og flokkurinn hefur í gegnum tíðina tryggt sínum mönnum stóla sjónvarps og útvarps. Það er vonlítið að nokkrar þær breytingar verði í skipulagi myndmiðla hér á landi þannig að kvikmyndaiðnaður í landinu komist með hjálp tilstyrks almennings á hnén nema forræði þeirra mála fari úr höndum sjálfstæðismanna.

Það er því sárabót að einkafyrirtæki skuli veittur styrkur til að bæta fyrir það sem vantar í flóru kvikmyndamenningar hér á landi frá ráðuneytinu, fyrst þar hafa menn ekki afl, vit og þor til að koma fótum undir innlendan kvikmyndaiðnað og skapi honum glugga í sjónvarpsstöðvum, skólum og víðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson og Kristján Hjálmarsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

COME2 SCANDINAVIA



Á leið til Norðurlandanna?

Hafðu samband við Come2 Scandinavia og við aðstoðum þig með flug, gistingu, bílaleigubíl og fleira.

Erum einnig með tvær íbúðir til leigu í Kaupmannahöfn sem henta fjölskyldum, vina- og vinnuhópum.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

www.come-2scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í fótspor feðranna

Guðmundur Steingrímsson, varaþingmaður Samfylkingar, sest á Alþingi í byrjun október þegar hann tekur sæti Árna Páls Árnasonar. Guðmundur fetar þar með í fótspor föður síns og afa, Steingríms Hermannssonar og Hermanns Jónassonar, sem voru báðir þingmenn og ráðherrar. Guðmundur er þó ekki eini þingmaðurinn af þriðju kynslóð sinnar ættar. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er til dæmis sporgöngumaður föður síns og afa, Bjarna Benediktssonar og Benedikts Sveinssonar.

Fimmta kynslóð á þing

Viggó Gíslason, bókasafns- og upplýsingafræðingur á skrifstofu Alþingis, fann í fljótu bragði að minnsta kosti tvö önnur dæmi um þrjár kynslóðir þingmanna í sömu ætt og útilokar ekki að þau gætu verið fleiri. Magnús Andrésson, sonur hans Pétur og sonur hans Ásgeir tóku þannig allir sæti á þingi og það gerðu líka Jens Sigurðsson, sem sat á þjóðfundinum 1851, sonur hans Jón og sonur hans Bergur. Þá má nefna að Jón þessi Jensson var langafi Ólafar Nordal, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, og má því segja að fimmta kynslóðin í hennar ætt sé komin á þing.

Sinn er siður

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mætti fyrir orkunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í gær og svaraði spurningum þingmanna um nýtingu á jarðhita. Hægt var að hlýða á vitnisburð forsetans í beinni útsendingu á netinu. Sannast þá að sinn er siður í landi hverju. Þegar þingnefnd kallar einhvern á sinn fund hér á landi fer fundarhaldið fram fyrir luktum dyrum og getur reynst erfitt að draga upp úr mönnum hvað fór fram á fundinum. Ef til vill ættu íslenskir þingmenn að taka kollega sína í Bandaríkjunum til fyrirmyndar að þessu leyti.

bergsteinn@frettabladid.is

Er ballið að byrja?

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Erlendar skuldir

Hingað til lands kom um daginn maður að nafni Manuel Hinds, hagfræðingur og fyrrum fjármálaráðherra El Salvadors. Málflutningur Hinds vakti athygli víða um heim árin eftir 1990, þar eð hann varð einna fyrstur hagfræðinga til að brjóta hrun Sovétríkjanna til mergjar og lýsa því með þungum rökum, að áætlunarbúskaparlag Sovétríkjanna og leppríkja þeirra í Austur-Evrópu hlaut að bera dauðann í sér.

Það skerpti sýn Hinds á málið, að hann þekkti marga brestina að heiman, því að í El Salvador réðu fáeinir landeigendur, einkum kaffibændur, lögum og lofum um landið með þeim árangri, að þjóðartekjur á mann nú eru þar engu hærri en þær voru 1975. Þrjátíu ár fóru í súginn. Borgarastríðið 1980-92 var bein afleiðing af veldi landeigendanna og kostaði mikið mannfall og fólksflótta og lamaði efnahagslífið. Hinds var ráðherra skamma hríð 1979-80 og aftur 1995-99 og sá þá um að undirbúa myntbreytingu, sem fólst í að skipta þjóðmyntinni út og taka upp Bandaríkjadollara í staðinn til að stuðla að stöðugra fjármálalífi og minni verðbólgu.

Skömmu áður hafði Ekvador gert hið sama. Panama hefur notað dollara síðan 1904. Nokkrar Karíbahafs- og Kyrrahafseyjar nota Bandaríkjadollara í stað eigin gjaldmiðla, aðrar nota ástralska dollarann, enn aðrar nýsjálenzka dollarann. Nokkur smáríki í Evrópu nota með líku lagi evruna, til dæmis Andorra, Mónakó og San Marínó auk Páfagarðs og Svartfjallalands. Bútan og Nepal nota indverska rúpíann. Listann mætti lengja. Hinds hefur nýlega sent frá sér bók um peningamál, Playing Monopoly with the Devil (2006). Þar lýsir hann kostum þess, að smálönd leggi eigin þjóðmyntir til hliðar og notist við nærtækar heimsmyntir í staðinn. Þessum boðskap lýsti hann fyrir Gunnari Gunnarssyni fréttamanni í Speglinum í Ríkisútvarpinu í síðustu viku og einnig í grein í Viðskiptablaðinu. Hinds varar við skuldasöfnun Íslendinga erlendis: hann hefur séð þetta allt saman áður á heimaslóðum. Hann mælir með því í ljósi reynslunnar, að Íslendingar taki upp evruna. „Sprenghlægilegt," segir Seðlabankinn.

Vaxtabyrðin þyngist

Erlendar skuldir Íslendinga hafa aukizt hratt að undanförnu. Skuldirnar héldust nálægt 50 til 60 prósentum af landsframleiðslu frá 1980 og fram undir 2000, en þær voru um mitt þetta ár komnar upp fyrir 500 prósent af landsframleiðslu samkvæmt nýjum tölum Seðlabankans. Vaxtabyrðin vegna skuldanna hefur þyngzt, þar eð eignirnar, sem keyptar hafa verið fyrir erlenda lánsfé, bera minni vexti og arð en skuldirnar. Með vaxtabyrði er átt við vaxtagjöld af erlendum skuldum umfram vaxtatekjur af erlendum eignum í hlutfalli við útflutning vöru og þjónustu. Vaxtabyrðin var á bilinu átta til níu prósent af útflutningstekjum 2003 og 2004 og jókst upp í tólf prósent af útflutningstekjum 2005 og 25 prósent af útflutningstekjum 2006. Tölur Seðlabankans sýna, að vaxtabyrðin var um mitt þetta ár komin upp í 32 prósent af útflutningstekjum. Þessar tölur sýna, að Íslendingar taka nú ný lán til að borga vexti af eldri skuldum. Aukning vaxtabyrðarinnar vitnar einnig um það, að erlenda lánsfénu hefur ekki öllu verið varið til arðbærrar eignamyndunar, heldur einnig til neyzlu. Skammtímaskuldirnar við útlönd hafa aukizt hratt að undanförnu: þær voru innan við 50 prósent af útflutningstekjum 2003, en voru um mitt þetta ár komnar upp fyrir 700 prósent af útflutningstekjum. Þessi aukning stafar meðal annars af vaxtamunarviðskiptum, þar sem menn taka lágvaxtalán erlendis og festa fé í íslenzkum hávaxtabréfum (jöklabréfum) í þeirri von, að gengi krónunnar haldist hátt. Sú von verður sífellt veikari, sýnist mér, eins og ég hef lýst nú síðast í grein í tímaritinu Herðubreið.

Sprenghlægilegt?

Þegar vaxtagreiðslur til erlendra lánardrottna gleypa þriðjung útflutningstekna, þá er að því skapi minna af gjaldeyristekjunum aflögu til að standa straum af innflutningi, svo að skuldirnar aukast þá hraðar og hraðar. Ef svo fer, að ekki reynist unnt að velta skammtímaskuldunum áfram, þarf Seðlabankinn að ganga á gjaldeyrisforða sinn til að jafna metin og verja gengi krónunnar. En gjaldeyrisforðinn hrekkur nú aðeins fyrir tíunda parti skammtímaskuldanna, svo að hætt er við, að gengið láti þá undan. Þetta er þekkt munstur utan úr heimi, og gildir þá einu, hvort viðkomandi lönd eru rík eða fátæk. Lögmál efnahagslífsins eru í grundvallaratriðum hin sömu um allan heim. Ef Ísland hefði gengið í Evrópusambandið um leið og Finnland og Svíþjóð 1995 og tekið upp evruna 1999, væri engin sérstök hætta á ferðum hér heima núna. Sprenghlægilegt?

Samkeppnishæfni íslenskunnar

UMRÆÐAN
Samfélagsmál

KRISTJÁN B. JÓNASSON

Sú hugmynd að nota ensku meira í daglegu lífi Íslendinga er ekki ný af nálinni. Einkum skýtur hún upp kollinum þegar til umræðu er að bæta samkeppnisstöðu landsins. Hugmyndabankar viðskiptalífsins draga þá upp þetta happatromp og veifa framan í almenning til að reyna þolmörkin. Það kannast allir við þessa aðferð: Hve lengi nennir almenningur að velta virkjunum á hálendinu fyrir sér? Gefumst við ekki upp á því á endanum að amast við að kostnaður við menntun á öllum skólastigum aukist? Endum við ekki öll á því að nota ensku?

Á því eru þó ýmis tormerki. Auður Torfadóttir, dósent í ensku við KHÍ, segir að nemendur sem ljúka 10. bekk grunnskóla hafi oftast mjög litla færni í notkun orðasambanda í ensku þótt þeir geti verið ágætir í talmáli. Sum sé: Við erum ekki góð í ensku en viljum greinilega vera það.

Þau vatnaskil urðu í Morgunblaðinu 23. september síðastliðinn að formaður viðskiptanefndar Alþingis og varaformaður Samfylkingar, Ágúst Ólafur Ágústsson, lagði til að enska yrði jafnrétthá íslensku sem stjórnsýslumál. Þetta var sagt í einni málsgrein í grein um æskilegar breytingar á íslenskri löggjöf og samfélagi til að auka samkeppnishæfni. Hann skýrir þetta ekki frekar. Mjög líklega er hann líka bara að kanna þolmörkin. En landið þokast hvert ár ofar á lista yfir samkeppnishæfar þjóðir. Af hverju er íslenskan þá vandamál? Kannski vegna þess að atvinnulífið vill velta þýðingarkostnaði sínum yfir á hið opinbera og þá er hlaupið upp til handa og fóta og peningar töfraðir fram. Hins vegar er það talið mjög erfitt að styðja frekar við móðurmálskennslu, bókaútgáfu og miðlun á íslensku.

Erum við þá hér vegna bankanna? Eða vegna þess að við viljum búa í samfélagi þar sem við getum skilið forfeður okkar, talað saman á okkar móðurmáli, lesið bókmenntir okkar og þurfum ekki að fara á enskunámskeið til að skrifa formanni viðskiptanefndar bréf?

Höfundur er rithöfundur.

Húsgagna Lagersala

Nú er stórkostlegt tækifæri til að gera góð kaup á húsgögnum til heimilisins.

Daglega nýjar vörur.

Erum í Dugguvogi 2
s: 557-9510

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Harpa drepur stjörnur

Virðingarvottur við flónelskyrtuna af hálfu þeirra Aftursystra. Harpa segir þetta með þægilegustu flíkum sem hægt sé að hugsa sér.

Harpa Einarsdóttir er meðal þeirra kraftmiklu ungu Íslendinga sem eru að hasla sér völl á sviði fatahönnunar. Um þessar mundir starfar hún líka með CCP þar sem hún hannar búninga á persónur Eve Online.

„Þeir eru að breyta leiknum þannig að það er hægt að sjá alla karakterana frá toppi til táar og af því tilefni þurftu þeir ný föt. Ég var ráðin í þetta af því ég get bæði teiknað og málað en er jafnframt fatahönnuður," segir Harpa.

Spurð hvað henni finnist um augljósan áhuga íslenskra ungmenna á fatahönnun segir hún þetta vera erfiðan bransa.

„Það eru til dæmis frekar fáir sem halda áfram eftir útskrift. Aðalvandamálið er að byrja að markaðssetja línuna. Sjálf er ég með tvö börn og þarf að vera í fullu starfi til að geta komið þessu í gang. Maður þyrfti eiginlega sponsor," segir Harpa en hönnunarlínu hennar, undir merkinu Starkiller, er hægt að kíkja á í Kjörgarði á þriðju hæð.

„Við Selma, stelpan sem ég vinn þetta með, ætlum að markaðssetja línu nú í október en eins og staðan er í dag fást fötin í einni verslun í Stokkhólmi," segir Harpa að lokum en vænta má þess að meira beri á verkum hennar í nánustu framtíð, innan tölvuheima sem utan.

Áhugasamir geta kynnt sér Starkiller á heimasíðunni www.myspace.com/starkillericeland

margret@frettabladid.is

Haustferðirnar vinsælu til St. John's á Nýfundnalandi

17. - 21. nóvember í 4 nætur og 21. - 26. nóvember í 5 nætur
Beint flug aðeins 3 - 3,5 klst. með brottför síðdegis kl.17:00
Bjóðum einnig dvöl allan tímann í 9 nætur

St. John's höfuðborg Nýfundnalands austast í Kanada er áhugaverð og ljúf borg heim að sækja eins og ótalmargir þekkja úr ferðum okkar þangað undanfarin 10 ár. Einstaklega hagstætt að versla. Frábær gestrisni, góðir veitingastaðir, írsk pöbbastemmning og fjölbreyttar skoðunarferðir. Gist á glæsilegum hótelum. Jólaskrúðgangan er 25. nóvember og sjávarútvegssýningin 22. - 24. nóvember.

Dæmi um verð pr. mann miðað við tvo í herbergi, með sköttum:

Holiday Inn, 4 nætur: kr. 62.800 og 5 nætur: kr. 65.600
Marriot, nýtt hótel, 4 nætur: kr. 67.400 og 5 nætur: kr. 71.100
Fairmont Newfoundland, 4 nætur: kr. 71.900 og 5 nætur: kr. 76.600

Hópferðamiðstöðin Vesttravel
TREX Travel Experiences

Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni, Hesthálsi 10. Sími: 587 6000 - info@trex.is - www.trex.is

Hárspangir hafa verið mikið í tísku og þá ekki síst í stað hatta. Þá eru spangirnar skreyttar með íburðarmiklu skrauti. Einfalt í notkun en árangurinn er stórglæsilegur!

Frábært úrval af haustvörum

Vefta
Tiskufót Hólagarði

Hólagarði • sími 5572010 • www.vefta.is
Skoðið vöruúrvalið

Vaskurinn af

Lækkum verð sem nemur virðisaukaskatti
á öllum vörum í versluninni
fimmtudag, föstudag og laugardag.

Glæsilegt úrval af innigöllum fyrir konur á öllum aldri,
töskur,slæður, skart og ilmvötn ásamt
snyrtivörumerkjunum

GUERLAIN HELENA RUBINSTEIN Dior
LANCÔME BIOTHERM CHANEL

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170

Ný sending

Vinsælu ullarsamfellur og bolir.
Mikið úrval af ullarfötum
á ungbörn.

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið 10-18 • Laugardaga 10-16

Módelið sem ábúðarmikill bílstjóri með opna rúðuna, enda vel klæddur í peysu frá Farmers Market.

Ætlum að nema ný lönd

Tónlistarmaðurinn Jóel Pálsson er ekki einhamur. Milli þess sem hann mundar tenórsaxófóninn stundar hann umsýslu með fatnað úr íslenskri ull.

Verslunin er vel falin úti í Örfirisey.

Við erum stödd í litlu fríríki sem heitir Örfirisey. Alveg nyrst og vestast. Úti við olíutankana. Þar hafa þau Bergþóra Guðnadóttir hönnuður og Jóel Pálsson tónlistarmaður opnað verslun í einu horni vinnustofu sinnar. Til sölu er meðal annars fatnaður sem Bergþóra hefur hannað með vörumerkinu Farmers Market. „Þetta er hálfgerð leyniverslun," segir Jóel brosandi. „Það eru bara þeir sem fara alla leið sem komast á staðinn en fólki finnst dálítið gaman að koma hingað. Reyndar erum við með lokað í næstu viku en yfirleitt er opið frá 12 til 17. Svo fáum við líka fullt af netheimsóknum á vefinn www.farmersmarket.is."

Fyrirtækið var stofnað 2005. Það framleiðir föt og fylgihluti og áherslan er lögð á náttúruleg hráefni með íslensku ullina í öndvegi. Reksturinn hefur undið upp á sig og nú eru vörurnar komnar í 25 verslanir, þar af 15 erlendis. „Við erum aðallega á Norðurlöndunum enn sem komið er en ætlum okkur að halda áfram að nema ný lönd," segir Jóel. „Það er alltaf eitthvað nýtt að tínast inn og enn annað er á teikniborðinu."

Spurður hvort hann sé nokkuð hættur að spila brosir hann og svarar: „Nei, ég er langt í frá hættur að spila. Er einmitt að undirbúa mig fyrir tónleika í Lincoln Center í New York. En mér finnst líka gaman að stússast í viðskiptunum og er alltaf að læra eitthvað nýtt á hverjum degi." *gun@frettabladid.is*

HNEPPTAR PEYSUR
str.36-56

Rita
Bæjarlind 6 • s. 554-7030
Eddufell 2 • s.557-1730

Glamúr frá Guerlain

GYLLTIR OG BRONSAÐIR TÓNAR FYRIR GLAMÚRGELLUR Á ÖLLUM ALDRI.

Tískuhúsið Guerlain hefur nú sent frá sér nokkrar nýjungar fyrir haustið. Þar má meðal annars nefna mjúkan og munúðarfullan varalit í Kiss Kiss-línunni en sá ber nafnið Beige Nude og hefur mjög náttúrulega en jafnframt glæsilega áferð.

Augnskuggatvenna haustsins fékk heitið Ombre Éclat en þar er um að ræða tvo sérlega fallega gyllta og bronsaða liti ásamt brúnum ælæner. Vörurnar koma í fallega gylltum umbúðum en nýlega tóku hönnuðir Guerlain sig til og breyttu um stefnu í umbúðahönnun.

Nýi varalitablýanturinn frá Guerlain heitir svo Beige Rosé en hann undirstrikar lögun varanna og fer vel með Beige Nude-varalitnum. *- mhg*

Rómantískir, glæsilegir og jafnframt náttúrulegir haustlitir frá Guerlain.

Stutt er málið

Unglingastjörnurnar skörtuðu sínu fegursta á verðlaunahátíðinni Teen Choice Awards.

Verðlaunahátíðin Teen Choice Awards hefur verið haldin árlega frá 1999. Þar eru tónlistarmenn, leikarar og íþróttamenn heiðraðir og bestu sjónvarpsþættirnir og kvikmyndirnar valin. Aðeins unglingar mega kjósa en verðlaunagripirnir á hverju ári eru brimbretti sem sérstaklega er hannað fyrir hvert ár. Justin Timberlake hefur oftast unnið til verðlauna og á nú 21 brimbretti (reyndar tólf þeirra með hljómsveitinni N Sync).
Stjörnurnar komu í sínu fínasta pússi og voru stuttir og nettir kjólar áberandi.

Hilary Duff var annar tveggja kynna á verðlaunahátíðinni.

Jessica Alba var glæsileg að vanda og auk þess sumarleg í gulum látlausum kjól.

Leikkonan Emmy Rossum var í rauðum og rómantískum kjól.

Fergie skartaði doppóttum stuttum kjól.

Avril Lavigne flutti lag á hátíðinni og var rokkuð að venju.

Peysudagar

20% afsláttur

af Peysum í 3 daga

Gudrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Sýningarpláss á efnakaupstefnu.

Straumar og stefnur framtíðar

Á mánudag lauk hér í París efnakaupstefnunni „première vision“. Þessi kaupstefna er einn stærsti efnamarkaður heims. Hann er haldinn tvisvar á ári þar sem efnaframleiðendur sýna framleiðslu sína og þeir sem hanna og framleiða föt kynna sér og kaupa það sem verður ráðandi á komandi árstíðum.
Hönnuðir eru nefnilega nú þegar langt komnir með hönnun á tísku næsta vetrar, 2008-9, enda strax í janúar sem herratískan verður sýnd og svo kventískan í júlí á næsta ári. Meðan á þessari kaupstefnu stendur koma saman í París allir þeir sem tengjast á einn eða annan hátt tísku og hönnun frá öllum heimshornum. Gestirnir fara á sama tíma um borgina í búðir sem eru þekktar fyrir að vera með puttann á púlsinum á hverjum tíma líkt og Colette-búðin fræga, Kabuki eða l´Eclaireur. Þessar búðir eru oft ófeimnar við að leita uppi nýja hönnuði eða velja aðeins það áhugaverðasta hjá hverju tískuhúsi og eru því gott dæmi um helstu strauma og stefnur. Sumir láta sér duga að snerta á öllu, skoða fóður, sauma og önnur smáatriði á hverri flík, aðrir reyna laumulega að taka myndir og svo eru þeir sem einfaldlega kaupa flíkina til að taka upp sniðið eða efnið og framleiða nánast það sama þegar heim er komið. Oft eru það Japanar sem taka upp eftir öðrum en Kínverjar framleiða svo fyrir þá. Oft má sjá einhverja nýjung í tísku hverrar árstíðar sem verður svo meira áberandi í þeirri sem á eftir fylgir. Til dæmis má nefna lakkskó sem sáust að nýju í herratískunni í fyrravetur en eru í hverri einustu skóbúð þennan veturinn.
Á efnakaupstefnunni eru auðvitað kynntar þær nýjungar sem fram koma hverju sinni. Í þetta skiptið sjálfþurrkandi eða bakteríudrepandi efni, efni sem verja húðina fyrir útfjólublám geislum og svo auðvitað umhverfisvæn efni sem sífellt verða fjölbreyttari. Náttúruleg efni eru sömuleiðis í mikilli sókn, efni framleidd úr bananahýði, kókoshnetu, korni, pappír eða mjólk svo eitthvað sé nefnt.
Á sama tíma kynna svokallaðar „bureau du style“, sem mætti kannski þýða sem stílstofur, hefti sín. Þær framleiða einskonar tískuhefti sem safna saman hugmyndum um strauma og stefnur næstu árstíða og selja þau jafnt til fataframleiðenda sem og til þeirra sem vinna að innanhússkreytingum eða iðnhönnun. Í þessum tískuheftum er til dæmis hægt að sjá hvaða litir verða ríkjandi jafnt í fatnaði eða annarri hönnun, hvaða munstur munu verða notuð og hvaða efni. Þannig geta fjöldaframleiðslufyrirtækin sem sífellt reyna að fylgja eftir stóru tískuhönnuðunum hitt á réttu litina eða rétta smáatriðið sem mun öllu breyta í komandi tískulínum.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

Ungbarna andlitskrem – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólublám geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
Bossakrem – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
Bossablautklútar – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
Ungbarna baðsápa – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa "sápulaus". Innih. A&E vítamín.
Ungbarna sjampó – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
Ungbarna húðmjólk – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
Ungbarna olía – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.

Dr. Fischer

Fæst í apótekum um land allt

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Nýtt á Íslandi! NO STRESS
pompea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Ítalskar mokkasínur
kr. 9.800
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Sætir með sylgju frá Bossanova.

Fallega ljósbrúnir frá Bianco.

Opnir og dömulegir frá Bossanova.

Góðir í vetur frá GS Skóm.

Ýktir hælar og áberandi botn

Skór haustsins eru með grófa hæla og þykkan botn undir táberginu. Ökklaskór eru einnig vinsælir og eru oftar en ekki dálítið gamaldags.

Nú eru línurnar að verða ljósar í skótísku haustsins. Ýmsar útgáfur eru af hælum en þó eiga þeir það sameiginlegt að vera grófir og klossaðir. Algengt er að sjá tréhæla sem og þykka þríhyrningslaga hæla. Botn skónna er þykkur, allt upp í tvo sentímetra undir táberginu. Enn fremur er mikið um ökklaskó, oft háhælaða og sixtíslega.

mariathora@frettabladid.is

Ljósir úr lakki frá Aldo.

Kvenlegir og glæsilegir frá Bianco.

Sparilegir með spennu frá Bianco.

Ögrandi rauðir frá Aldo.

Lakkaðir og líflegir frá Aldo.

Isolde
Jasmine
Jill
Daily Delights
Cosmetic bag
FRIIS COMPANY®
Kringlan 4 -12

Star bronzer frá Lancome
GEFUR HÚÐINNI SÓLBRÚNAN GLJÁA
Star bronzer Maquillage solaire frá Lancome er mjúkt og létt krem með púðuráferð og gefur húðinni sólbrúnan gljáa.
Ekki er um sjálfbrúnkukrem að ræða og áhrifin koma því um leið og kremið er borið á húðina og veitir sérstaka Bora-Bora vanillu-ilm.

Kauptu EarPlanes
eyrnatappa með þrýstijafnara
og njóttu þess að fljúga án verkja eða óþæginda í eyrum
Fást í Fríhöfninni og hjá Heyrnartækni
Heyrnartækni
Glæsibæ | Álfheimum 74 |104 Reykjavík | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Hitapoki getur reynst vel til að lina bakverki. Hitinn mýkir vöðvana og hjálpar manni að slaka á.

Bleika slaufan

OKTÓBER ER TILEINKAÐUR KONUM MEÐ BRJÓSTAKRABBAMEIN

Miklar framfarir í greiningu og meðferð

Engin krabbamein fá meiri umfjöllun í fjölmiðlum en krabbamein í brjóstum og kemur þar margt til. Þessi tegund krabbameins er algengasta krabbamein meðal kvenna og nýgengi þess hefur jafnt og þétt aukizt á síðustu áratugum. Á sama tíma hefur skilningur manna á tilurð þess, áhættuþáttum og eðli sjúkdómsins vaxið hröðum skrefum, sem aftur hefur leitt til þess að greining sjúkdómsins og meðferð hefur gerbreytzt á síðustu áratugum, Allt hefur þetta orðið til þess að horfur þeirra, sem greinast með krabbamein í brjóstum hafa stórbatnað. Gera má ráð fyrir að nær tíunda hver kona á Íslandi greinist með krabbamein í brjósti einhvern tíma á ævinni og nær tíðnin hámarki á sextugsaldri.

Takast má á við krabbamein með þrennum hætti. Fyrst ber að nefna forvarnir, sem hægt er að beita ef áhættuþættir eru þekktir og unnt er að forðast þá. Arfgenga áhættuþætti er ekki unnt að forðast en komið hefur í ljós að lífsstíll getur haft áhrif á tilurð brjóstakrabbameins. Þannig er æskilegt að konur stundi líkamsrækt í einhverju formi, haldi sig sem næst kjörþyngd, forðist mikla áfengisneyzlu og gæti varúðar við notkun hormónalyfja eftir tíðahvörf. Þótt ekki hafi verið sýnt fram á sterkan þátt reykinga í tilurð brjóstakrabbameins þá hafa nýlegar rannsóknir sýnt að konum, sem reykja eftir að hafa verið meðhöndlaðar vegna sjúkdómsins, er hættara við að fá sjúkdóminn aftur en þeim, sem ekki reykja.

Næsta skref í því að minnka sjúkleika vegna krabbameina er snemmgreining. Það er gert með leit að ákveðnum sjúkdómum meðal einkennalausra einstaklinga. Oftast eru þá stórir hópar heilbrigðra kallaðir til skoðunar (hópleit) og nákvæmri en hættulausri tækni beitt til að greina forstig eða frumstig sjúkdóma. Meðferð sjúkdóms, sem þannig greinist er mun líklegri til að lækna sjúklinginn en ef beðið er með aðgerðir þar til einkenni sjúkdómsins fara að gera vart við sig.

Þriðja skrefið í meðferð sjúkdóma eru aðgerðir, skurðlækningar, lyflækningar, geislalækningar o. fl. sem beitt er þegar sjúkdómurinn greinist á því stigi að slíkra aðgerða er þörf til að gefa sem bezta von um lækningu.

Það að á einni öld hefur tekizt að breyta brjóstakrabbameini úr sjúkdómi, sem fáir lifðu af, í sjúkdóm, sem flestir lifa af er vitnisburður um þrotlaust starf vísindamanna, lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, tækjaframleiðenda, lyfjaframleiðenda, og ekki sízt milljóna hugaðra kvenna og karla, sem hafa tekið þátt í því að stíga hin stóru framfaraskref með þátttöku í rannsóknum, sem spanna allt frá þátttöku í hópleit, til klíniskra rannsókna á sviði skurðlækninga, lyflækninga og geislalækninga. Vísindarannsóknir undanfarinna áratuga hafa leitt í ljós að bætt lifun og lífsgæði þeirra, sem greinast með krabbamein í brjósti má fyrst og fremst þakka því að nú greinist sjúkdómurinn á mun fyrri stigum en áður var og leyfir það skurðaðgerð, sem laskar minna brjóstið sjálft en áður, án þess að lækningalíkur skerðist og síðan hinu að tekizt hefur að þróa margar tegundir virkra lyfja, sem gefin eru jafnframt staðbundinni meðferð – skurðaðgerð og geislameðferð – í þeim tilgangi að vinna á þeim illkynja frumum, sem kunna að hafa orðið eftir í líkamanum. Sem betur fer linnir ekki þróun og framleiðslu nýrra og betri lyfja.

Um leið og ég hvet allar íslenzkar konur til að taka boði um þátttöku í hópleitarstarfinu vil ég nota tækifærið og þakka öllum, sem lagt hafa hönd á plóginn við að tryggja þann árangur í greiningu og meðferð brjóstakrabbameins á Íslandi, sem tryggt hefur okkur sæti í fremstu röð meðal þjóða. Þar á ég við fólkið í landinu, þá sem sýsla með fjárveitingar hins opinbera, fjölmörg fyrirtæki stór og smá og einstaklinga, sem af örlæti hafa stutt hin ýmsu verkefni, starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar og stjórnendur hennar.

Sigurður Björnsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala og formaður Krabbameinsfélags Íslands

Léttari Bandaríkjamenn

Hærra verð á bensíni gæti orðið til þess að létta fleira en veski Bandaríkjamanna, samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var í Washington-háskóla í St. Louis.

Rannsóknin segir að ef bensínverð hækki um einn dollara á hvert gallon geti það fækkað offitusjúklingum í landinu um fimmtán prósent á fimm árum. Ástæðuna segir Charles Courtemance, sem gerði rannsóknina, vera þá að fólk gangi þá frekar eða hjóli í stað þess að keyra, og borði frekar léttan mat heima í stað þess að sækja skyndibita- eða veitingastaði.

Charles fékk hugmyndina að rannsókninni þegar hann var að dæla bensíni á bílinn sinn einn daginn og fannst bensínverðið svo hátt að það borgaði sig heldur að taka lest. Með því að ganga á stöðina fengi hann þrjátíu mínútur af hreyfingu aukalega á dag. *- sig*

Hærra bensínverð gæti komið fleirum í form.

Gardínur í svefnherbergi þurfa að vera góðar ef fólk á erfitt með að sofa. Sniðugt er að fá sér myrkvunargardínur ef ætlunin er að halda birtunni úti.

Hrúga af haustlaufum

Þetta dásamlega teppi ber hið viðeigandi heiti „Lítill blómaakur“ en það minnir óneitanlega á haustið. Tord Boontje hannaði teppið fyrir Nani Marquina og er það gert úr þúsundum lítilla filtstykkja sem tákna græna umhverfisvitund. *- hs*

Lúxus handa öllum

Margir horfa löngunaraugum á ísskápa með ísmulningsvél, nuddpotta með sjónvarpi og vígaleg gasgrill, en sjá ekki afgangseyri í buddunni fyrir slíkri munaðarvöru.

Guðbrandur Jónatansson, eigandi 4you, hallar sér aftur í latexrúmi sem fékk fyrstu verðlaun í Bandaríkjunum fyrir gæði og er 100 prósent náttúrulegt.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mig hafði lengi langað í amerískan ísskáp og gasgrill af stærri gerðinni, en hafði ekki efni á því, eins og margir,“ segir Guðbrandur Jónatansson, sem starfar af fagurri hugsjón og fer ótroðnar slóðir, en fyrirtækið hans 4you var opnað á dögunum í illa nýttri verslunaramiðstöð í Eddufelli í Efra-Breiðholti; á stað sem margir hefðu fyrir fram talið ósennilegan fyrir lúxusvörur.

„Hingað er auðratað og afar sanngjörn húsaleiga, en ég reyni að halda öllum kostnaði niðri til að bjóða betra vöruverð. Ég þarf ekki að vera með búð í miðbænum. Fólk kemur til mín af því ég sel ódýrt,“ segir Guðbrandur, sem smitaðist af verslunarháttum Bónus, Rúmfatalagersins og Ikea.

„Þessar vinsælu verslanir selja vörur í magni og mig langaði að gera eins með vandaðar vörur. Með því vildi ég leyfa draumum annarra að rætast, eins og mínum eigin,“ segir Guðbrandur, sem flytur inn glæsilegan munaðarvarning sem hann selur á heildsöluverði til hins almenna borgara.

„Ég versla beint við verksmiðjur ytra og nota enga milliliði. Þegar mig langaði í stórt gasgrill hafði ég samband við bandarískan framleiðanda sem bauð það á afar góðu verði. Ég spurði hvort hann framleiddi grillin sjálfur en þá svaraði hann að lítil sem engin framleiðsla væri lengur í Bandaríkjunum; allt væri unnið í Kína. Ég pantaði grillið því beint frá Kína og fékk á útsöluprís,“ segir Guðbrandur, sem óskar löndum sínum að njóta þess sama og flytur inn tvöfalda ryðfría ísskápa, rafmagnsnuddpotta með innbyggðu DVD og sjónvarpi, fjölhæfar ítalskar kaffivélar, harmóníkur, nýmóðins vatnsrúm, 100% náttúrulegar og verðlaunaðar latexdýnur og dýrindis ekta nautshúðateppi í úrvali.

„Rafmagnspotta og ísskápa fá kaupendur á helmingi lægra verði en út úr búð hér heima. Grill sem fæst í verslunum á yfir 100 þúsund sel ég á 49.800 krónur. Ég flyt þau inn í gámum, seldi síðast 240 grill á fjórum vikum og er með biðlista eftir næstu sendingu. Nuddpotta sem kosta milljón út úr búð sel ég á 450 þúsund. Kaupendur þeirra eru himinlifandi, enda pottarnir fallegir með öllum hugsanlegum lúxus,“ segir Guðbrandur, sem blöskrar álagning verslana á vörur sem Íslendingum bjóðast.

„Nýlega kom vinsæl lífsstílsverslun að máli við mig og falaðist eftir nautshúðateppunum til sölu. Ég spurði hvað þeir hygðust selja teppin á og upp kom verðhugmyndin 170 þúsund. Ég bað þá vel að lifa; ég seldi þau sjálfur á 68 þúsund. Þarna stóð til að leggja meira á vöruna en kostaði mig að flytja hana inn til landsins! En svona er nú álagningin og segir ýmislegt um okrið þegar fyrirtæki geta gefið allt að níutíu prósenta afslátt af sínum vörum,“ segir Guðbrandur, sem selur mest af sínum vörum áður en hann flytur þær til landsins.

„Ég stefni á útrás 4you til hinna Norðurlandanna, en þarlendir aðilar vilja kaupa sig inn í fyrirtækið, sem og í Bandaríkjunum. Fólk mun snúa sér í meira mæli til þeirra sem selja beint á heildsöluverði og spara sér himinháar fjárhæðir í ófyrirleitna álagningu verslana. Ég berst á móti verðlagningunni eins og Múskó. Berst fyrir neytendur með vandaðri lúxusvöru á sanngjörnu og viðráðanlegu verði fyrir alla.“

Sjá nánar á www.4you.is.

thordis@frettabladid.is

Magnaða moppuskaftið

Dagar skúringafötunnar eru taldir

Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt

Sölustaðir:
Húsasmiðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

Geymslu- og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.8.332.-
viðbótareining kr. 6.171.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

O&K Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

hafnarfjörður

FIMMTUDAGUR 27. SEPTEMBER 2007

Kvikmyndagerð í Hafnarfirði

Víkingar öðlast líf BLS. 12

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

Gunnari Birni finnst Hafnarfjörður kjörinn tökustaður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hafnarfjörður er minn heimavöllur

Nafn Gunnars Björns Guðmundssonar er á allra vörum eftir velgengni kvikmyndarinnar Astrópíu. Færri vita að þessi upprennandi leikstjóri hefur um árabil verið viðloðandi leikhús og kvikmyndagerð, þar sem Hafnarfjörður kemur talsvert við sögu.

Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri er í skýjunum þessa dagana með viðtökurnar sem mynd hans Astrópía hefur hlotið, þar sem hún hefur laðað að 40.000 bíógesti. Hann segir ætlunina hafa verið að gera skemmtilega mynd sem höfðaði til almennings og ekki annað að sjá en ætlunarverkið hafi heppnast.

Kvikmyndin þykir almennt séð góð afþreying, bardagasenurnar vel útfærðar og heildarútlit myndarinnar til fyrirmyndar en þar gegnir Hafnarfjörður stóru hlutverki.

„Gamli byggingastíllinn er svo flottur og tímalaus og fæstir þekkja umhverfið vel nema þá helst Hafnfirðingar," segir Gunnar um þá ákvörðun að taka myndina upp í bænum. „Svo er stutt yfir í hraunið, sem er áberandi í myndinni hvort sem það er í raunheiminum sem myndin gerist í eða ævintýraheiminum."

Gunnar valdi Hafnarfjörð þó líka af þeirri einföldu ástæðu að hann er sjálfur uppalinn þar og þekkir því umhverfið af eigin raun. „Ég vissi alveg hvaða hús eða götur myndu henta í ákveðin atriði," segir hann og bendir á að myndin hafi meðal annars verið tekin upp í kringum gömlu gönguleiðina hans í Lækjarskóla.

„Myndirnar mínar gerast oft að einhverju leyti þar," segir hann og nefnir sem dæmi að Hverfisgata hafi verið sögusvið Karamellumyndarinnar, sem var valin stuttmynd ársins á Edduhátíðinni 2003.

Fyrir þann tíma hafði Gunnar getið sér góðan orðstír fyrir stuttmyndina Á blindflugi, auglýsingagerð og störf sín með Leikfélagi Hafnarfjarðar, sem hann segir hafa verið góðan skóla. „Upphaflega var ég áhugalaus um leikhús, en fékk leikhúsbakteríu eftir að hafa unnið með mörgum af fremstu leikstjórum landsins. Það kom sér síðan mjög vel við kvikmyndagerð."

Síðan þá hefur Gunnar unnið jöfnum höndum við leikhús og kvikmyndir og er um þessar mundir að skoða ýmis verkefni. „Ég er með nokkur járn í eldinum. Er meðal annars að vinna að kvikmyndahandriti upp úr bókinni Gauragangur ásamt Ottó Geir Borg. Hvort úr því verður á eftir að koma í ljós. Þetta gæti orðið frábær mynd." - rve

Gísli Örn Garðarsson sem óður vísindamaður í Karamellumyndinni. MYND/ÁRNI TORFASON

Hildur og félagar mæta alls kyns óskapnaði í Astrópíu, þar sem hraunið í Hafnarfirði er áberandi. MYND/BJARNI GRÍMSSON

Hverfisgötu í Hafnarfirði var umbreytt í undraveröld Karamellumyndarinnar. MYND/ÁRNI TORFASON

Halldór Magnússon, sem hér sést við enda borðsins, leikur á móti bróður sínum Steini Ármanni í myndinni en þeir eru báðir Hafnfirðingar. Tilviljun? MYND/BJARNI GRÍMSSON

Jón Gnarr sem rannsóknarlögreglumaður í Karamellumyndinni. MYND/ÁRNI TORFASON

GLÆSILEIKI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA

Nýtískuleg fjölbýlishús

Norðurbakki 15–21 eru fjögur stórglæsileg fjölbýlishús, hönnuð af arkitektastofunni Batteríinu. Húsin eru við sjávarsíðuna á móti suðri og í göngufæri við alla þjónustu í Hafnarfirði. Frágangur er mjög vandaður. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum en baðherbergi og þvottahúsgólf eru flísalögð. Húsin eru einangruð að utan, klædd með álklæðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Húsin eru á fjórum og fimm hæðum með sameiginlegum bílakjallara. Alls eru átta stigahús með tveimur eða þremur íbúðum á hverri hæð um hverja lyftu.

- **Viðhaldslítið**
- **Stór og björt rými**
- **Sérstaklega er hugað að hljóðeinangrun**
- **Gólfhiti**
- **Gluggar ná niður í gólf**
- **Góð lofthæð**
- **Tvennar svalir með flestum íbúðum**
- **Einungis tvær eða þrjár íbúðir á hæð um hverja lyftu**
- **Mynddyrasími**
- **Snjóbræðslukerfi í göngustígum**
- **Loftskiptakerfi**
- **Brunaviðvörunarkerfi**
- **Færanlegir vindskermar á svölum**
- **Nútímalegar innréttingar með eldunareyju**
- **Íbúðir eru afhentar fullbúnar með gólfefnum**

Dæmi um 3ja herbergja íbúð



Þessir hlutir fylgja ekki með íbúð

Íbúðirnar

Við hönnun íbúðanna var mikil áhersla lögð á þægindi. Sérstaklega er hugað að hljóðeinangrun með tvöföldum upphituðum gólfum. Lofthæð er óvenjumikil eða um 2,7 metrar.

Bjartar íbúðir, stórir gluggar með glæsilegt útsýni yfir sjóinn og gamla bæinn. Flestar íbúðanna hafa tvennar svalir.

Innréttingar eru spónlagðar og hægt er að velja á milli þriggja viðartegunda. Heimilistæki eru mjög vönduð með burstaðri stáláferð.

Lóðin

Sameign og lóð eru fullfrágengin með snjóbræðslukerfi í bílageymslurampa og hellulögðum göngustígum og bílastæðum. Brunaviðvörunarkerfi er í sameign og íbúðum og lyklalaust aðgengi að stigahúsum.

Í bílageymsluhúsi er aðstaða til bílaþvotta og á þaki bílakjallarans er sameiginlegur garður með leiksvæði, garðbekkjum og púttvelli.

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

Anna Jörgensdóttir er ánægð með niðurstöður könnunarinnar en leggur áherslu á starfinu sé ólokið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kynbundinn launamunur minnkar

Nýleg könnun leiðir í ljós að kynbundinn launamunur í Hafnarfirði hefur minnkað á síðustu árum. Anna Jörgensdóttir, starfsmannastjóri Hafnarfjarðar, fagnar niðurstöðunni.

„Könnun var gerð árið 2001 og þá mældist kynbundinn launamunur átta prósent en mælist nú sex prósent og hefur því minnkað um tvö prósent," segir Anna.

„Án grunnskólakennara mældist kynbundni launamunurinn tólf prósent árið 2001 en mælist nú níu prósent. Þetta er óútskýrður launamunur á meðalheildarlaunum karl- og kvenkyns starfsmanna, þar sem tekið er tillit til aldurs, starfsgreina, yfirvinnu og starfsaldurs."

Að sögn Önnu er ástæða til að fagna, sérstaklega þar sem munur á dagvinnulaunum kynjanna hafi eyðst út frá árinu 2001. Þá voru dagvinnulaun kvenna sex prósentum lægri en dagvinnulaun karla, en mælist nú 0,6 prósent lægra. Séu kennarar ekki reiknaðir með var munurinn átta prósentum lægri árið 2001 en er nú 0,8 prósentum hærri.

„Við höfum kerfisbundið unnið að útrýmingu kynbundins launamunar," segir Anna. „Meðal annars með sértækum aðgerðum innanhúss, þar sem reynt hefur verið að jafna muninn út. Nú er árangurinn að koma í ljós."

Máli sínu til stuðnings bendir hún á að innleiðing nýs starfsmatskerfis sem meðal annars tekur til starfsmanna í Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, hafi leitt til þess að ákveðnar kvennastéttir fengu hækkanir.

Anna segir starfinu þó engan veginn lokið. „Við ætlum að halda áfram og munum þá einkum horfa til yfirvinnugreiðslna, hvort þar sé skekkja sem þurfi að leiðrétta. Mér finnst ekki ósennilegt að ný könnun verði gerð eftir tvö til þrjú ár og þá verði munurinn minni." - rve

Inga Steinunn segir eitthvað í boði fyrir alla hjá Óvissuferðum ehf. MYND/RÓSA

Aðþrengdar eiginkonur láta dekra við sig

Óvissuferðir ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í tilbúnum og sérhönnuðum pakkaferðum.

„Aðþrengdar eiginkonur er eins og heitið gefur til kynna ferð sérsniðin að þörfum kvenna. Gert fyrir kvennahópa sem vilja gera sér góðan dag, láta dekra svolítið við sig og enda á ljúffengum mat."

Þetta segir Inga Steinunn Björgvinsdóttir, verkefnastjóri Óvissu ehf. sem er ferðaþjónustufyrirtæki í Hafnarfirði. Það útbýr bæði tilbúnar og sérhannaðar pakkaferðir handa hópum. Má þar nefna sveitaferðir, menningarferðir, adrenalínferðir og fyrrnefndar aðþrengdar eiginkonur, sem eru nokkuð breytilegar að sögn Ingu.

„Þemað er það sama og snýst um dekur en síðan geta konurnar valið á milli þrenns konar ferða eftir því hvort þær vilja fara um Suðurland, Reykjanes eða til Reykjavíkur," útskýrir Inga. „Svo fer bara eftir hópnum hvernig ferðin spilast hverju sinni. Hversu miklum hluta dagsins konurnar vilja verja í dekur eða mat og svo framvegis."

Inga segir ferðirnar hafa notið mikilla vinsælda á meðal kvenþjóðarinnar og því augjóslega nóg af aðþrengdum íslenskum eiginkonum sem vilja gera sér dagamun. En skyldi ekki vera á döfinni að bjóða karlpeningnum upp á svipaðar ferðir, svolítið dekstur?

„Það stendur ekki til, en karlarnir hafa þó úr ýmsu öðru að velja," segir Inga og hlær. „Tækjum við hins vegar upp á því að bjóða upp á aðþrengda eiginmenn reikna ég með að það yrði eitthvað minna um dekur en meira um adrenalínflæði."

Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um ferðir Óvissu ehf. á vefsíðunni www.ovissuferdir.is eða með því að hafa samband í síma 599 6030. - rve

Hafnarborg í Hafnarfirði.

Dúóið Stemma leikur í kvöld

Dúóið Stemma verður með opna tónleika í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, í kvöld klukkan kl.20.00.

Það eru þau Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari sem skipa Stemma en þau eru jafnframt fastráðnir hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Herdís og Steef hafa leikið saman í tæp tíu ár og á þeim tíma hafa þau átt í samstarfi við tónskáld, sem hafa samið fyrir þau verk. Þeirra á meðal eru tónskáldin Sveinn Lúðvík Björnsson, Jónas Tómasson og Snorri Sigfús Birgisson.

Á efnisskránni hjá þeim er einnig íslensk þjóðlagatónlist þar sem Steef spilar meðal annars á steinaspil Páls frá Húsafelli.

Aðgangur er ókeypis er tónleikana.

Þess má jafnframt geta að Hafnarborg er höfð opin til klukkan 21.00 alla fimmtudaga.

Nánar á www.hafnarborg.is

Friður, menntun og menning

Sýning um sjálfbæra þróun stendur nú yfir í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði, en hún er byggð á hugmyndum Jarðarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Steinunn Geirdal aðstoðarleikskólastjóri er meðlimur í SGI, sem er á meðal þeirra sem standa að sýningunni Sjálfbær þróun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Inntak sýningarinnar er að mannkynið sé nú komið að sögulegum tímamótum og verði að taka afstöðu í umhverfismálum. Hvort það ætli að hætta að menga og vinna að sjálfbærni eða ekki," segir Steinunn Geirdal, meðlimur í SGI á Íslandi, Soka Gakkai International, sem stendur að sýningunni ásamt Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar, Staðardagskrá 21 í Hafnarfirði og Gamla bókasafninu.

Að sögn Steinunnar er sýningin til komin vegna Jarðarsáttmálans, sem var settur saman af fólki af ólíku þjóðerni, kynþáttum og trúarbrögðum víðs vegar um heim.

Jarðarsáttmálinn var síðan kynntur á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðana í Jóhannesarborg árið 2002.

„Sáttmálinn gengur út á að vinna að sjálfbærni á öllum sviðum þjóðfélagsins," útskýrir Steinunn. „Hann fjallar líka um að fólk fari að sýna hvert öðru virðingu og mannkynið líti á sig sem eina fjölskyldu á þessari jörð."

Steinunn segir að SGI á Íslandi hafi átt frumkvæði að uppsetningu sýningarinnar hérlendis en alþjóðlegu samtökin eru aðildarfélag að Sameinuðu þjóðunum og ein stærstu friðarsamtök í heiminum.

„Sýningin er liður í starfi okkar þar sem við vinnum að friði, menntun og menningu, meðal annars með því að kynna verkefni af þessu tagi."

Steinunn segir sáttmálann þegar hafa verið tekinn inn í námskrá nokkurra landa og vonast hún til að Íslendingar fylgi fordæmi þeirra þar sem um frábært kennsluefni sé að ræða.

Sýningin stendur til 7. október. - rve

www.pgv.is

LENGDU SUMARIÐ . . .

SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU



pgv

Bæjarhrauni 6, 220 Hafnafjörður
Ægisbraut 30, 300 Akranes
Sími: 456 2000 • Fax: 564 6081 • www.pgv.is

Notaleg fjölskyldustund

Jólaundirbúningur er nú hafinn í Hafnarfirði, snemma líkt og síðastliðin ár, þar sem meðal annars er unnið að því að reisa jólaþorp í miðbænum fimmta árið í röð.

„Þorpið verður á Thorsplani og samanstendur af tuttugu og fimm húsum, þar sem kaupmenn munu bjóða upp á söluvarning," segir Marín Guðrún Hrafnsdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, og hvetur áhugasama til að hafa samband sem allra fyrst, þar sem verið er að taka niður pantanir í húsin.

„Við viljum helst að mikið sé um að vera í hverju húsi og höfum því stungið upp á því að nokkrir deili með sér húsi, svo söluvarningurinn verði fjölbreyttur og vonandi örlítið jólalegur. Kaupmenn hafa annars leyst þetta vel af hendi, skreytt húsin hátt og lágt og staðið fyrir alls kyns uppákomum."

Að sögn Marínar tekur bærinn meira og minna allur þátt í jólaundirbúningnum; skólabörn munu skreyta jólaþorpið, kórar syngja og unglingar troða upp. „Við ætlum að virkja betur félagsmiðstöðvarnar og unglingana sjálfa, sem hafa af einhverjum ástæðum orðið svolítið útundan. Það er ein helsta breytingin í ár."

Annars vill Marín gefa sem minnst upp varðandi dagskrána sjálfa, annað en að jólaballið verði á sínum stað. „Við ætlum að slá upp útijólaballi á sunnudögum. Þetta hefur tvisvar sinnum verið gert áður og heppnast gríðarlega vel í bæði skiptin og eins og síðast munu Felix og Gunni halda uppi fjörinu.

Þá skemmtu allir sér konunglega við að dansa í kringum jólatréð með húfur og vettlinga, enda markmiðið að fjölskyldan geti átt notalega samverustund." - rve

Marín Guðrún Hrafnsdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, lofar góðri skemmtun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nunnur úr Karmelklaustrinu hafa verið með frá upphafi og gera ekki undantekningu í ár.

Jólaundirbúningur hefst snemma í Hafnarfirði og jólaþorpið í miðbænum verður opnað 24. nóvember. Verið er að kanna hvort flötur sé fyrir því að hafa það opið virka daga síðustu vikuna fyrir jól.

Norm - X

Heitir pottar
Íslensk framleiðsla

Heimasíðan okkar er www.normx.is

Norm - X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn.

Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd og ljósabúnað og tvær gerðir af lokum

Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900

Gvendarlaug

Setlaug 2050 L
með legubekk

Grettislaug 1500 L

Snorralaug 2000 L

Norm - X Auðbrekku 6, Kópavogi - Sími 565 8899 - netfang: normx@normx.is - veffang:www.normx.is

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

Fjölskylduvæna verslunarmiðstöðin í Hafnarfjarðar

ÚR & GULL

Herra hafnarfjörður

Símabúðin Firði

ZIKZAK TÍSKUHÚS

BT

EURO SKO
Firði Hafnarfirði s: 555-4420

HANS PETERSEN
Engu gleymt í 100 ár

Íþróttavöruverslunin Fjölsport

Dalakofinn

MIÐ
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Augnsýn

Twizzt skart og fylgihlutir

ANAS

MAMBO tískuvöruverslun

LEIKBÆR

Respekt tískuvara

Allar búðir fullar af nýjum haustvörum

Ný barnafataverslun á 2. hæð

Krútt og Kroppar
Barnafataverslun

Mala
Ugly duck
lee

KAUPÞING

1011 ...þegar þér hentar

café aroma

VÍNBÚÐ

KÖKUMEISTARINN KONDITORI
Sími 555 6655

HÁRSNYRTISTOFAN CARTER ERT

Lyf & heilsa Við hlustum!

PÓSTURINN allur pakkinn

Björn Pétursson lofar miðaldastemningu á Hansadaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aftur í miðaldir

Hansadagurinn er orðinn fastur liður í bæjarlífi Hafnarfjarðar en hann verður haldinn hátíðlegur í október næstkomandi.

„Þetta hófst allt saman með því að Hafnarfjarðarbær gekk fyrir nokkrum árum í Hansasambandið, sem var samtök kaupmanna í norður-evrópskum borgum á miðöldum. Hlutverk nýju Hansasamtakana er að tengja borgirnar aftur saman í gegnum menninguna og söguna frá þessum tíma.“

Þetta segir Björn Pétursson, bæjarminjavörður hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar, sem stendur fyrir sérstökum Hansadegi í október næstkomandi. Þá verður efnt til hátíðarhalda sem fara fram í formi sagnfræðilegra fyrirlestra, kynningu á alþjóðasamtökunum, tónleikum, leikjum og matarveislu í miðaldastíl.

„Markmið er að vekja athygli á þessum þætti úr sögu bæjarins, á því tímabili þegar þýskir Hansakaupmenn réðu hérna lögum og lofum, og kynna hugsunina sem býr að baki endurvakningunni,“ útskýrir Björn.

Að hans sögn er dagskráin vel á veg komin en hún fer fram á nýja torginu fyrir framan Byggðasafnið, á Vesturgötu sex til átta. „Torgið hefur allt verið endurhannað, en framkvæmdir hafa staðið á því í sumar og er við það að ljúka, og stendur til að vígja það á Hansadaginn sjálfan.“

Þeir sem vilja upplifa ósvikna miðaldastemningu ættu því að gera sér ferð til Hafnarfjarðar í næsta mánuði. - rve

Eldfimt umfjöllunarefni

Margt er á döfinni hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu í vetur og nú standa yfir æfingar á leikritinu Svartur fugl í uppsetningu leikhússins og Kvenfélagsins Garps.

„Þetta er nýtt leikrit sem kallast á frummálinu Blackbird og er eftir skoska leikskáldið David Harrower,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir, leikkona og meðlimur í Kvenfélaginu Garpi, sem átti á síðasta ári í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið um uppsetningu á Gunnlaðar sögu eftir Svövu Jakobsdóttur.

„Verkið var frumflutt á Edinborgarhátíðinni árið 2005 og ég keypti samstundis réttinn á því eftir að hafa séð það. Það greip mig bara enda vel skrifað og afar spennandi. Leikrit sem sýnir að lífið er ekki svart og hvítt.“

Að sögn Sólveigar er Svartur fugl jafnframt eitt umtalaðasta leikrit sem hefur komið frá Bretlandi í langan tíma og hefur það verið sýnt víða um heim við góðar undirtektir. Það er margverðlaunað og hlaut meðal annars Laurence Olivier-verðlaunin í ár sem besta frumraunin. Leikkonan vill þó sem minnst segja um efniviðinn.

„Ég ætla ekki að segja of mikið en í grófum dráttum fjallar verkið um Ray og Unu, sem áttu í ástarsambandi fyrir fimmtán árum og hittast á ný með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Sólveig og Pálmi Gestsson fara með hlutverk Unu og Ray og hrósar leikkonan mótleikara sínum í hástert, sem og öðrum aðstandendum sýningarinnar. „Hér er valinkunnur maður í hverju rúmi og við erum svo heppin að hafa fengið til liðs við okkur skoska leikstjórann Graeme Maley, sem þekkir verkið mjög vel.“

Svartur fugl verður frumsýnt laugardaginn 6. október en hægt er að nálgast vetrardagskrá Hafnar-fjarðarleikhússins á vefsíðunni www.hhh.is. - rve

„Umfjöllunarefnið er eldfimt og best að það komi áhorfendum á óvart,“ segir Sólveig.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pálmi Gestsson, Sólveig Guðmundsdóttir og leikstjórinn Graeme Maley.

www.hrafnista.is

FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI

Hrafnista er fjölskylduvænn vinnustaður sem býður fúsar hendur velkomnar til að sinna gefandi vinnu með góðum félögum. Á Hrafnistu er lögð áhersla á sveigjanleika í starfi.

Allar nánari upplýsingar á www.hrafnista.is, magnea@hrafnista.is eða í síma 585 9529

das HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

vilborga@centrum.is

Jón stendur fyrir komu töframannsins David Jones, sem sýnir í Hafnarfjarðarleikhúsinu 1. nóvember.

Breytir stelpu í strák

Námsflokkar Hafnarfjarðar eru teknir til starfa og framboð fjölbreytt að venju. Meðal þess sem er á dagskrá í vetur er námskeið fyrir verðandi töframenn.

„Ég ætla að kenna öllum töfrabrögð sem vilja en þetta miðast við tíu ára aldur," segir töframaðurinn góðkunni Jón Víðis Jakobsson og bætir við að námskeiðið sé byggt á bók sem hann gaf út fyrir nokkrum árum. Sú nefnist Töfrabragðabókin og hefur að geyma leyndardóminn að baki nokkrum vel völdum brögðum.

„Við lærum hugsunina á bak við töfrabrögð og hvernig þau eru framkvæmd. Klassísk brögð eins og að festa töfrastaf, draga pening úr eyra, trefil í gegnum háls og nokkra spilagaldra að auki. Jafnvel að breyta stelpu í strák ef tími gefst."

Að sögn Jóns byggja töfrabrögð af þessu tagi á sjónhverfingum sem eiga lítið skylt við galdra og því skulu nemendurnir ekki búast við að geta lyft hlutum með hugarorkunni einni saman eða flogið þegar þeir útskrifast. „Töframenn geta alls ekki flogið. Þeir geta hins vegar látið líta út sem svo sé."

Þar af leiðandi getur hver sem er lært að verða töframaður, ólíkt galdramönnum sem eru aðeins útvaldir eins og í tilviki Harry Potter. „Maður verður ekki góður nema að æfa sig," segir Jón. „Ég kenni brögð sem eru einföld kunni maður þau. En það þarf að tileinka sér kunnáttuna svo að aðferðin sjáist ekki."

Töfrabragðanámskeiðin hefjast 2. október og hægt að skrá sig á námskeið fyrir börn á aldrinum tíu ára og eldri og sextán ára og eldri. Nánar á www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

- rve

Jón Víðis er formaður Hins íslenska töframannagildis, sem eru samtök íslenskra töframanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samvinna skiptir miklu máli á leikskólanum.

Hugmyndir barnsins eru verkefni dagsins

Samtök áhugafólks um starf í anda Reggio Emilia á Íslandi (SARE) voru stofnuð 13. september síðastliðinn.

Leikskólinn Stekkjarás í Hafnarfirði vinnur eftir aðferðum Reggio Emilia og leggur áherslu á skapandi starf og gagnrýna hugsun.

Í Reggio Emilia-stefnunni er lögð áhersla á að kennararnir séu þrír, það er börn, kennarar og umhverfið. Þessir þættir eru samverkandi og hafa áhrif hver á annan. Því er litið á börn og starfsfólk sem samverkamenn og samrannsakendur. Áhersla er lögð á að nota námskenningar sem falla að félagslegri hugsmíðahyggju en hún byggir á virkni barnanna sem nema og að þau læri meira og betur í samvinnu við aðra en ein.

Einkunnarorð leikskólans eru: „Hugmyndir barnsins – verkefni dagsins" og á það vel við.

- hs



Svíf þú inn í svefninn

RB-rúm

Hágæðarúm á góðu verði.
Smíðuð eftir þínum óskum.

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla

Hágæða sælurúm	Nolterúm

Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stífleikar á spring-dýnum.

Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, er meðal aðalbæjarfulltrúa sem blogga á vefsíðu bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bloggandi bæjarfulltrúar

Á vef Hafnarfjarðarbæjar blogga bæjarfulltrúar á heimasvæði vefsins. Svæðið er vettvangur fulltrúanna til að koma skoðunum sínum á framfæri og um leið gera bæjarbúum kleift að fylgjast með störfum þeirra.

Jafnframt kemur fram á vefnum að bloggið sé fyrst og fremst persónulegar skoðanir og vangaveltur einstaklingsins. Þær skoðanir sem koma fram endurspegla ekki endilega skoðanir eða stefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Aðalbæjarfulltrúar sem eru skráðir með blogg eru Lúðvík Geirsson, Ellý Erlingsdóttir, Haraldur Þór Ólason, Guðmundur Rúnar Árnason, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Guðfinna Guðmundsdóttir, Gunnar Svavarsson, Almar Grímsson og Gísli Ó. Valdimarsson. - rh

Teiknimynd um víkinga

Leikstjórinn og leikkonan Eyrún Ósk Jónsdóttir aðstoðaði ungverska kvikmyndagerðarmenn við gerð teiknimyndar um Egil Skallagrímsson.

Eyrún stýrir sem kunnugt er Jaðarleikhúsinu. Hér er hún ásamt föður sínum Jóni Hlíðari, sem hjálpaði til við skipulagninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ungverskir kvikmyndagerðarmenn voru nýverið staddir í Hafnarfirði til að viða að sér efni fyrir nýja teiknimynd í fullri lengd um Egil Skallagrímsson. Eyrún Ósk Jónsdóttir, leikkona og leikstjóri, skipulagði komu hópsins til landsins og var gestunum innan handar á meðan á dvöl þeirra stöð.

„Þetta æxlaðist þannig að ég var úti í skóla með ungverskum strák, sem ég fékk í fyrra til að leika í einleiknum Ofurhetjan, sem ég skrifaði og leikstýrði," segir Eyrún.

„Hann fór með upptökur af leikritinu til Ungverjalands og þar komst leikstjóri myndarinnar, Erik Novák, yfir þær. Erik var þá á leiðinni til Íslands ásamt tökuliði og vantaði einhvern til að skipuleggja ferðina. Í framhaldi af því var haft samband við mig."

Þessi mynd er tekin úr bæklingi um teiknimyndina.

Að sögn Eyrúnar var tilgangur fararinnar að ná andlits- og landslagsmyndum og mynda hesta á tölti, sem yrðu teiknaðir ofan í og notaðir í myndina. Fjöldi Íslendinga kom nálægt vinnunni, þeirra á meðal starfsmenn fyrirtækisins Kaoz, RÚV og Landnámsseturs Íslands auk rekstrarstjóra skátaheimilisins Hraunbúa og föður hennar, Jóns Hlíðars.

„Þau tóku mikið upp í Borgarfirði, Krýsuvík og Hafnarfirði," segir Eyrún og bætir við að Hafnarfjörður hafi hentað vel vegna þess hversu stutt var til hinna tökustaðana, auðvelt að komast í tæri við hesta og svo hafi ungverski leikarinn úr Ofurhetjunni mælt með Hraunbúum sem heppilegu gistiheimili.

Eyrún segir Ungverjana hafa skemmt sér konunglega á meðan á tökum stóð og þótt mikið til íslenskrar náttúru koma. „Þau voru mjög hrifin og ætla að koma hingað aftur fljótlega. Nú eru þau að ganga frá styrkjum eftir vinnuna hér. Ætla að sýna myndbúta til að fá samstarfsaðila til liðs við sig, bæði úti og hér heima."

Spennandi verður að fylgjast með vinnunni en ráðgert er að frumsýna myndina árið 2009. - rve

Ás fasteignasala hefur hafið sölu á sérlega glæsilegum íbúðum í lyftuhúsum á Norðurbakkanum í Hafnarfirði

Frábær útsýnisstaður, stutt í útivistarsvæði og miðbæinn

NORÐURBAKKI 1 OG 3

ATAFL

- ✔ Vandaðar innréttingar frá InnX og tæki frá Miele
- ✔ Granítborðplötur
- ✔ Sameiginlegt garðsvæði á milli húsanna
- ✔ Sjónvarpsdyrasími
- ✔ Þakgarður
- ✔ Byggingaraðili: Atafl hf.

INNX

Miele

NORÐURBAKKI 5

BYGGINGAVERKTAKAR INGVAR & KRISTJÁN EHF

- ✔ Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
- ✔ Gólfhiti m/sér hitastýringu í hverju rými
- ✔ Extra lofthæð
- ✔ Flísalagðar svalir og timburverandir
- ✔ Sjónvarpsdyrasími
- ✔ Þakgarður
- ✔ Byggingaraðili: Ingvar og Kristján ehf.

EGG

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

Frum

Föt Sigríðar eru að vissu leyti afturhvarf til fortíðar.

Sigríður leggur mikinn metnað í fatnaðinn.

Ullarpeysuárättan

Hafnfirðingurinn Sigríður Ásta Árnadóttir hefur getið sér gott orð fyrir endurunninn ullarfatnað.

„Ég er menntaður textílhönnuður og hef alltaf verið haldin hálfgerðri ullarpeysuárättu," segir Sigríður spurð út í hugmyndina á bak við hönnunina, sem er í skrautlegri kantinum.

„Svo átti ég einu sinni ullarpeysu inni í skáp sem mér þótti svo leiðinleg og óspennandi að ég ákvað að breyta henni og hekla á hana alls konar skraut."

Smám saman vatt þetta upp á sig og fyrr en varði var Sigríður komin með heilan ullarpeysulager. Hún fékk síðan inni í Kirsuberjatrénu þar sem fatnaðurinn fæst nú undir merkinu Kitchfríður.

„Kitch merkir eitthvað sem er ofhlaðið og ósmekklegt og það sem ég hanna er bæði skrautlegt og litríkt á íslenskan mælikvarða," segir Sigríður um nafngiftina. „Þegar ég var í námi fékk ég skot á mig fyrir að vera yfirdrifin og ákvað bara að snúa því mér í hag, með því að vinna með það sem er kitch."

Útkomuna má sá hér á síðunni og óhætt að segja að orðin litríkt og skrautlegt nái vel að lýsa henni.

- rve

Margir þekkja Sigríði undir nafninu Kitchfríður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Liggur við árekstri

Hjólreiðafélag hafnfirskra kvenna er hópur hressra kvenna sem vill auka sýnileika hjólreiðarmenningar í Hafnarfirði.

„Segja má að kveikjan hafi verið leti okkar stofnendanna. Við höfðum keypt okkur hjól og notuðum þau aldrei. Við ákváðum þess vegna að stofna klúbb til að beita okkur sjálfar þrýstingi, svo við færum út að hjóla minnst einu sinni í viku," segir Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, sem er í forsvari fyrir Hjólreiðafélag hafnirskra kvenna.

Félagið var formlega stofnað á sjálfum kvennafrídeginum árið 2006 og fóru viðtökurnar fram úr björtustu væntingum. Hundrað konur skráðu sig í félagið á fyrstu tveimur mánuðunum en á bilinu þrjátíu til fjörtíu þeirra eru nú virkar og vekja mikla athygli að sögn Eiríksínu þegar þær þeysast um götur bæjarins.

„Það hefur stundum legið við árekstri þegar hersingin mætir á svæðið," segir hún og hlær. „Karlarnir verða alveg lamaðir af skelfingu og vita náttúrulega ekkert hvert allar þessar vígalegu konur eru að æða. Það er flautað á okkur og hvaðeina."

Eiríksína segir að þótt félagið sé eingöngu ætlað konum hafi karlarnir tekið virkan þátt í starfinu meðal annars með því að kenna konum sínum á hjólin og séu því einskonar meðhjálparar. „Þeir mega auðvitað alveg koma með. Við flöggum þeim svona spari."

Hópurinn hittist klukkan 20.00 á miðvikudagskvöldum og 11.00 á laugardagsmorgnum við Hafnarborg en nú fara að verða síðustu forvöð að mæta þar sem félagið fer í frí í vetur. Áhugasömum er bent að hafa samband við Eiríksínu í síma 690 4583. *-rve*

Eiríksína með hjól sitt sem hún notar mikið í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Gluggasmiðjan
Fyrirtæki í framþróun
Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir
Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050
www.gluggasmidjan.is

MAX RAFTÆKI

129.989 kr.

37" LCD

VERÐHRUN!

Toshiba LCD sjónvarp

Toshiba 37WL66ZS
- 37" LCD breiðtjald
- 1366x768 punkta uppl.
- Active vision LCD
- Progressive scan
- 30w Nicam stereó hljóð
- 2 Scart (RGB), 2 HDMI,SVHS, CVBS, Component og heyrnartólstengi

EOS 400D + tvær linsur + batterípakki

VERÐHRUN!

Canon EOS 400D
- 10.1 Megapixel upplausn
- EOS innbyggð rykvörn
- 2.5" LCD skjár
- 9 sjálfvirkar fókusstillingar
- Tekur 3 ramma á sekúndu
- Allt að 27 rammar í raðtöku
- DPP RAW hugbúnaður
- Með 18-55mm linsu

119.989 kr.

Örbylgja

Dantax M17L
- 700W örbylgjuofn
- 17 lítra

6.989 kr.

Helluborð

Scandomestic K60
- 60 sm keramik helluborð
- Með snertirofum
- 4 hellur - rúnnaður kantur
- Tímarofi
- Ein Booster hella
- Rúnnaður kantur
- 2x18sm 1800w hellur
- 2x14,5cm 1200w hellur
- Mál: (bxhxd) 58x51x5 sm
- Innbmál: 56x49x5

34.989 kr.

OPIÐ TIL KL.22:00

Velkomin í Fimmtudagsfjörið!
Mikill afsláttur - Frábær tilboð

Uppþvottavél

VERÐHRUN!

Contructa CG345S2
- 60sm, 12 manna uppþvottavél
- Rafeindastýrður kerfisveljari
- Lætur vita ef gljáefni vantar
- Skolunarkerfi
- Sparnaðarkerfi 50°
- Venjulegt kerfi 65°
- Vatnsflæðivörn
- Þvotthæfni A, orkunýtni A
- Þurrkgeta A
- Utanmál í sm (hxbxd): 86x60x60

39.989 kr.

Ofn

AEG B30004M
- Ofn með stáláferð
- Með grilli
- Heitur blástur
- Orkuflokkur A
- Stærð (hxbxd): 60x59x56sm

VERÐHRUN!

39.989 kr.

Gufa

Rowenta DM530
- 2300w gufustraujárn
- Lóðrétt og lárétt gufa
- 260ml vatnsgeymir
- Dropavörn

5.989 kr.

Kæliskápur

Bauknecht KSN530IN
- 178sm Ameríkskur ísskápur
- 335 lítra kælir
- 155 lítra frystir
- Total No Frost
- Orkunýting A
- Hljóð: 45dB
- 6 glerhillur í kæli
- Ískalt vatn, klakar og kurlaður ís
- Frystigeta 12kg á dag
- Framleiddur á Ítalíu
- Stál hurðir og hliðar
- Mál (hxbxd): 178x90,2x76,4 Dýpt án hurða 60sm

VERÐHRUN!

149.989 kr.

Þvottavél

Beko WMD25100T
- 1000 snúninga og 5kg þvottavél
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 30sm
- Ullarkerfi, Skolstopp, Aukaskol og Hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A
- Vinduhæfni C
- Stærð í sm (bxhxd): 60x85x54

VERÐHRUN!

39.989 kr.

5.489 kr.

VERÐHRUN!

FIFA 08 fyrir PSP og PC 3.989 kr.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19. Fim. 11-22.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

Bílahornið

Hyundai Sonata GLS - sjálfskiptur. Árgerð 1997, ekinn 116 þ. km, Bensín, Sjálfskiptur. Ásett 490 þ. Tilboð 350 þ. stgr.

Bílahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

Diesel Diesel ! Toyota Rav4 DD4 diesel 06/06 ek. 20 þ.km allur sem nýr verð áður 3.3 tilboð 2.990.000

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

INTERPORT

BMW 116i 03.2006, ek. aðeins 9 þ. km. 5 gíra, svartur metallic, ESP, ABS, álfelgur, útv/cd ofl. Verð kr. 2.390.000. Bílalán mögulegt.

Mercedes Benz C 180 K Classic 03.2006, ek. 43 þ.km. Sjálfskiptur, Obsidiansvartur,ESP stöðugleikakerfi & spólvörn.Verð kr. 3.490.000. Tilboðsverð kr. 2.990.000. 100% bílalán mögulegt.

Mercedes Benz C 200 K Avantgarde 02.2007, modelár 2008 W204 Sjálfskiptur, Iridium silfurmetallic, Glertopplúga, Avantgarde-pakki, hiti í sætum, 17" álfelgur ofl. ofl. Verð kr. 5.390.000. Tilboðsverð kr. 4.990.000 100% bílalán mögulegt.

Interport ehf
Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300
www.interport.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Ssangyong Musso disel, sjálfskiptur, árg.'97, ek. 205 þ. km, 2.9L Benz vél. Verð aðeins 490 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 110421 S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

X4 ehf.

Nýr 2007 Mazdaspeed 3 2.3L. Turbo 263 hp. 5.8 sec. í 100 km.

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opið laugard 12-16
www.x4.is

Breiðan ehf
821-6292

Ford F-250 Lariat árgerð 2004, diesel 6,0 sjálfskiptur, með öllum aukabúnaði, innfluttur nýr (Brimborg), ekinn aðeins 45 þús.km. (ekki meiraprófsbíll), sk. '08, verð kr. 3.250.000 S. 821 6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Snarlækkað verð á nýjum og nýlegum bílum. Hringdu núna og gerðu reyfarakaup á haustútsölum í USA. T.d. Dodge Caliber eða Ford F150 á 1990þús! Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Volvo XC90

Volvo XC90 árgerð 2006. Svartur diesel með öllu. 12 hátalara hljóðkerfi, sér útvarp fyrir aftursætisfarþega, geisladiskamagasín, rafmagn í sætum, xenon ljós, sími, tól og handfrjáls, 17" álfelgur, tímastilltur forhitari, ljóst leður, cruise control, viðarklæðning í mælaborði, sjálfsskiptur ekinn aðeins 20.000 km. Verð 6,2 skoða skipti á nýlegum dísilbílum, gott lán frá TM getur fylgt. Umboðsbíll. Allar upplýsingar í síma 699 3166.

Toyota Rav4 EXE árg '01. Ek. 97 þ. Ssk, leður, lúga, dráttarkrókur. Verð 50 þ. + yfirtaka S. 691 9374.

Toyota Avensis 1800. árg. 09/03. ek. 41.500 km. sjálfsk., dráttarb., sumar/vetrard. Áhv. ca. 1.100 þ. Afb. 17 þ. á mán. Verð 1.700 þús. Uppl. í síma 861 5577.

Mega bull verð !!!!!!

Subaru Impreza W/G árg. 99 ekinn 169 þ. km sjálfskiptur krókur, 2 spoilerar, álfelgur góð dekk, sk. 08. Verð 550,000-Tilboð 420.000- 863 0149.

Ekki missa af þessum!

Glæsilegur Yaris árg. 2003 til sölu. ek. 66 þús. Bíll í toppstandi, sumar og vetradekk. Ásett V. 700 þ. Uppl. í s. 863 6060.

Dodge Ram 2500 Dísel, árg. '99, verð 1490 þ. Landrover Freelander árg. '99. Ek. 140 þ. V. 700 þ. 100% lán. Uppl. í s. 892 5590.

Til sölu Benz Brabus '01 ek. 100 þ. 19" felgur. Verð 3,1 m. góður stgr. afl. Áhv. 1800 þ. Skipti möguleg á Pick Up eða jeppa. S. 692 7078.

Toyota Rav árg. '05, ek. 60 þ. Uppl. í s. 824 9092.

Audi A4 til sölu. árg. '02, leður, topplúga. 200 þ. út + yfirtaka á láni. Uppl. í 869 9246.

Toyota 4Runner '91 árg. Ekinn ca. 130.000 km. Vatn inn á vél en mjög gott body, á nýjum heilsársdekkjum. Verð 170.000. S. 692 3333 e. kl. 17.00.

Audi S4 Quattro 2005. 350 HÖ, 6 gíra, aldrif, sóllúga, Recaro innrétting, OZ felgur CD, rafm í öllu, sem nýr, ek. 38 þ. Verð 800 þús. + yfirtaka, ath öll skipti. Uppl í s. 894 9002.

Skoða öll skipti upp og niður ??

Mazda 6 Grand Touring S. Árg. 06, ek. 600 þ.Km, V6, Ssk, Airbag, Cruise, Rafm. í öllu, Álfelgur, Xenon, Ásett 3.990 þ., Lán 3.450 þ. S. 661 8185.

Aðeins 19Þ pr mánuð !!

Kia Magnetis. Árg. 05. ek.48 þ. ssk. sk. 08. Abs. Álfelgur. Cd. 2 ,0 Vél. 100% Lán. S. 897 2425.

Korando, árg. 98, ekinn 120 þ. km, 5 g. beinskiptur, dísel. 33" breyttur. Tilboð 650.000 kr. Uppl. í s. 868 5922.

Hummer H3 Special 4x4, 2006 árg., ek. 20.000 km, sólþak, leður, sat-nav, 20" króm, felgur, læst hátt og lágt drif, ofl. Verð 4.600.000. Gott lán fylgir. 100% yfirtaka möguleg! Unnar. GSM. 899 7787. unnar@unnar.com

M. Benz. C220 CDI disel. árg. '98 ek. 510 þús. Tilboð 550 þús. Uppl. í s. 868 5922.

BMW 545i árg. 2004, 335 hö, ekinn 85.000 km, 19" felgur, topplúga, Xenon aðalljós, fjarlægðaskynjarar, leður sæti, head-up display. Tilboð 5.900.000 kr. 100% yfirtaka!!! Unnar. GSM 899 7787. unnar@unnar.com

www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Renault Kangoo disel. Árg.'05. 5 manna. Toppbíll. Ek. 46 þ. Bsk. Bílasamningur 1540 þ. Aðeins yfirtaka, afb. 22 þ. á mán. S. 892 7852.

Berlingo 2004, ek. 17 þús. Mjög vel með farinn. V. 1 mil. Áhvílandi 850 þ. Afborgun 12 þ. á mán. Uppl. í s. 869 6987.

Subaru forester. Nýskr. 08/'03. Rauður/grár ek. 85 þ. Ssk. V. 1480 þ. Áhv. 430 þ. Sumar og vetrardekk á felgum. S. 848 4456

VW Polo '97, 1400, 5 d., dökkgrænn. Uppl. í s. 863 1790.

Til sölu Volvo S80 árg. '00, ek. 107 þús. Einn með öllu, nýkominn úr þjónustu frá Brimborg. Verð 1.800 þús. Uppl. í s. 847 9809.

Isuzu Rodeo '94, ekinn 95 þ. km, verð 250 þ. Negld- og sumardekk. Einn eigandi. 898 8798.

Honda Accord Sport árg. '05 Silfurl. Sjálfssk. Ekinn 36 þ. Verð 2150 þ. Sími 895 8180.

Til sölu Willis Wrangler '92 V. 300 þ. Pontiac Transam '98 V. 1800 þ. Pontiac Grandam '96 V. 150 þ. Chrysler Stratus '98 V. 100 þ. Jaguar SJX '85 V. 180 þ. S. 899 4096

MMC Colt árg '91, ek. 118 þús. Vetra og simardekk. Verð 150 þús. Uppl. í s. 868 5922

0-250 þús.

Ford Mondeo Ghia '94, ek. aðeins 94 þús. ssk, sko '08, S/v.dekk glertoppl., 2.eig. V. 190 þ. S. 695 2381.

Subaru Legacy 2,0 '92, ek 165 þús. Sk 08, góður bíll, V.150 þús, uppl. í s. 894 9002.

M.Benz 230E '92, ek. 250 þ. Head eða headpakkning farin. V. 100 þús. Uppl. í s. 699 0065.

Nissan Sunny '94 til sölu. Nýskoðaður '08, sumar- og vetrardekk á felgum, ek. 188 þ. Verð 130 þ. S. 892 4248.

Toyota Corolla '94 Nýleg nelgd vetrardekk. Nýjar bremsur að aftan. Einn eigandi í 12 ár. Bíll sem á nóg eftir. V. 100 þ. S. 868 9065

Opel Corsa árg. '99 Sk. '08. 3 dyra. Ek. 125 þ. V. 115 þ. S. 699 2707.

Skodi Felicia, árg. '00, skoð. '08, ek. 78 þús. V. 110 þús. Uppl. í s. 866 1083.

250-499 þús.

Mitsubishi Carisma '99. Sk. '08, ek. 80 þús. Bsk, álf., cd, saml. Dráttarkúla, heilsársdekk, bíll í toppstandi. Verð 490 þús. Uppl. í s. 696 1649 & 562 3770.



Suzuki Sidekick '98, ek. 163 þús, ný tímareim og kúpling. Verð 290 þús, 897 6517.



Frábær dekurbíll! Corolla '97 1.6xli ek. 147 þús., nýskoðaður. stgr. 320 þús. 895 6589.

Susuki Jimny árg. '02, sk. '08. Fæst á 490 þúsund, möguleiki á yfirtöku á láni. Góður í veiðina og fínn í innanbæjarakstri. Upplýsingar í síma 867 1970.

Dodge Grand Caravan, árg. '99, 7 manna. Ek. 114 þús. V. 400 þús. Uppl. í s. 868 5171.

500-999 þús.



Til sölu vegna flutnings Citroen C5 '03 ek. 72 þ. km. Sumar + vetrardekk, áhvílandi 954 þ. kr. afborgun 26 þ. á mán. Nánari uppl. í síma 820 6945.

1-2 milljónir

Til sölu Toyota Yaris sjálfskiptur, ekinn 28 þ. km, CD, saml., og fl. Ásett verð 1.390.000 eða 1.190.000 stgr. Uppl. í s. 895 9558.

MAZDA 3 1.6 LUXUS, árg. '05 ssk. Ek. tæplega 40 þús. Toppl., 16" álfelg.+vetrard., dráttarkr. ofl. V. 1740 þús. Bílalán 1290 þús. Afb. ca 27 þús. á mán. S. 861 0077.

2 milljónir +

Hybrid gefur þér aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! Kynntu þér HYBRID frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

BMW X3 árg. '04, ek. 38 þús 2.5 L, umboðsbíll, leður, ssk. DVD tveir 8" skjáir í höfuðpúðum. Verð 3.990. Uppl. Tryggvi 845 2034.

Til sölu perluhvítur Lexus IS-250 04/07 ek 5.500 km. 6 þrepa sjálfsk, topplúga, leður, fjarl.skynjarar, 17" felgur. Eins og nýr! Áhv. 3 millj. Verð 4,8. Uppl. í síma 867 6767/897 0337.

Toyota land 2001 comon rail ek. 200 þ. Ný dekk, bein sala verð 2.290.000. Sími 862 0279.

Bílar óskast

Ódýr bíll óskast, helst hyundai, má þarfnast lagfæringar. Verðhugmynd 25 til 60 þúsund. Uppl. í síma 820 4640.

Ódýr bíll óskast á 15-60 þús. Uppl. í s. 699 3548.

Jeppar

Snarlækkað verð á haustútsölum. 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. 2007 frá 3.990þús. 2008 pantið núna. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Land Cruiser 100 dísel árg. 2000. Ek. 128 þ. Leður, 33" dekk. Verð 3,5 s. 8206030

Fornbílar

Jaguar XJ6 árg. 1979, ek. 110 þús., svartur, ljóst leður, skoðaður 2007, verð 495.000. Uppl. sími 840 2345.

Pallbílar

Reyfarakaup á haustútsölum. 2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á tombóluverðum. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Húsbílar

Til sölu nýr Hobby Van húsbíll, árgerð 2007. Ford Transit 2,2 Diesel, 130 Hö. Verð aðeins 5.790.000. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S. 517 7040 www.hobby-husid.is

Mótorhjól

Til sölu 2 glæný 07" hjól á ótrúlegu verði. Honda CRF250 og CRF450. Hægt er að fá allt að 90% lán. Uppl. í s. 660 1811, andrib85@gmail.com.

Hjólhýsi

Til í að skoða öll skipti???
Travelking 690. Árg 07. Sólarsella. 2 Geymar. 2 gas. Fortjald. Cd. 154L vatnstankur. TV-loftnet, Gólfhiti og fl. Gott lán. S. 661 8185.

Fellihýsi

Til sölu Pallomino Yearling 4100, árgerð 2004 10 fet, svefnpláss fyrir 6-8, fortjald, rafmagnslyftibúnaður, 220v, truma miðstöð, ísskápur. Verð aðeins 990.000 Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S. 517 7040, www.hobbyhusid.is

Bátar

Línuúthald til sölu. 22 stk. af 6 mm Noskri línu nánast ónotuð stokkuð og þveigin, krókastærð er 11 og 12 OZ, balar fylgja. Tilboð óskast. Uppl. í s. 895 1645.

Til sölu Sómi 700 með 230 með Volvo Penta 3,500,000. S. 896 4894.

Til sölu netaspil og niðurleggjari. Einnig til sölu grásleppunet klár í körum ca 90-100 2500st Uppl. í s. 857 5863.

Óskum eftir tilboði í skemmtibát.
Fjörd 24 smíðaður 1977, 300 hö Yanmar turbo diesel. Keyrður á vél og drifi 400 tíma. Bátur í toppstandi. skráningarnúmer 2616 Upplýsingar í síma 840 8150.

Vinnuvélar

Til sölu minitækjasett : Fermac minigrafa 1,5 tonn og Yanmar beltavagn. Tækin eru í góðu standi. Verð 1500 þúsund. Uppl. í síma 863 1291.

Bílaþjónusta

JEPPAR TIL SÖLU

Varahlutir

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

Við erum flest allir á www.partasolur.is

KEYPT & SELT

Til sölu



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Til sölu massíft tölvu-skatthol. Verð tilboð. Uppl. í s. 698 8824.

Til sölu lítill lager af mjög fallegum stytt-um, stórum sem smáum. Selst í heilu lagi eða minni einingum. Uppl. gefur Tóta, s. 660 0470 e. kl.16.

Búðin er að loka, þarf að losna við allt. Selst ódýrt og gefins. Asía Center, Engihjalla 8. Lausir básar. S. 893 8886.

Gefins

3 einstaklega fallegir kassavanir kettling-ar fást gefins á góð heimili. S. 899 2060 & 551 3960.

Gæfur og fallegur kettlingur fæst gefins. Uppl. í s. 562 6006.

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilli-flauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harm-onikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Píanó óskast gefins, má vera ónýtt eða bilað. Óskandi sækir. Sími 697 3715.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingar-þrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tökum að okkur heimilis-, flutnings- og nýbyggingaþrif og þrif eftir iðnaðar-menn. Vönduð vinna. S. 691 2396.

Garðyrkja

Garðaþjónusta H.G.
Öll helstu garðverk, hellulagnir, sólpall-ar. Uppl. í s. 699 8509.

Gröfuþjónusta, hellulagnir, þökulagnir, drenlagnir, jarðvegsskipti og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

Bókhald

Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum og sandspörtslun. Föst verð og tímavinna. S. 693 2625, Sigurður & Kristmundur List-verk.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrv-iðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygj-anl.)

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípu-lögnum og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Stífluþjónusta

Tölvur

Tölvuþjónusta
Yfir 60 fyrirtæki í föstum viðskiptum og hundruðir einstaklinga Kem á stað-inn. Microsoft vottun. 11 ára reynsla - Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 12 á hádegi til 12 á miðnætti. Lára & Klara, spámiðlar

Visa/Euro.

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrir-bænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Hanna 908 6040
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Spákona
Spákona spáir í spil, ræð drauma o.fl., gef góð ráð. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

Kristjana spámiðill. Þeir sem til mín vilja leita. Pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Rafvirkjun

RafList
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagn-ir, viðhaldsvinna,

og fagleg ráðgjöf.
Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.

Trésmíði

Seljum og leggjum park
Tökum að okkur lagningu, slípun, lökk-un ofl. á parketi, eigum einnig parket til sölu. Hröð og góð þjónusta. S. 659 7596

Önnur þjónusta

Fatabreytingar
Fatabreytingar, styttum buxur samdægurs, skiptum um renni-lása á buxum og jökkum, einnig leðurjökkum.
Opin mánudag- föstudag frá kl 10- 12 & 13-17.30. laugar-daga 10-14. Sími 552 5540. Skraddarinn á Horninu, Lindargötu 38.

LYFTARAR TIL SÖLU

K-Matt ehf. vefsíða www.k-matt.is. Sími 421 8999. E-mail k-matt@k-matt.is

Parket Parket
Tökum að okkur parketlagnir, vönduð og góð þjónusta. Gerum föst verðtilboð. Hafið samband í síma 699 5099, Orri.

Tek að mér að vera hjá einstaklingum hluta úr degi, er samviskusöm, heiðar-leg og jákvæð. S. 895 5707.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkr-unarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hot-mail.com

Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir og fylgihlutir til sölu 45.000 st.gr. 891 6447, Ólafur

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Þjónusta

Samtalstímar
Erfið samskipti, sorg, hegðun, börn, unglingar? Einkatímar - Pör - Hópar - Teymi - Handleiðsla.
Gústaf Edilonsson S. 844 0599

Gestalt / Psycotherapeut
opal@simnet.is

Samtalstímar
Erfileikar - Möguleikar - Viðhorf - Úrræði - Handleiðsla.
Bergljót V. Óladóttir

Gestalt / Psycoterapeut

Tímapantanir sími 848 0905.

Ýmislegt

Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Silfurleir skartgripagerð
Kvöldnámskeið 1.,2. og 4. okt. Skráning og uppl. s. 555 1212. Einnig tréútskurður, steinaskart og tálgun. Handverkshúsið Bolholti 4.

Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Glæsilegur skenkur + spegill (Línan), nýlegt 3ja og 2ja sæta sófasett. Borðstofuborð (eik), 4 stólar með háu baki. Nýtt hjónarúm 153x200 + nátt-borð, kommóða m/ 7 skúffum + spegill í stíl. BangOlufsen 21" tv, eldhúsborð st. + 4 stólar. S. 696 1649 & 562 3770.

Gamall, útskorinn Maghony borðstofu-skápur. Max sófasett til sölu. Verðtilboð. Uppl. í s. 848 7660

Barnavörur

Til sölu Simo kerruvagn verð 20 þ. Uppl. í s. 663 9736.

Gisting

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 80.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

TIL SÖLU

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Rooms and studio apartment to rent in downtown Reykjavik. All rooms are fully furnished with shared bathroom and kitchen facilities, TV, internet access and laundry facilities. Rent is 45-55.000 per month. Apartment is fully furnished + internet access and washing machine. Rent is 110.000 per month. Further info at : 899-1525 between 14:00 and 18:00.

Til leigu 4 herbergja íbúð á Tjarnargötu 48, 101 Reykjavík, frá og m. 1. október. Uppl. í s.: 862 9466.

2ja herb. íbúð og stúdio íbúð til leigu í miðbænum, leigjast til 1. júní '08, jafnvel m/ húsg. Uppl. í s. 844 8478.

Ertu í millibilsástandi? Í Hlíðunum er 60 fm íbúð til leigu 29.sept-20.okt. Sigurður 848 7142.

150 fm íbúð til leigu í snyrtilegu og góðu atvinnuhúsnæði við Duggugvog. Björt og góð íbúð sem býður upp á mikla möguleika. Laus strax. Verð 160 þús. mán. Uppl. 822 7262.

Herbergi til leigu í miðbæ Rvk, mjög góð sameiginleg aðstaða. Uppl. í s. 897 9409.

Til leigu 3ja herb. ný uppgerð íbúð í Kópavogi. Uppl. í s. 551 9107, 564 1971 & 893 6417.

Leigusalar auglýsa frítt.
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
Leigjendur leita frítt.
Leiga.is býður
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Húsnæði óskast

26 ára kona frá Vestfjörðum óskar eftir einstaklingsíbúð sem fyrst
Er með vinnu í Rvk, er reglusöm og reyklaus. Íbúðin þarf að vera snyrtileg, með sérinngangi og ekki væri verra að hún væri á jarðhæð. Staðsetning skiptir ekki máli, bara Rvk og nágrenni. Greiðslugeta 50-60 þús. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 451 3238, Þuríður.

Ert þú fasteignareigandi og ert að selja?
Mig vantar ca. 60-70 fm íbúð, hún þarf að vera á jarðhæð með garði. Staðsetningar sem koma til greina eru Seltjarnarnes, Garðabær, Mosó og nágrenni. Svæði 105. Önnur svæði, er til í að skoða. Einungis heiðarleg viðskipti og sanngjörn sala koma til greina. Uppl. í síma 845 6933 Þurý.

2 ungar skólastelpur óska eftir 3ja herb. íbúð nálægt miðbænum á verðb. 80-100 þús. Áhugasamir hafi samband í s. 692 3934 eða 866 7789.

Óska eftir 3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu til leigu. Uppl. í s. 869 3282.

Óska eftir studio eða 2ja herb. íbúð í Rvk. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið, reyklaus. s. 896 8568.

Rólegur, reyklaus og reglusamur maður óskar eftir íbúð á sanngjörnu verði. S. 863 8773.

Atvinnuhúsnæði

Sjúkraliði, 41 árs, kk, óskar eftir stúdíóíb/herbergi sem fyrst, helst í 101-107. S. 692 6874. adalthor@gmail.com.

110 fm í Kópavogi til leigu í allt að 12 mán., klósett og stórt geymslurými, innkeyrsludyr. 100 þ. á mán. + hiti og rafmagn. Uppl. í s. 663 0000.

Geymsluhúsnæði

Pantið tímanlega fyrir húsvagninn
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Vantar þig geymsluhúsnæði undir tjaldvagna kr. 9 þ., fellihýsi 13 þ., húsbíla og hjólhýsi frá kr. 17 þ. allan veturinn. S. 892 4791, Ólafsfirði.

Til leigu
220 m2 húsnæði við Selfoss. Nokkur svefnh. 2 eldhús og 2 baðherbergi Tilvalið fyrir 7-8 manns. Sími: 661-6800

Bílskúr

Óska eftir bílskúr eða litlu iðnaðarhúsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 896 8568.

ATVINNA

Atvinna í boði

Skalli Hraunbæ aukavinna
Vantar hresst og dulegt starfsfólk í aukavinnu 1-2 kvöld í viku frá kl. 19-24 og aðrahvora helgi. Lámarksaldur 18 ára. Uppl. í s. 567 2880 alla virka dag til kl. 17.

„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL ??"
Höfum í boði afgreiðslustörf í bakaríinu okkar á Kleppsvegi. Einnig í boði helgarvaktir sem henta vel fyrir skólafólk. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Cafe Oliver
Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is

Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Ert þú vanur/vön vinnu við smur- og dekkjaskipti? Max1, hraðþjónustuverkstæði, byggir upp nýja stöð í Breiðholti og vantar vana starfsmenn til starfa. Frekari upplýsingar um starfið veitir þjónustustjóri Max1, Ívar Ásgeirsson, í síma 690 1331. Taktu þátt í uppbyggingunni og sæktu um á www.max1.is.

Veitingahús
Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.

Gullnesti, Grafarvogi
Óskar eftir rösku starfsfólki í dagvinnu. Einnig óskum við eftir vönum starfsmanni á grill og í kvöld- og helgarvinnu. Uppl. í s. 898 9705, Daði.

serrano

Yfirmaður Serrano í Smáralind
Serrano mun í byrjun nóvember opna glæsilegan nýjan veitingastað í Smáralind.

Við leitum að yfirmanni til að stjórna þessum nýja veitingastað.

Starfssvið Verslunarstjóra

- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum

- Uppgjör

- Afgreiðslustörf

- Umsjón með vöktum

- Pantanir og birgðahald

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum

- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður

- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.

- Reynsla af rekstri mikill kostur.
Vinsamlegast sækið um á www.serrano.is/atvinna eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is - Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstóri Serrano, í síma 899-8947

ATVINNA

Auglýst er eftir skrifstofufulltrúa hjá Fimleikafélaginu Björk.

Helstu starfssvið eru símsvörun, móttaka, bókanir á sölum, skráning og útgáfa reikninga og fleira. Skrifstofufulltrúi vinnur á nánu samstarfi við framkvæmdarstjóra, íþróttafulltrúa, þjálfara félagsins og einnig í samskiptum við iðkenndur og forráðamenn þeirra. Vinnutími er skv samningi VR og FÍS og er frá 09-17 eða 09:30-17:30 eftir samkomulagi. Kostir sem leitað er eftir. Hæfni í mannlegum samskiptum.Skipulögð og vandvirk vinnubrögð. Frumkvæði og áræðni í að takast á við ný verkefni. Menntun sem nýtist í starfi.

Umsóknir og fyrirspurnir skulu berast í netfang:
gautim@fbjork.is.
Umsóknarfrestur er til 30. september.

BJÖRK

ATVINNA

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Melabraut 21-27 – Hafnarfirði

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar óskar eftir vélvirkjum, rennismiðum og/eða öðrum málmiðnaðarmönnum

Verkefni Vélaverkstæðis Hjalta Einarssonar eru mjög fjölbreytt en fyrirtækið rekur meðal annars, fartækjaverkstæði, smurstöð og fullkomið renniverkstæði ásamt öflugri og vel búinni smiðju.

Nýtt og vel búið mötuneyti er á staðnum ásamt góðri starfsmannaaðstöðu með búningsaðstöðu og sturtum.

Upplýsingar gefur Ingi B. Rútsson í síma 555 1170 Einnig er hægt að senda umsóknir og fyrirspurnir á ingi@stimir.is

Kornið Borgartúni.
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 6-13 og frá kl. 11-18. Hentar vel eldra fólki. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 eða 864 1544

Nonnabiti
Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklaus. Uppl. í s. 898 5956 & 899 1670 eða á staðnum.

SUBWAY

Ert þú næturmanneskja?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Lagerstörf og vörumeðhöndlun
Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfólki í móttöku og meðhöndlun, og almenn lagerstörf. Vinnutími er 8-16:30. Annars vegar er um að ræða flokkun, talningu, meðhöndlun og merkingu vara, og hins vegar tiltekt pantana, staðsetningar, endursendingar o.fl.
Nánari upplýsignar veitir Júlíus Kristjánsson á staðnum eða í síma 530 5697 á skrifstofutíma.

Kaffihús, Bakarí
Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00.
Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is

N1 Réttarhálsi
Öflugir, hressir og áreiðanlegir starfsmenn óskast til starfa á hjólbarðaverkstæði N1 að Réttarhálsi. Nánari upplýsingar veitir Ásgrímur Reisenhus í síma 587 5588 eða 660 0377. Áhugasamnir geta einnig sótt um á www.n1.is

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0875.

Loftorka Reykjavík.
Óskar eftir bílstjóra með meirapróf. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0875.

Vaktstjórar
Skeljungur hf. óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Shell Laugavegi og Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu ásamt yfirumsjón með vaktinni auk uppgjörs.
Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.

Útiþjónusta
Skeljungur hf. óskar eftir að ráða starfsmann í útiþjónustu á Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu.
Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select stöð.

Fótaaðgerðafræðingar óskast
Fótaaðgerðafræðingar óskast á stofu í fullum rekstri. Fullt starf eða hlutastarf. Allt kemur til greina.
Uppl. veitir Jóhanna eða Hafdís í s. 421 7117 eða 891 9772.

Keiluhöllin Öskjuhlíð.
Óskar eftir vönum starfsmanni í eldhús. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Upplýsingar í síma 617 1107.

Nýr og glæsilegur skemmtistaður
Nýr og glæsilegur skemmtistaður óskar eftir hressu og duglegu starfsfólki. Í boði er bæði dag og kvöldvinna. 100% stöður. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Áhugasamir hafi samband við Rakel í s. 617 1106 & rakel@rubin.is

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu, 100% staða. .
Upplýsingar í síma 864 6112 og agnar@keiluhollin.is

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Málarar.
Traust fyrirtæki vantar góða málara. Uppl. í s. 840 7690 milli kl. 10-12.

Bakari og aðstoðarmaður óskast
Óskum eftir að ráða bakara og aðstoðarmann til starfa í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

Bakarí
Óskum eftir starfskröftum til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi. Vinnutími frá 14-18.30 og önnur hver helgi. Helst Reyklausir. Uppl. í s. 820 7370.

Vanan sjómann vantar strax á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Góð íslenskukunnátta!
Rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir traustum starfsmanni 35+ ára í símasölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 Kristín.

TILKYNNINGAR

Viðskiptatækifæri
Til sölu lítið fyrirtæki í innfl. og smáviðg. Hægt að reka í bílskúr eða flytja út á land. Auðvelt að stækka eða viðbót við annan rekstur. Verð 3,9m. Uppl. ksa@simnet.is eða í s. 664 3177.

Einkamál

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

TILKYNNINGAR

Auglýsing um lokun

Skrifstofur Orkugarðs, Orkustofnunar og Íslenskra Orkurannsókna verða lokaðar frá kl 13:00 fimmtudaginn 27. September nk vegna 40 ára afmælis Orkustofnunar.

Orkugarður

FASTEIGNIR

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

BAUGAKÓR 19, 2. HÆÐ – OPIÐ HÚS

Frum

Mjög falleg og vel skipulögð 3ja herb. 87,6 fm íbúð á 2.hæð í 3ja hæða lyftuhúsi á eftirsóttum stað. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnh., þvottah., baðh., stofu og eldhús. Sérmerkt stæði fylgir í bílageymslu. Útsýni. Falleg og vel skipulögð eign. Örstutt í leik og grunnskóla sem og aðra þjónustu.

ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ 17.30-18.30.

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

HJÁLMAKUR – GARÐABÆ

Frum

Fullbúið og glæsilegt 293 fm einbýli í hinu nýja Akrahverfi. Húsið er vel staðsett fyrir neðan götu innarlega í botnlanga. Um er að ræða staðsteypt „Funkis“ hús með mikilli lofthæð teiknað af Úti-Inni arkitektum. Húsið skiptist þannig: Miðpallur, anddyri, sjónvarpsstofa, stofa, eldhús og borðstofa. Á efripalli eru fjögur svefnherbergi, fataherbergi og baðherbergi. Á neðri palli eru hol, herbergi, baðherbergi, þvottahús og bílskúr.

Skipulag hússins er gott og frágangur allur hinn vandaðasti, innréttingar eru frá JKE - design, gólfhiti og innfeld lýsing - hönnuð af Lúmex. Eldhústæki eru vönduð og öll blöndunartæki eru af gerðinni Vola. 6977.

EIGNAMIÐLUN

Frum

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

EIGNIR ÓSKAST!

Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- 2ja herbergja í hverfi 101, 105, 107 og 220
- 3ja herbergja í hverfi 105, 107, 109, 200 og 220

Frum

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Heimir Bergmann
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

ÞINGHOLT

Skipholt 15, 105 Reykjavík
Sími 590 9500
www.thingholt.is
Traust fasteignasala í 30 ár

Þórarinn Kópsson
lögg. fast.sali
GSM 820 9505
kopsson@thingholt.is

Kjartan Kópsson
sölufulltrúi
kok@thingholt.is

Ingvi Rúnar
sölufulltrúi
GSM 896 0421
ingvi@thingholt.is

Frum

Ætlar þú að selja eða kaupa fasteign?

Við aðstoðum þig alla leið og veitum þér góða þjónustu.

Innifalið í okkar þjónustu er m.a.
Frítt verðmat - Frí myndataka
Frí flutningsþrif

Vegna mikilla sölu þá vantar allar tegundir eigna á skár, hringdu núna í síma 590 9500.

Draumahús **530 1800**

Föst lág söluþóknun

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága söluþóknun.
Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
www.draumahus.is eða hringdu í síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

Þjónusta ofar öllu

RE/MAX Fasteignir

ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA !

HRINGDU NÚNA
699 6165

BÓAS & GUNNAR

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is

Stefán Páll
Löggiltur
Fasteignasali

Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
Kraftafl ehf

SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Heiðarborg, Selásbraut 56 óskar eftir að ráða deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun.

Heiðarborg er fjögurra deilda leikskóli í grónu hverfi í Selásnum þar sem er stutt í ósnortna náttúru, Elliðaárdalinn og Rauðavatn.
Í Heiðarborg er lögð áhersla á leikinn, hreyfingu og málrækt.

Verið velkomin í heimsókn í Heiðarborg eða hafið samband við Emilíu Möller leikskólastjóra í síma 693-9861 eða 557-7350.

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

TILKYNNINGAR

Hverahlíðarvirkjun, allt að 90 MW jarðvarmavirkjun

Mat á umhverfisáhrifum
- athugun Skipulagsstofnunar

Orkuveita Reykjavíkur hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hverahlíðarvirkjun, allt að 90 MW jarðvarmavirkjun í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **27. september til 9. nóvember** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss, á bókasafninu í Þorlákshöfn, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðum Orkuveitu Reykjavíkur: **www.or.is** og VSÓ ráðgjafar: **www.vso.is**

Orkuveita Reykjavíkur mun kynna frummatsskýrslu virkjunarinnar með opnu húsi á eftirfarandi stöðum:

Í húsi Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarhálsi 1 **miðvikudaginn 3. október kl. 17.00.**

Í Hellisheiðarvirkjun **fimmtudaginn 4. október kl. 17.30.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **9. nóvember 2007** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br.

Skipulagsstofnun

Bitruvirkjun, allt að 135 MW jarðvarmavirkjun

Mat á umhverfisáhrifum
- athugun Skipulagsstofnunar

Orkuveita Reykjavíkur hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Bitruvirkjun, allt að 135 MW jarðvarmavirkjun í Sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **27. september til 9. nóvember** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss, á skrifstofu Grímsness- og Grafningshrepps, á bókasafninu í Þorlákshöfn, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðum Orkuveitu Reykjavíkur: **www.or.is** og VSÓ ráðgjafar: **www.vso.is**

Orkuveita Reykjavíkur mun kynna frummatsskýrslu virkjunarinnar með opnu húsi á eftirfarandi stöðum:

Í húsi Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarhálsi 1 **miðvikudaginn 3. október kl. 17.00.**

Í Hellisheiðarvirkjun **fimmtudaginn 4. október kl. 17.30.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **9. nóvember 2007** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br.

Skipulagsstofnun

TEITUR

Bifreiðastjórar
með hópbifreiðaréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

TILKYNNINGAR

FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2006/2007

Fiskistofa auglýsir að nýju eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðalög:

Tálknafjarðarhreppur
Brjánslækur í Vesturbyggð
Stykkishólmsbær

Um úthlutunarreglur í ofangreindum byggðalögum vísast til reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007, með síðari breytingum, auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 844/2007 í Stjórnartíðindum. Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2007.

Fiskistofa, 26. september 2007.

UPPBOÐ

Sýslumaðurinn á Húsavík

UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Bergholt II, fnr. 217-0866, Langanesbyggð (áður Skeggjastaðahreppi), þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Lífeyrissjóður Austurlands, N1 hf. og Sýslumaðurinn á Húsavík, miðvikudaginn 3. október 2007 kl. 16:00.

Hafnargata 2, fnr. 217-0839, Langanesbyggð (áður Skeggjastaðahreppi), þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Byggðastofnun, Frumherji hf, Glitnir banki hf, Lífeyrissjóður Austurlands og Sýslumaðurinn á Húsavík, miðvikudaginn 3. október 2007 kl. 15:30.

Hafnargata 4, fnr. 217-0887, Langanesbyggð (áður Skeggjastaðahreppi), þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Byggðastofnun, Glitnir banki hf, Lífeyrissjóður Austurlands og Sýslumaðurinn á Húsavík, miðvikudaginn 3. október 2007 kl. 15:00.

Hafnargata 4, fnr. 217-0888, Langanesbyggð (áður Skeggjastaðahreppi), þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Alfesca hf, Byggðastofnun, Lífeyrissjóður Austurlands, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Sýslumaðurinn á Húsavík, miðvikudaginn 3. október 2007 kl. 14:30.

Höfðabrekka 20, fnr. 215-2973, 640 Húsavík, þingl. eig. Jónas Guðmundsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tollstjóraembættið, fimmtudaginn 4. október 2007 kl. 10:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík
26. september 2007.

Uppboð

Framhald uppboðs á eftirfarnandi eign verður háð á skrifstofu embættisins á Útgarði 1, Húsavík sem hér segir:

Thór skipaskrárnr. 0229, Húsavík, þingl. eig. Dórem ehf, gerðarbeiðandi Faxaflóahafnir sf, fimmtudaginn 4. október 2007, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
26. september 2007.

Hinn stríðandi meirihluti í Reykjavík

UMRÆÐAN
Orkuveita Reykjavíkur

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Samstarfsflokkarnir í borgarstjórnarmeirihlutanum, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru ekki samstiga í málum Gagnaveitu Reykjavíkur. Allt frá því fyrst var hafist handa við ljósleiðaravæðingu fyrir um áratug með stofnun Línu Net hafa sjálfstæðismenn haft allt á hornum sér varðandi verkefnið.

Bitbein Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks

Spjót sjálfstæðismanna hafa í gegnum árin ekki hvað síst staðið á fyrrverandi borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, Alfreð Þorsteinssyni. Í gagnrýni Sjálfstæðisflokksins fór jafnan fremstur í flokki Guðlaugur Þór Þórðarson sem gekk mjög hart fram og notaði þung orð um að illa væri farið með almannafé við ljósleiðaravæðinguna.

Fyrir kaldhæðni örlaganna er síðan verðmat á Gagnaveitur Reykjavíkur lagt fram í stjórn Orkuveitunnar sama dag og birtar eru fréttir að því að Guðlaugur Þór Þórðarson, núverandi heilbrigðisráðherra, hafi rekið Alfreð Þorsteinsson úr byggingarnefnd Hátæknisjúkrahúss. Það þarf ekki að undra að nokkrum klukkustundum eftir að fundi stjórnar lauk voru fréttir af tugmilljarða verðmati á Gagnaveitu Reykjavíkur búnar að leka út, þrátt fyrir að stjórnarformaður hafi lagt áherslu á að trúnaður yrði um málið.

Ágreiningur um sölu

Ágreiningur samstarfsflokkanna nær lengra, þar sem borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, og stjórnarformaður OR, Haukur Leósson, hafa báðir lýst áhuga á að selja Gagnaveitu Reykjavíkur og hefur borgarstjóri raunar lýst því yfir að „Gagnaveita Reykjavíkur verði seld ef sanngjarnt verð fáist fyrir hana“, eins og fram kemur í Morgunblaðinu 17. júlí síðastliðinn.

Fulltrúar Framsóknarflokksins hafa hins vegar ekki verið jafn áhugasamir um söluna á Gagnaveitu Reykjavíkur. Óskar Bergsson, annar helsti forystumaður flokksins í borgarstjórn, aftók með öllu að Orkuveitan yrði bútuð upp og einkavædd í hlutum í umræðum um fjárhagsáætlun borgarinnar sl. vetur. Ekki hefur hingað til verið hægt að greina nokkurn vilja í röðum framsóknarmanna til að selja Gagnaveituna og eftir framkomið verðmat er ekki líklegt að sá áhugi hafi aukist.

„Leyndarmálið“ sem allir vita

Ekki liggur ljóst fyrir hvaða rök liggja að baki því að trúnaður eigi að vera um verðmatið. Ákvörðun um einkavæðingu Gagnaveitunnar myndi kalla á mikla þjóðfélagsumræðu þar sem verðmat og verðmatsþróun fyrirtækisins væri ein af grunnforsendum umræðunnar. Ef marka má fréttir, er það sem eftir stendur, að verðmatið er vandræðalegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sýnir glögglega þá tækifærismennsku sem einkennt hefur þeirra málflutning í áratug um ljósleiðaravæðinguna. Talsmenn flokksins hafa haft á röngu að standa og borið fyrri meirihluta í borginni þungum sökum. Er eðlilegt að krefjast trúnaðar til að hylma yfir því?

Fulltrúar Samfylkingar í stjórn og varastjórn hafa farið fram á að leynd verði aflétt af niðurstöðu verðmats svo að stjórnarmenn og aðrir geti óhindrað tjáð sig um málið. Þeirri beiðni hefur enn ekki verið svarað þrátt fyrir að upplýsingar um verðmatið hafi víða verið.

Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar.

Erum við virkilega svona?

UMRÆÐAN
Dans

Sumir eru alltaf að skrifa greinar og senda fjölmiðlum og er ég ekki einn þeirra. Ég er jafnvel ekki svo viss um að þessi grein verði birt þar sem hún fjallar ekki um lyfjaskandal, eiturlyf eða annað sem gæti hneykslað lesendur eða þá sem stýra því sem birtist í fjölmiðlum.

RAGNAR SVERRISSON

Bróðir minn varð Bandaríkjameistari í samkvæmisdönsum í byrjun september og þar sem mér og mörgum öðrum fannst það vera fréttnæmt þá setti ég saman smá pistil og sendi á þá fjölmiðla sem mér datt í hug að hefðu áhuga, Morgunblaðið, Fréttablaðið, Blaðið, Sjónvarpið og Stöð 2. Samkvæmt því sem ég best veit þá hefur einungis Blaðið birt eitthvað, Fréttablaðið hafði samband við hann en eins og ég sagði þá veit ég ekki til þess að eitthvað hafi verið birt. Hinir miðlarnir höfðu ekki samband og hafa ekki birt neitt.

Við erum að tala um að Íslendingur hafi orðið Bandaríkjameistari í samkvæmisdönsum. Bandaríkin eru ein af stærstu þjóðum í heimi eins og flestir vita og ef það er ekki fréttnæmt að Íslendingur hafi orðið Bandaríkjameistari í samkvæmisdönsum, hvað er þá fréttnæmt? Jú, ég skal segja ykkur það. Um leið og einhver misstígur sig, t.d. ef dansari fellur á lyfjaprófi, þá er komin frétt. Þá birta allir fjölmiðlar eitthvað um málið. Erum við virkilega þannig að það sem er jákvætt er ekki frétt og það sem er neikvætt er frétt? Eða eru fjölmiðlarnir bara þannig? Það eru jú þeir sem vinna á fjölmiðlunum sem stjórna því sem birtist þar. Ég vona að ég sé ekki sá eini sem vill sjá meira af jákvæðum fréttum í fjölmiðlum.

Höfundur er danskennari.

Bjartsýni í orkumálum farartækja

UMRÆÐAN
Umhverfismál

Margir eru uggandi út af orku og sérílagi verði á orku farartækja, sjálfs einkabílismans. Nú er bílasýning í Frankfurt og næstum allir stóru framleiðendur bíla eru með nýjungar, sem varða orku. Ekki verður alls getið, en línur eru farnar að skýrast.

Fjölskyldubíllinn verður knúinn rafmagni en ekki bensíni eða olíu. Það verða ekki bara smábílar frá Indlandi eða Kína heldur frambærilegir fólksbílar, sem geta ekið 100 kílómetra eða meira á einni rafhleðslu. Bílar verða settir í samband við rafkerfið með því að stinga rafsnúru í samband. Með nýjum litíum rafgeymum er þetta hægt. Litíum er léttasti málmurinn, léttari en vatn, og verið er að þróa ýmis afbrigði, t.d. með vanadíum eða háþróuðum kolefnistrefjum. Þetta eru rafgeymar af þriðju kynslóð, en nikkelgeymar af annarri kynslóð eru nú í einkabílum. Toyota Príus reið á vaðið með tvíorkubil. Hann er með tveimur vélum, bensín- og rafmagnsvél. Hann nýtir þá orku, sem losnar við bremsun, í umferð eða niður brekkur; stórsniðug hugmynd. Svo fæst Lexus með svipaðum búnaði, en í honum er nikkelhydríð rafgeymar, en þeir eru margfalt léttari en blýgeymar miðað við orku.

Ekki eru á hraðbergi eyðslutölur, en ritara sýnist að Lexus jepplingur þannig búinn eyði helmingi minna bensíni en annars, en akstur er vitaskuld breytilegur. Slíkir bílar hafa nú verið búnir rafsnúru til að nota rafkerfi í heimahúsum. Ef ekið er á rafgeymunum einum, má auka orkunýtingu mörgum sinnum og komast 100 km á einni hleðslu með 80% nýtingu orku. - Vetnisbílar standast ekki samanburð, þeir hafa 25-30% nýtingu eða aðeins meiri undir litlu álagi. Mikið hefur verið lagt í tilraunir hér með vetni í strætisvögnum, en þeim hefur verið lagt þrátt fyrir niðurgreitt vetni. Það hefur dulmögnuð áhrif á þá, sem heillast af því að sjá bara vatn koma út í púströrum. Sú aðferð hefur fræðilegar takmarkanir og framtíðin leysir ekki slíkan vanda. Þýskur sérfræðingur, Ulf Bossel, var hér nýlega og hefur líklega komið vitinu fyrir marga, en íslenskir fræðimenn hafa vitað þetta lengi.

JÓNAS BJARNASON

En tilkoma litíums í rafgeymum veldur byltingu. Slíkir geymar eru þegar í fartölvum og þeir gefa fyrirheit um fimm sinnum meiri orku en nikkel geymar miðað við þunga, en þeir geta verið hættulegir en það er unnið að aukningu á öryggi. Verkfræðingar hafa notað tækni GM og útbúið bíl með mörgum smáum geymum, sem eru á markaði. Bíllinn er engin smátík heldur glæsilegur sportbíll. Fyrirtækið breska Tesla hefur einnig útbúið bíl, sem er svipaður. Ennþá eru svona bílar fáir og dýrir, en verð á rafgeymunum mun lækka mörgum sinnum og verða e.t.v. 200 þús. kr. fyrir fólksbíla. Fyrirsjánalega mun orkukostnaður verða 3-4 kr/km miðað við rafmagnsverð í Reykjavík, en án vegagjalda. Ef menn eru ekki snarir í snúningum, þá koma Kínverjar bara með þannig bíl.

En ekki er enn í augsýn verulega góð lausn fyrir landflutninga. Fyrst um sinn verður væntanlega díselolía driffjöðurin, en smám saman má gera ráð fyrir stórum rafgeymum, sem duga fyrir skemmri leiðir. Sama máli gegnir um skip, en flug verður með jarðefnaeldsneyti í fyrirsjáanlegri framtíð, en sparnaður verður þá bara með stórum flugvélum og hagkvæmum.

Verð á þotueldsneyti verður augljóslega hækkandi. En það er allt í lagi, að eitthvað eitthvað dragi úr viðskiptum með ódýrasta varning frá Kína eða Indlandi, en þar er næstum þrælahald. Kannski er verkafólk þar þó ekkert bættara með minnkaðri framleiðslu, en margt er komið út í öfgar. – Hér á Íslandi er allt í lagi að olía á fiskiskip hækki eitthvað, en það ætti að gagnast visvænum veiðum, krókaveiðum og veiðum með lagnetum með fjölvíddarmöskvum.

En uppáhaldshugmynd ritara er litíum rafbíll með litlum sprengihreyfli sem varaafl. Hann verði drifinn með gasi og fer bara í gang ef þörf krefur og getur hlaðið rafgeymi fyrir klukkutíma akstur. Þá verða menn ekki strand einhvers staðar. – Segja má að neyðin hafi kennt naktri konu að spinna og hugmyndasmiðum tilefni til að úthugsa nýjar leiðir til að spara orku og auka hagkvæmni.

Höfundur er efnaverkfræðingur.

Ákall til auðmanna

UMRÆÐAN
Fjölskylduhjálp Íslands

ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR

Fjölskylduhjálp Íslands er að hefja sitt fimmta starfsár um þessar mundir og þörfin aldrei meiri við að aðstoða konur, börn og karla í neyð. Við treystum á fyrirtæki og almenning með fjármagn, fatnað og matvæli. Peningar eru af skornum skammti og því þarf að gæta vel að kaupa þau matvæli sem hagstæðast er að kaupa hverju sinni.

Frá upphafi hafa eftirtaldir aðilar og fyrirtæki styrkt starfið í formi matvæla og fl.: Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur, Helgi S. Guðmundsson, Frónkex, Myllan-Brauð, Mjólkursamsalan, Dreifing, Ömmubakstur, Lýsi, Nesbúegg, Sölufélag garðyrkjumanna, Bakarameistarinn, Osta- og smjörsalan, Mjólka, Papco, Plastprent, Emmessís, Góa-Linda og Selecta. Mikið væri það yndislegt að geta úthlutað nýjum fiski, kjúklingum, góðu kjöti og miklu úrvali af grænmeti. Þess í stað erum við að úthluta kjötfarsi og hrossabjúgum sem er það ódýrasta sem völ er á því við erum að úthluta til yfir 100 fjölskyldna á hverjum miðvikudegi. Það eru um 250 einstaklingar með börnunum sem hvern miðvikudag treysta á matarúthlutun hjá Fjölskylduhjálp Íslands. En við verðum að sníða okkar stakk eftir vexti.

Við biðlum til auðmanna þessa lands um að styðja við bak starfsins með fjárframlögum en þeir hinir sömu munu fá ársreikning þar sem fram kemur hvaða matvæli við keyptum og frá hverjum. Þar kemur líka í ljós að hver einasta króna fer til að hjálpa fátæku fólki á Islandi. Allt starf er unnið í sjálfboðastarfi.

Það er mjög átakanlegt hversu margir skjólstæðingar okkar hafa ekki efni á að nota okkar góða heilbrigðiskerfi. Margir geta ekki leyft sér að nota tannlæknaþjónustu, hvað þá að leysa út lyfin sín eða láta snyrta hár sitt.

Hér er nýleg dæmisaga: Ung fimm barna móðir leitaði til okkar sökum mikillar fátæktar, hún er öryrki, býr með fimm börnum sínum í sumarbústað. Þegar hún kom til okkar síðasta miðvikudag var hún illa haldin því hún hafði ekki haft efni á að leysa út geðlyfin sín í langan tíma og geðeinkennin því komin vel í ljós. Það var mjög sorglegt að horfa upp á þessa ungu konu sem var svo illa haldin að það stakk mann beint í hjartastað. Þessa konu vantaði allt. Við hjálpuðum henni að leysa út geðlyfin sem kostuðu bara 1.200 krónur sem ekki er há upphæð, létum hana hafa peninga fyrir bensíni á bílinn svo hún kæmist til okkar aftur eftir tvær vikur því hún þarf að fara um langan veg til að koma til okkar. Þá létum við hana hafa mikið magn af matvælum fyrir hennar stóru fjölskyldu og síðast en ekki síst fékk hún hlýjan fatnað, þykkar og góðar sængur og mörg teppi svo þeim yrði ekki eins kalt í sumarbústanum í vetur. Þessi kona hefur ekki getað leyft sér að nýta þjónustu tannlækna hvað þá aðra þjónustu innan okkar góða heilbrigðiskerfis.

Kæru auðmenn Íslands, hjálpið okkur við að hjálpa þeim fjölmörgu fátæku fjölskyldum sem til okkar leita. Bankareikningar eru 101-26-66090 og 546-26-6609. Kt. 660903-2590.

Höfundur er formaður Fjölskylduhjálpar Íslands.

Lúxus sparnaður - lúxus akstur

Aukabúnaður á mynd: Álfelgur

PEUGEOT 407

VERÐ FRÁ KR. 2.470.000

- 1.6HDi, dísil, 109 hestöfl
- Meðaleyðsla 4,6l/100km
- ABS bremsukerfi
- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- 7 loftpúðar
- Loftkæling
- Rafstýrðir hliðarspeglar
- Aksturstölva

www.peugeot.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Það er lúxus að geta fengið allt sem Peugeot 407 býður sem staðalbúnað á kr. 2.470.000. Það er ennþá meiri lúxus að njóta þess að aka Peugeot á götum borgarinnar. Láttu lúxusinn leika við þig – veldu Peugeot 407.

BÍLLINN Í LÍFINU ÞÍNU

PEUGEOT

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Safn við Laugaveg

UMRÆÐAN
Listir

ODDNÝ STURLUDÓTTIR

GERLA

Sökum þess að framtíð listasafnsins Safns, sem starfrækt hefur verið við Laugaveg 37b, er í óvissu, vilja fulltrúar Samfylkingarinnar í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar stinga niður penna. Í fjölda ára hefur Pétur Arason safnað samtímalist af miklum metnaði. Hann rak lengi vel gallabuxnaverslun á Laugavegi 37b en opnaði á sínum tíma efri hæð hússins fyrir almenningi, til að njóta sístækkandi safns síns. Í borgarstjóratíð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur gerði Reykjavíkurborg samstarfssamning við hann sem gerði honum kleift að taka allt húsnæðið undir sýningarsali og þar hefur listasafnið Safn blómstrað. Pétur hefur sjálfur staðið straum af stærsta hluta rekstrarins en samstarfssamningurinn var grundvöllurinn að því lifandi starfi sem hefur einkennt listasafnið. Það er gaman að rifja það upp að það var í tvíþættum tilgangi sem stuðningur borgarinnar var á sínum tíma komið á, Laugavegurinn átti undir högg að sækja og það þótti mikilvægt að metnaðarfulla menningarstarfsemi, sem listasafn Péturs Arasonar flokkast undir, væri að finna við aðalverslunargötu borgarinnar.

Listasafnið Safn samanstendur af listmunum í einkaeigu Péturs. Safneignin telur um 750 verk, 30% íslensk verk og 70% erlend. Listasafnið Safn nýtur sérstöðu að því leyti að safneignin er eingöngu byggð upp af samtímamyndlist, sýningarhald hefur verið með blómlegasta móti, sýningingargestir á síðasta ári voru vel á annan tug þúsunda. Safn er vinsælt til skólaheimsókna og mjög vinsælt af ferðamönnum, eins hefur einstök safneignin og orðstír safnsins átt mikinn þátt í því að lokka að stór nöfn úr heimi samtímalistar til sýningarhalds í Reykjavík. Listasafnið Safn hefur ávallt opnað sýningarsali sína fyrir íslenskum listamönnum og þannig staðið fyrir mörgum metnaðarfullum sýningum með yngstu kynslóð framsækinna íslenskra listamanna. Sannkölluð lyftistöng fyrir listalífið í borginni , raunar hefur sýningarhald í Safni verið mun meira en samningur borgarinnar kvað á um.

Næstu áramót rennur samningur Safns út en síðustu fjögur ár hefur Reykjavíkurborg stutt við rekstur þess. Nú blasir við að starfsemi listasafnsins er í uppnámi. Því er fyrirsjáanlegt að frá og með næstu áramótum verði safneign Safns hvorki aðgengilegt borgarbúum né þeim fjölmörgu áhugasömu sem lagt hafa land undir fót sérstaklega til Reykjavíkur til að sjá hið einstæða safn í eigu Péturs Arasonar.

Það yrði sjónarsviptir að listasafninu Safni, fyrir menningarlífið og myndlistarflóruna í Reykjavík. Þá er ótalið það mikilvæga hlutverk Safns að lokka að stór nöfn úr heimi samtímalistar til sýningarhalds í Reykjavík. Fulltrúar Samfylkingarinnar í Menningar- og ferðamálaráði óskuðu bókað á fundi ráðsins þann 10. september að þeir hvettu menningar- og ferðamálaráð í samvinnu við aðrar borgarstofnanir að leita allra leiða til að listasafnið Safn verði áfram í höfuðborginni.

Þó að fyrirsjáanlegt sé að starfsemin muni leggjast niður nú um áramótin þá vonum við að það verði eingöngu tímabundið. Við vonum innilega að viðunandi lausn finnist sem fyrst sem henti listasafninu Safni svo perlurnar í safneigninni haldi áfram að lýsa upp skammdegið í Reykjavíkurborg.

Höfundar sitja í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur fyrir hönd Samfylkingarinnar.

NÝLEGIR BÍLALEIGUBÍLAR

SANTA FE

Á hverju ári fáum við hjá Bílalandi B&L nýlega bíla til sölu sem hafa verið í leigu hjá bílaleigum. Bílarnir eru í verksmiðjuábyrgð til júní 2009. Allir bílarnir eru söluskoðaðir af umboðinu. Komdu og gerðu góð kaup í Hyundai Santa Fe, einum vinsælasta jepplingnum á markaðnum.

Gott úrval á staðnum - fyrstir koma, fyrstir fá.

HYUNDAI SANT - 3 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR*
(*GILDIR FRÁ NÝSKRÁNINGARDEGI Á BÍLALEIGUBÍLUM)



Verð áður kr. 2.900.000
Tilboð
kr. 2.250.000

Dæmi:

Hyundai Santa Fe

Nýskr: 06/2006, 2700cc
sjálfskiptur, ekinn 50.000 þ.

100% lán í 84 mánuði

Kr. 33.000 á mánuði*

*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

bíla B&L land
notaðir bílar

bilaland.is

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

575 1230

Um hvað er deilt?

UMRÆÐAN
Stjórnmál

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Um hvað er deilt í íslenskum stjórnmálum í dag? Það er ekki auðvelt að svara þeirri spurningu. Ungt fólk, sem er að kjósa í fyrsta sinn á í erfiðleikum með að átta sig á mun flokkanna. Munurinn hefur minnkað og stundum finnst mönnum munurinn á flokkunum vera sáralítill.

Deilt um stóriðju

Í dag er helst deilt um stóriðju og umhverfismál. Það mál var eitt helsta deilumálið í síðustu kosningum. Vinstri græn börðust þá gegn stóriðju og vildu stöðva stóriðjuframkvæmdir með öllu. Samfylkingin vildi stöðva stóriðjuframkvæmdir í 5 ár á meðan athugað væri hvað þyrfti að vernda í náttúru landsins og hvar væri óhætt að virkja síðar. Sjálfstæðisflokkurinn vildi óbreytta stefnu í stóriðjumálum. Framsókn sló úr og í. Annað mál, sem mikið var rætt um fyrir þingkosningarnar, var velferðin,velferðarmálin og kjör aldraðra og öryrkja. Allir flokkar sögðust vilja bæta kjör aldraðra og öryrkja, þar á meðal frjálslyndir en Samfylkingin setti fram róttækustu stefnumálin í velferðarmálum.

Kvótamálinu sópað undir teppið

Ekkert var rætt í þingkosningunum um stærsta mál þjóðarinnar, kvótamálið. Því var sópað undir teppið. Samfylkingin er með góða stefnu í auðlindamálum og kjarni hennar er sá, að gjald eigi að koma fyrir afnot allra auðlinda, þar á meðal auðlinda sjávar. Hinir flokkarnir hafa mjög óljósa stefnu í auðlindamálum.

Lítið er rætt um grundvallaratriði eins og eignarhald atvinnutækjanna. Ástæðan er sú, að „vinstri“ flokkarnir virðast hafa látið af andstöðu við einkarekstur. Allir flokkar virðast því í dag hallast að því, að einkarekstur sé heppilegasta rekstrarformið. Áður var þetta eitt helsta ágreiningsmál flokkanna. Helst eru það Vinstri græn eða einstakir þingmenn þar sem enn vilja opinberan rekstur að einhverju leyti, a. m.k. Ég tel, að alltof langt hafi verið gengið á braut einkavæðingar. T.d. tel ég, að halda hefði átt einum af ríkisbönkunum í eign ríkisins til þess að tryggja nægilega þjónustu við landsbyggðina. Ég er andvígur einkavæðingu orkjufyrirtækja. Hlutafélagavæðing Orkuveitunnar slær mig illa og gæti verið fyrsta skrefið í einkavæðingu fyrirtækisins.

Skattar einstaklinga hafa hækkað

Í stað ágreinings um rekstrarform fyrirtækjanna eru nú komnar deilur um skattamál og velferðarmál.

Talsverðar deilur hafa verið um skattamálin undanfarin ár. Fyrri ríkisstjórn hafði þá stefnu að létta skattbyrði fyrirtækjanna en auka skatta á almenningi. Skattar á fyrirtækjum voru lækkaðir í 18% en skattar á einstaklingum (almenningi) eru yfir 35%. Fjármagnstekjuskattur er aðeins 10%. Skattleysismörkin hafa ekki fylgt launum eða verðlagi. Ef svo hefði verið frá 1988 væru skattleysismörkin yfir 140 þúsund í dag en eru aðeins 90 þúsund á mánuði. Af þessum sökum hafa skattar einstaklinga þyngst mikið. Í stjórnarsáttmála nýju stjórnarinnar segir, að lækka eigi skatta einstaklinga á kjörtímabilinu. Væntanlega verður staðið við það.

Nauðsynlegt er að endurskoða allt kerfi almannatrygginga með það að markmiði að einfalda kerfið og afnema að mestu allar skerðingar og tekjutengingar. Stórhækka þarf lífeyri aldraðra og öryrkja þannig að hann dugi til framfærslu í samræmi við neyslukönnun Hagstofu Íslands um meðaltals útgjöld einstaklinga til neyslu.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Virkar lýðræðið í Kópavogi?

UMRÆÐAN
Íbúalýðræði

HELGI HELGASON

Að sögn bæjarstjóra Kópavogs virkar lýðræðið í Kópavogi! Þvílíkur léttir! Þá vitum við hvernig lýðræði virkar í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum í Kópavogi. Það virkar þannig: Bæjarstjórn ákveður að setja niður í bakgarðinn hjá þér íbúafjölda sem jafnast á við heilt bæjarfélag. Bæjarstjórn ákveður líka að setja niður í bakgarðinn hjá þér heilt iðnaðarhverfi svo þú getir unnið rétt hjá heimili þínu.

Þú mótmælir. Þú keyptir húsið þitt vegna þess að þú vildir búa á rólegum stað og svo ertu líka í góðri vinnu í öðru bæjarfélagi. Ekkert gerist annað en að bæjarstjórn ákveður að bæta svolitlu meira við fram komnar tillögur. Þú ferð á fund bæjaryfirvalda og þið ræðið málin. Eftir fundinn ertu fullviss um að tekið verði tillit til athugasemda þinna og jafnvel fallið frá þessari vitleysu. Stuttu seinna færðu bréf þar sem þér er gert að synja skipulagstillögunni eða gera athugasemdir. Ef þú synjar ekki þá ertu sammála. Þú gerir athugasemd og synjar. Þú þarft að rökstyðja synjunina. Þú telur fram rök m.a. meiri umferð, allt of háar byggingar, allt of mikil fjölgun íbúa, meiri loftslagsmengun og hávaðamengun. Svo þegar bærinn er búinn að íhuga athugasemdir færðu svar.

Svarið er þannig: Taktu strætó það minnkar umferð. Varðandi fjölgun íbúa þá ætlar bærinn að minnka hæð bygginga úr fimm hæðum í fjóra og hálfa. Ef þú stendur upp á stól við gluggann í stofunni hjá þér þá muntu sjá útsýnið sem þú ert að kvarta yfir að sjá ekki þegar byggðin er risin. Varðandi mengun frá bílaumferð þá er hún hvort eð er svo mikil frá nágrannasveitarfélögum að hún skiptir ekki máli.

Þú stofnar til mótmæla og færð svo marga með þér að kjörnir fulltrúar bæjarins eru hræddir um að ná ekki endurkjöri í næstu kosningum (í þessu tilviki sjálfstæðismenn og framsóknarmenn með litlu effi!). Bæjarstjórinn kemur fram í sjónvarpi og lýsir því yfir að lýðræðið virki. Það virkar þannig að þeir sem kusu hann og skósveina hans þurfa að knésetja þá með fjöldamótmælum.

Ég vil þakka stjórnarmönnum í Betri byggð á Kársnesi kærlega fyrir að hafa haft kjark og þor til þess að framkvæma það sem okkur hinum datt ekki í hug að gera eða brast kjark til. En við skulum hafa orð Þórarins Ævarssonar, varaformanns Betri byggðar á Kársnesi, í huga. Þetta er einungis áfangasigur! Mun núverandi meirihluti standa við orð sín ef hann nær kjöri í næstu kosningum?

Það held ég ekki.

Höfundur er íbúi í vesturbæ Kópavogs og formaður Frjálslynda flokks Kópavogs.

Til leigu eða sölu

Sundaborg 8 & 11-15, Reykjavík

Samtals 2802 m²
Verslunar- og lagerhúsnæði á jarðhæð og í sjálfstæðri skemmu.
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð.
Ástand húsnæðis mjög gott.
Staðsetning í nágrenni við Sundahöfn.
Frábært útsýni.

Kaplahraun 2-4, Hafnarfirði

Samtals 2362 m2
Vöruskemma. Límtré. Grunnflötur 2268 m2
Milliloft. Skrifstofur og starfsmannaaðstaða 93 m2
Lofthæð rúmir 8 m undir bita í mæni
Engir burðarveggir eða súlur inni í húsinu.
Frábær staðsetning, stór lóð og gott útisvæði 7494 m2
Möguleiki á viðbótarbyggingarétti.

Hafðu samband í síma **899 2950** eða með tölvupósti á **akso@akso.is** og fáðu nánari upplýsingar eða pantaðu skoðun.

AKSO fasteignir

Fjölskylduhátíð í Listasafni Reykjavíkur 28. september

VÍSINDAVAKA 2007

STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDIN

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Þátttakendur á Vísindavöku

Stjörnu-Oddi ● Össur ● Hjartavernd ● ReykjavíkurAkademían ● MIRRA - Miðstöð innflytjendarannsókna ● Vísindahátíðin í Perugia
ORF Líftækni ● Hexia.net ● Hafrannsóknastofnun ● Orkustofnun ● Náttúrufræðistofnun ● Actavis ● Veðurstofa Íslands ● Háskólinn á Akureyri ● Háskólinn í Reykjavík
MATÍS ● Rannsókna- og þróunarmiðstöð HA ● Stoð stoðtækjasmiði ● Landbúnaðarháskóli Íslands ● Nýsköpunarmiðstöð Íslands ● Marel ● Kíne ● Íslenskar orkurannsóknir
HÍ félagsvísindi - sálfræði ● HÍ raunvísindi - Jarðvísindastofnun ● HÍ félagsvísindi - mannfræði ● HÍ Rannsóknasetur um barna- og fjölskylduvernd ● HÍ Rannsóknastofa í næringarfræði
HÍ félagsvísindi - mannfræði ● HÍ verkfræði ● HÍ hugvísindi - japanska ● HÍ hugvísindi ● Vísindavefurinn ● HÍ lögfræði ● HÍ félagsvísindi - Þjóðfræði ● HÍ hugvísindi - Asíufræði
Stofnun Árna Magnússonar ● HÍ Háskóli unga fólksins ● HÍ raunvísindi - sjávarlíffræði ● HÍ Evrópukeppnin Ungir vísindamenn ● Kennaraháskóli Íslands

Og sérstaklega fyrir káta krakka: ***Stjörnufræði, stjörnuskoðun o.fl.***

Allir velkomnir!

Vísinda Vaka

Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 28. september
kl. 17:00 til 21:00

Reykjavíkurborg · Samtök atvinnulífsins · Menntamálaráðuneytið · Iðnaðarráðuneytið · SI Samtök iðnaðarins · RANNÍS · Researchers in Europe

†

Elskulegur eiginmaður minn,

Aðalsteinn Þórólfsson

Melateig 33, Akureyri,

lést á heimili sínu að morgni þriðjudagsins 25. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda

Margrét Þorvaldsdóttir

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Karitas Sölvadóttir

frá Sléttu í Sléttuhreppi,

verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 28. september kl. 13.00.

Sigríður G. Sigurjónsdóttir **Gunnar Kristinsson**
Sigrún Gunnarsdóttir
Sólveig K. Gunnarsdóttir
Sigurður K. Gunnarsson
og barnabarnabörn.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður G. Halldórsson

rafmagnsverkfræðingur, áður til heimilis að Mávanesi 11, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð mánudaginn 24. september. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 4. október kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á heimahlynningu Krabbameinsfélagsins.

Magnús Sigurðsson **Kristrún B. Jónsdóttir**
Halldór Sigurðsson **Helga Gunnarsdóttir**
Sigrún Sigurðardóttir **Þorvaldur Þorvaldsson**
Svava Sigurðardóttir **Þorsteinn Ragnarsson**
Lilja Hreinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Unnur Sveinsdóttir

frá Ólafsvík

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 18. september, verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 28. september kl. 13. 00. Jarðsett verður í Ólafsvíkurkirkjugarði laugardaginn 29. september kl. 12.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnadeildina Sumargjöf í Ólafsvík.

Aðalsteinn Guðbrandsson
Sigríður Aðalsteinsdóttir **Ole Dangvard Jensen**
Sjöfn Aðalsteinsdóttir
Guðrún Aðalsteinsdóttir **Ævar Guðmundsson**
Þórheiður Aðalsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Skarphéðinn Njálsson

frá Þingeyri

sem lést þriðjudaginn 18. september sl. á öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar, verður jarðsunginn frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 29. september nk. kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar eða Þingeyrarkirkju.

Guðrún Markúsdóttir
Gunnar Ólafur Skarphéðinsson
Sigríður Margrét Skarphéðinsdóttir **Skarphéðinn Ólafsson**
Njáll Arnar Skarphéðinsson **Pálína Baldvinsdóttir**
Guðbjörg Bergþóra Skarphéðinsdóttir **Hilmar Pálsson**
Bjarki Rúnar Skarphéðinsson **Sigrún Lárusdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

MEAT LOAF TÓNLISTARMAÐUR ER SEXTUGUR Í DAG

„Síðastliðin 32 ár hef ég ekki gert neitt utan skemmtanaiðnaðarins. Ég hef bæði átt mjög góða og slæma tíma en ég elska starfið svo mikið að ég hef aldrei nokkurn tíma hugsað um að hætta.“

Bandarískur tónlistarmaðurinn Meat Loaf hefur átt rysjóttan feril í gegnum tíðina en gefið út fjölda laga sem hafa notið gríðarlegra vinsælda.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. SEPTEMBER 1590:

Stysta seta á páfastóli

Urban páfi VII lést þennan dag árið 1590 eftir stystu setu í páfastóli frá upphafi, aðeins þrettán daga.

Urban páfi VII, sem hét upphaflega Giovanni Battista Castagna, var fæddur 4. ágúst 1521 í Róm. Hann var erkibiskup bæjarins Rossano á Suður-Ítalíu áður en hann gerðist sendiherra páfa á Spáni og hlaut mikinn stuðning Spánverja í kjörinu til páfa.

Urban VII tókst á sinni skömmu setu í páfastóli að leggja drög að fyrsta reykbanni heims, þar sem hann hótaði að bannfæra hvern þann sem neytti tóbaks á nokkurn hátt í kirkjum eða anddyri þeirra, hvort sem það væri tuggið, reykt eða tekið í nefið.

Urban páfi VII var kjörinn í embætti páfa hinn 15. september 1590 en hafði ekki enn verið formlega vígður til embættisins þegar hann lést þrettán dögum síðar úr malaríu.

JÓN STEINAR Hefur verið í Fram frá því hann var skírður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON HÆSTARÉTTARDÓMARI: SEXTÍU ÁRA Í DAG

Aldrei verið á betri aldri

„Ég er svo lánsamur að vera við ágætis heilsu og líða vel svo það er ekki hægt að kvarta. Hef aldrei verið á betri aldri,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari, léttur í sinni þegar hann er spurður hvernig sjötugsaldurinn leggist í hann.

Veisluhöldum í tilefni afmælisins gerir hann þó ekki mikið úr en kveðst eiga von á nokkrum vinum til sín í spjall.

Talið berst að líðandi sumri, sem Jón Steinar er ánægður með fyrir sína parta. „Ég er búinn að gera ýmislegt skemmtilegt með minni fjölskyldu í sumar, meðal annars erum við töluvert í húsi sem við eigum austur í Landsveit. Svo er ég á seinni árum farinn að spila golf, hef gert mikið af því í sumar og haft gaman af en nú eru haustlægðirnar farnar að skella svolítið á okkur og setja strik í reikninginn,“ segir hann.

Jón Steinar er borinn og barnfæddur Reykvíkingur. „Ég fæddist á Hrísateigi en átti heima í Blönduhlíð frá tveggja til ellefu ára aldurs. Þar var ég í nábýli við knattspyrnufélagið Val þó ég væri sjálfur Framari. Það var í góðu lagi þó að félagar mínir og vinir færu allir upp á Valsvöll. Ég fór á Framvöllinn við Sjómannaskólann og æfði þar minn fótbolta. Faðir minn var nefnilega mikill Framari og hann skráði mig inn í félagið 2. nóvember 1947, um leið og ég hafði verið skírður. Þannig voru mín örlög strax ráðin í þeim efnum. Svo hef ég auðvitað ekkert yfirgefið skútuna og mæti af og til á völlinn að styðja mína menn. Auðvitað erum við svolítið leiðir á því Framararnir á haustin að þurfa að fylgjast með okkar liði heyja fallbaráttu. En við trúum því að bjartari tímar séu fram undan.“

Skólaganga Jóns Steinars hófst í Hlíðaskólanum sem þá var í Eskihlíð þar sem leikskólinn Hlíðaborg er nú, svo lá leiðin í Austurbæjarskóla. „Reyndar lauk ég barnaskólanum í Langholtsskóla og tók gagnfræðastigið í Vogaskóla. Við fluttum svolítið innanbæjar á þessum tíma,“ rifjar hann upp.

Og það hefur teygst úr skólaárunum hjá Jóni Steinari eins og hann lýsir. „Ég fór í Menntaskólann í Reykjavík og síðan Háskóla Íslands. Nú síðast hef ég verið í Háskólanum í Reykjavík en þá reyndar sem kennari.“ Kveðst lengst af hafa kennt með sínu lögmannsstarfi enda var hann prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík áður en hann gerðist hæstaréttardómari og stundakennari eftir það. „Kennsla á ágætlega við mig,“ segir hann. „Aðalverkefni kennarans er að vekja áhuga nemendanna á því sem þeir eru að læra. Í því er fólgin áskorun og mér finnst það skemmtilegt.“

Í lokin er Jón Steinar inntur eftir því hvað sé honum efst í huga á afmælinu. „Ekkert sérstakt annað en að reyna áfram að vinna mín störf af samviskusemi eins og ég hef reynt að gera og vera þakklátur fyrir það sem lífið hefur fært mér fram að þessu.“

gun@frettabladid.is

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

Eldhúsval

Sóltúni 20 verður lokað föstudaginn 28 sept. vegna 30 ára afmælis fyrirtækisins.

41% afsláttur

Þú sparar 1.031 kr/kg

1.484 kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur

85 kr/stk.
Fanta 2 ltr.

30% afsláttur

Þú sparar 539 kr/kg

1.257 kr/kg. áður 1.795 kr/kg.
Goða léttreyktur hamborgarahryggur

50% afsláttur

296 kr/kg. áður 591 kr/kg.
Borgarnes hrossakjöt - saltað og úrb.

41% afsláttur

Þú sparar 690 kr/kg

992 kr/kg. áður 1.682 kr/kg.
Goða grísakótilettur hunangskryddaðar

98 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð

398 kr/kg.
Ísfugl BBQ kjúklingaleggir

199 kr/pk.
Freschetta original italiano classico

20% afsláttur

20% afsláttur
af öllum Casa Fiesta vörum

99 kr/pk.
Frissi fríski - 3 í pakka

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 27. september til 30. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Sjáumst í Tiger

Ef þú getur lesið þessa auglýsingu
gleraugnalaust flettu þá strax á næstu síðu.
Ef ekki þá eigum við mikið úrval af lesgleraugum
fyrir 200 kr og 400 kr.

TIGER
Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

STUÐ MILLI STRÍÐA: Við hittumst bara á netinu

FREYR GÍGJA GUNNARSSON Á HVORKI VINI NÉ MY SPACE

Fyrir fimmtíu árum þótti það heldur betur ferðalag fyrir Hafnfirðing að skella sér á dansleik í Reykjavík. Bíllinn var pússaður í bak og fyrir og síðan tók við dágott ferðalag inn í höfuðborgina á malarveginum. En það var þess virði að hitta annað fólk og stíga nokkur spor á dansgólfinu við taktfasta tónlist Stefáns og Lúdó. Síðan var malbikað og ferðin til Reykjavíkur missti sjarmann eða réttara sagt, hún var ekki lengur þetta ævintýri. Hægt var að taka leigubíl fyrir morðfjár eða stræto til að mála bæinn rauðan. Adam var þó fljótur aftur inn á dansgólf Paradísar því þá var einfaldlega fleiri nektarbúllum og ölstofum bætt við. Partíið var svo fullkomnað þegar bjórinn var leyfður.

En nú virðast mannamót vera á undanhaldi. Þess gerist ekki lengur þörf að leggja land undir fót eða pússa ballskóna til að hitta framandi fólk og kunningja því nú er bara hægt að tengjast netinu og eignast vini í gegnum My Space og Facebook. Að ekki sé talað um aðdáendur á bloggsíðum. Nútímamaðurinn virðist nefnilega vera orðinn svo einmana í allri samskiptabyltingunni að hann ráfar um sýndarveruleikann, kemur sér upp heimasíðum, bloggsíðum og myndasíðum í von um að einhverjum þyki hann og það sem hann hafi að segja svolítið merkilegt. Í það minnsta áhugavert.

Á netinu má sjá milljónir manna í örvæntingarfullri leit eftir vinum til að „adda“, ókunnugum jafnt sem gömlum skólafélögum. Síðan getur viðkomandi sett inn einhverjar athugasemdir. „Ógeðslega var gaman þarna hjá þér,“ eða „djöfull ertu flippaður þarna“ eru meðal þess sem „vinirnir“ skrifa á síðum hver annars. Og jafnvel þegar maður gerir heiðarlega tilraun til að hafa samband við einhvern nákominn þá er manni bara vinsamlegast bent á bloggsíðuna. „Þetta stendur allt þar, verðum síðan bara í bandi á msn.“

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FordEscape AWD

Nýtt tákn um gæði

Nýr Ford Escape
Komdu í Brimborg í dag
Reykjavík, Akureyri

Ford Escape - nýtt tákn um félagslegan hreyfanleika

Komdu í Brimborg – prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford

Með einbeitni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákn verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákn um lífsgæði.

Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og visthæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.

Nýtt tákn um lífsgæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.350.000 kr.*

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

kl. 20

Dúó Stemma heldur tónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld. Dúóið samanstendur af Herdísi Önnu Jónsdóttur víóluleikara og Steef van Oosterhout slagverksleikara. Á efnisskránni hjá þeim er meðal annars tónlist eftir íslensk tónskáld og þjóðlagatónlist. Ókeypis er inn á tónleikana og eru allir velkomnir.

menning

menning@frettabladid.is

Hnerrað aftur á Selfossi

Leikfélags Selfoss heldur til Litháen í október næstkomandi. Til styrktar ferðasjóði félagsins mun það standa fyrir tveimur aukasýningum á gamanleiknum Hnerrinn eftir Anton Tsjekov nú um helgina.

Gamanverkið Hnerrinn er safn einþáttunga og smásagna eftir Anton Tsjekov. Hnerrinn er 66. verk Leikfélags Selfoss, en félagið hefur starfað óslitið frá árinu 1958 og hefur alla tíð verið einn af máttarstólpum menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Hörður Sigurðarson leikstýrir verkinu, en hann þýddi einnig enska leikgerð Michaels Frayn á verkinu.

Áhorfendur eiga í vændum skemmtilega kvöldstund með Tsjekov, þar sem þeir mæta uppáþrengjandi rithöfundum, sorgmæddum trúðum, þunglyndum ekkjum og fleiri furðukarakterum í sönnum rússneskum sagnaanda.

Þeir sem misstu af þessari skemmtilegu sýningu þegar hún gekk í janúar og febrúar ættu ekki að láta happ úr hendi sleppa.

Sýningarnar verða föstudaginn 28. september kl. 20.30 og laugardaginn 29. september kl. 20.30 í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Miðaverð kr. 2.000, miðasala s. 482 2787.

> Ekki missa af

ljósmyndasýningunni Umkomulausu börn Afganistan í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Ljósmyndarinn Dante sýnir daglegt líf barna í Afganistan sem einkennist af óróleika stríðsrekstrar og óstöðugleika á svæðinu eins og alkunna er. Börnin hafa þurft að þola meira harðræði fyrir níu ára aldur en flest fólk kynnist á heilli mannsævi. Dante segist þó skynja hjá þeim einlæga von og styrk til að takast á við framtíðina. Sýningin stendur til 24. október.

GÖMUL KONA Í BIÐ Eitt af verkum Aðalheiðar á sýningunni.

Tréfólk bíður

Aðalheiður Eysteinsdóttir sýnir um þessar mundir tréskúlptúra í listasafninu Hafnarborg í Hafnarfirði. Viðfangsefni sýningarinnar er fólk að bíða.

Hugmyndin að sýningunni kviknaði út frá annarri sýningu sem Aðalheiður setti upp í fyrra. „Þar var ég með skúlptúr sem sýndi mann sem sat og beið á löngum bekk. Það skapaðist afar skemmtileg stemning í kringum þennan skúlptúr; fólk fékk sér sæti á bekknum og spjallaði hvað við annað. Ég tók myndir af gestum sem sátu á bekknum og urðu þær myndir mér innblástur til þess að halda áfram að vinna með það sem gerist þegar fólk bíður," segir Aðalheiður.

Hún segir biðina áhugavert fyrirbæri þegar maður veltir henni fyrir sér. „Margir segja að það að bíða sé það leiðinlegasta sem þeir gera. En biðin getur líka verið skemmtileg og uppfull af eftirvæntingu, til dæmis þegar maður bíður eftir jólunum eða fæðingu barns. Því fór ég að líta á biðina sem dýrmæta. Fólk kvartar yfir tímaskorti og stressi en undir slíkum kringumstæðum er hægt að nýta biðina sem tíma til þess að hugsa. Raunverulegt fólk sem kann að nota biðtíma á skapandi hátt var þannig útgangspunktur margra verkanna á sýningunni."

Aðalheiður leikur sér með afgangsefni og fundna hluti og endurgerir úr þeim eftirminnileg augnablik úr eigin lífi; fólk á förnum vegi, vinir eða hlutirnir sjálfir geta orðið kveikjan að verkum hennar. Hún vann skúlptúrana á sýningunni aðallega í timbur. „Ég vinn með afgangstimbur sem fellur til hér og þar. Enn fremur þykir mér gaman að nota ýmsa aðra hluti sem á einhvern hátt passa inn í formið sem ég er að skapa. Endurvinnsla efna er á margan hátt eins og fjársjóðsleit; það er fátt skemmtilegra en að búa til eitthvað fallegt úr einhverju sem virðist ekki vera til neins nýtt."

Á sýningunni má einnig finna póstkort sem Aðalheiður hefur unnið úr ýmsum tilfallandi efnum. „Það er hægt að nota biðtíma í ýmislegt, til að mynda í að skrifa póstkort til vina og vandamanna. Ég hvet alla sýningargesti til þess að setjast niður og skrifa á póstkort. Svo er hægt að kaupa frímerki í afgreiðslunni á Hafnarborg," segir Aðalheiður að lokum.

Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og fimmtudaga til kl. 21.00.

Síðasti sýningardagur er 7. október.



NIGHT ON THE GALACTIC RAILROAD Ein af myndunum sem sýndar verða á hátíðinni.

Japönsk ævintýri

Sendiráð Japans og Japan Foundation ásamt Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík bjóða upp á viku af viðburðum tengdum japönskum teiknimyndum og hefst hún í dag. Viðburðirnir verða haldnir á þremur stöðum, í Norræna húsinu, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands.

Kana Okubo skipuleggur hátíðina. „Japanskar anime-myndir eru afar vinsælar um heim allan og ekki síst hér á Íslandi. Því þótti okkur upplagt að bjóða upp á dagskrá þar sem Íslendingar geta fengið að kynnast þessari list nánar," segir Kana.

TEIKNIMYNDIR FYRIR ALLA Frítt er inn á flesta viðburði hátíðarinnar.

Nobuyuki Tsugata, sérfræðingur í japönskum teiknimyndum, kemur til landsins í tengslum við hátíðina. Hann er virtur prófessor í anime-fræðum og kennir meðal annars við háskólann Gakshuin. Hann kemur til með að halda þrjá fyrirlestra sem fjalla um stöðu anime-mynda, fortíð þeirra og framtíð.

Á hátíðinni verða enn fremur sýndar tvær anime-kvikmyndir í fullri lengd og ein stuttmynd. „Tvær myndanna byggjast á gömlum japönskum ævintýrum. En það er ekki þar með sagt að þær séu bara fyrir börn, þær búa yfir meiri dýpt en svo. Ég held að allir aldurshópar geti haft ánægju af þessum myndum," segir Kana.

Meðan á vikunni stendur verður haldin manga-teiknisamkeppni og eru nemendur á öllum skólastigum hvattir til að taka þátt í henni. Teikningin getur verið ein mynd eða lítil saga með nokkrum myndum, teiknuð á eitt A4 blað. Hægt er að skila teikningum inn í keppnina í Norræna húsinu dagana 1. og 2. október sem og til Sendiráðs Japans, Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Skilafrestur er til 5. október. - vþ

Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Betri fundir, hefst 2. okt.

Þekktu sjálfan þig - innsýn í jógafræðin, hefst 11. okt.

Betri árangur í lífi og starfi, hefst 15. okt.

Hvað er ritsnilld? Skemmtiferð um íslenskar bókmenntir, hefst 18. okt.

Þriðja skeiðið 45+ hefst 24. okt.

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur, hefst 25. okt.

FÉLAGS OG HEILBRIGÐISMÁL

Siðfræði heilbrigðisþjónustu: Fagmennska, siðareglur og rannsóknir, hefst 1. okt.

Ný lyf á markaði á undanförnum árum, hefst 15. okt.

Teymisvinna: Stjórnun og starf í teymum, hefst 17. okt.

Lýsandi tölfræði í SPSS, hefst 22. okt.

SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Fjármál ríkisstofnana, hefst 1. okt.

Starfsmannastjórnun í opinberum rekstri, hefst 10. okt.

Viðmið fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna, hefst 30. okt.

TUNGUMÁL

Hagnýt danska - þjálfun í talmáli, hefst 1. okt.

Spænska I, hefst 15. okt.

HUGBÚNAÐUR OG HUGBÚNAÐARGERÐ

Programming Microsoft's Composite UI Application Block (CAB) and Smart Client Software Factory (SCSF), hefst 9. okt.

H:N markaðssamskipti / SÍA

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

11001111010011

Fjórða Vísindakaffið í KVÖLD 27.sept.

Glæpon eða góðmenni

- vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við – á mannamáli

Kaffistofa Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi *frá kl. 20.00 – 21.30*

– hvaða áhrif hafa samfélagslegar aðstæður á tíðni afbrota í þjóðfélaginu?
Dr. Jón Gunnar Bernburg hjá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands
og Jón Óttar Ólafsson hjá ríkislögreglustjóra ræða málið.

Kaffistjóri er Davíð Þór Jónsson, þýðandi

Allir velkomnir!

RANNÍS

Researchers in Europe

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

>TARANTINO Í ERÓTÍKINA

Quentin Tarantino hefur tilkynnt aðdáendum sínum að hans næsta mynd verði erótísk. Leikstjórinn dásamaði bláar, evrópskar kvikmyndir nýverið og lýsti því að hann vildi færa þessa kvikmyndagerð til nútímans. „Eina vandamálið við þetta yrði að kynna myndina og opinbera sjálfan mig, slíkt yrði hrikalega skrítið," sagði Tarantino.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN

MARTEINN ÞÓRSSON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

Fann skúrkinn í sjálfum sér hjá Lecter

Hver er uppáhaldsmyndin þín? „Uppáhaldsmyndin sem ég hef séð nýlega er Oldboy. Hún er bæði spennandi og flott gerð. Ég vissi ekkert um þessa mynd. Það er alltaf gaman þegar myndir koma manni á óvart."
Hvaða mynd sástu síðast í bíó? „Foreldra. Það var góð mynd en mér fannst Börn samt betri."
Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi? „Það var In a Mood For Love eftir Kar Wai Wong, þann sama og gerði Fallen Angels."
Hefur þú grátið í bíó? Já, oft. „Ég man sérstaklega eftir The Thin Red Line. Það var afskaplega „human" mynd."
Uppáhalds íslenska persónan? „Það er Helgi Skúla í Hrafninn flýgur. Það var skemmtilega ógeðsleg persóna en samt fann maður eitthvað mannlegt við greyið manninn."
Mesta kvikmyndastjarna allra tíma? „Það hlýtur að vera Humphrey Bogart."
Mesta hetja hvíta tjaldsins? „Það er John McClane í Die Hard. Yippee-ki-yay, motherfucker!"
Mesti skúrkurinn? „Hannibal Lecter í fyrstu myndinni Silence of the Lambs. Hann er náttúrlega hrikalegur skúrkur því maður heldur með honum. Þá finnur maður skúrkinn í sjálfum sér."
Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? „Ég væri skúrkurinn og myndi leika á móti Bruce Willis í fimmtu Die Hard-myndinni. Henni yrði leikstýrt af Chan-wook Park sem leikstýrði Oldboy. Ég myndi stela heilanum úr John McClane og fara með hann til Íslands og reyna að klóna hann. McClane þyrfti að komast í gegnum tölvuforrit til að reyna að ná heilanum aftur."

ATLAGA AÐ ÓSKARNUM Matt Damon getur hugsað sér gott til glóðarinnar því Freeman/Eastwood-samstarfið getur yfirleitt af sér Óskarsverðlauna.

Morgan Freeman verður Mandela

Clint Eastwood mun að öllum líkindum leikstýra góðvini sínum, Morgan Freeman, í kvikmynd um Nelson Mandela. Samkvæmt kvikmyndavef Empire er talið líklegt að Matt Damon bætist í hópinn. Eastwood og Freeman kunna uppskriftina að Óskarsverðlaunamyndum en þeir gerðu saman The Unforgiven og Million Dollar Baby sem báðar hömpuðu styttunni góðu.

Myndin verður að öllum líkindum ekki frumsýnd fyrr en 2010 sökum verkfalls leikara sem lamar Hollywood á næsta ári. Hún er byggð á bókinni Human Factor eftir John Carlin og gerist skömmu eftir að aðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku líður undir lok. Þá var ákveðið að heimsmeistaramótið í ruðningi skyldi fara fram í Jóhannesarborg þrátt fyrir að landslið Suður-Afríku hefði ekki fengið að taka þátt í því áður vegna stjórnmálaástandsins heima fyrir.

Talið er líklegt að Damon komi til með að leika fyrirliða landsliðsins en ekki liggur fyrir hvort Eastwood hyggst sjálfur leika eitt aðalhlutverkanna.

Aftur í gamla góða vestrið

Vestrarnir virðast síður en svo dauðir úr öllum æðum og ef fram fer sem horfir verða tvær kvikmyndir í baráttunni um hylli áhorfenda í vetur.

LÍKLEG TIL ÓSKARSVERÐLAUNA Þeir Russell Crowe og Christian Bale þykja ansi líklegir til að ríða feitum hesti frá Óskarnum á næsta ári.

Hollywood tekur með reglulegu millibili ástfóstri við þetta tímabil í bandarískri sögu. Hetjurnar með Stetson-hattinn og sexhleypuna hafa fengið ófáan drenginn til að skella á sig kúrekahatt, klæðast vesti og gallabuxum og skella sér útí byssuó. Þessi kvikmyndagerð á auk þess sinn þátt í því að hafa gert leikara á borð við John Wayne og Clint Eastwood að mestu kvikmyndastjörnum sögunnar. Hver sá sem vill því teljast leikari með leikurum verður að minnsta kosti að hafa riðið um slétturnar á hundtryggum hesti.

En þrátt fyrir að vestri sé góð uppskrift að mikilli velgengni þá koma slíkar myndir yfirleitt í hrönnum en hverfa þess á milli. Síðast var það nánast fullkominn vestri Clints Eastwood, The Unforgiven, sem sópaði að sér Óskarsverðlaunum en sagan um morðingjann William Munny og baráttan við lögreglustjórann Little Bill Daggett fór vel ofan í áhorfendur og akademíuna. Venju samkvæmt fann Hollywood smjörþefinn af skjótfengnum gróða og árið eftir komu tvær kvikmyndir með skömmu millibili sem fjölluðu um hinn réttsýna Wyatt Earp þar sem Kurt Russell og Kevin Costner skiptust á að leika hinn skeggprúða lögreglustjóra. En síðan þá hefur varla heyrst né spurst til villta vestursins á hvíta tjaldinu.

Á föstudaginn má segja að nýtt „vestra"-tímabil hefjist en þá verður stórmyndin 3:0 to Yuma frumsýnd. Myndin skartar þeim Russell Crowe og Christian Bale í aðalhlutverku en söguþráðurinn er sígild barátta góðs og ills þar sem meðalljónið berst fyrir lífi sínu við harðskeytta og blóðþyrsta bandíta. 3:10 to Yma hefur verið spáð mikilli velgengni á komandi Óskarstímabili enda ákvað dreifingaraðilinn að koma henni strax í sýningu þannig að hún yrði fáanleg á DVD-myndisk þegar Óskarsakademían gengi að kjörborðinu. Þótt hinni hörundsáru Akademíu þyki fátt jafn skemmtilegt og að láta ástralska ólátabelginn Russell Crowe hafa styttuna þá gæti The Assassination of Jesse James by the Coward Robert Ford sett strik í reikninginn. Myndin greinir frá síðustu dögum einhvers þekktasta útlaga Bandaríkjanna, Jesse James, sem klíkufélagar hans myrtu skömmu fyrir eitt stærsta rán þeirra. Brad Pitt fer með hlutverk Jesse James en Casey Affleck (sem er litli bróðir Bens Affleck) leikur hugleysingjann Robert Ford. Síðan má ekki gleyma Appaloosa með þeim Ed Harris, Viggo Mortensen og Renée Zellweger sem er hugsuð fyrir næsta ár en gefur sterklega til kynna að vestrarnir séu komnir í tísku aftur.

ÚTLAGINN ELSKAÐI Brad Pitt sem Jesse James en myndin um morðið á honum gæti náð miklum vinsældum.

Ofurvondir unglingsstrákar

Kvikmyndarinnar Superbad hefur verið beðið með mikilli óþreyju enda hefur hún verið hlaðin lofi af bandarískum gagnrýnendum og vilja sumir meina að þetta sé einfaldlega besta gamanmyndin í háa herrans tíð.

Myndin er byggð á strákapörum handritshöfundanna Evan Goldberg og Seth Rogen en sá síðarnefndi fer jafnframt með stórt hlutverk í myndinni. Aðalpersónurnar, sem svo skemmtilega vill til að bera nöfn handritshöfundanna, eru lúðar af bestu gerð. Þeir bjóða sig fram við að útvega áfengi fyrir útskriftarteiti en á bak við góðmennsku þeirra býr hins vegar djöfullegt skipulag. Þeir Evan og Seth ætla nefnilega að sjá til þess að fallegustu fljóðin fái nóg af áfengi og sjá svo til þess að þeir verði þessi „mistök" sem þær eigi eftir að minnast með hryllingi í framtíðinni.

ENDURMINNINGAR AF BESTU GERÐ Þeir Seth og Evan ætla sér að slá rækilega í gegn í útskriftarteiti.

Þeir Rogen og Goldberg eru taldir vera verðugir arftakar hinna svokölluðu frat-pack klíku sem hefur ráðið lögum og lofum yfir bandarísku gríni að undanförnu.

Þeir félagar eru æskuvinir og unnu meðal annars saman að lokaþáttaröð Da Ali G-Show. Rogen og Goldberg þykja með eindæmum afkastamiklir og hafa nú þegar lagt lokahöndina á Pineapple Express sem væntanlega verður frumsýnd á næsta ári en það yrði þá þriðja myndin þeirra á jafnmörgum árum.

DRAUMAELDHÚS

Hjá EGG færðu allt til að fullkomna draumaeldhúsið þitt

Damixa Eldhúsblöndunartæki

Krups Espressovélar

Baumatic Helluborð

Eva Solo Hnífastatíf

Krups Töfrasproti

Baumatic Ofnar

Erik Bagger Karöflur

Baumatic Eldhúshafar

Blanco Siligranit eldhúsvaskar

Eva Solo Eldhúsvog

Baumatic Kæli- og frystiskápar

Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur

EGG ER STÓRVERSLUN
- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

EGG SMÁRATORGI

Næst...
...þegar þú ætlar að baka blauta súkkulaðiköku fyrir matargesti, splæstu þá í gæða-súkkulaði. Eftirrétturinn verður ógleymanlegur.

matur&vín
maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN VILHELM ANTON JÓNSSON TÓNLISTARMAÐUR

Öll góð matreiðsla hefst og endar á smjöri

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Það væri leiðinlegt ef það væri ekki til neitt lambakjöt. Og hafragrautur. Ef kaffi flokkast sem matur er það líka númer eitt, tvö og þrjú.
Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Félagsskapurinn hefur nú örugglega gert útslagið um það frekar en maturinn, sem hefur samt örugglega verið lambakjöt, villibráð eða humar. Fiskisúpan hjá tengdamömmu er annars mjög nálægt því að vera fullkomin.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Já. Lifur finnst mér ógeðsleg og skata er varla bjóðandi fólki.
Leyndarmál úr eldhússkápnum?
Að vera með góða tónlist, beitta hnífa og taka sér allan tímann í heiminum til að elda. Og eiga Larousse-biblíuna uppi í skáp, hún ætti að vera til á öllum heimilum, og er reyndar með skemmtilegri bókum sem ég hef lesið.
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Ég veit það ekki. Ég geri góðan pannacotta, svona ítalskan búðing. Svo er Royal karamellubúðingur með rjóma og súkkulaðispænum líka alltaf fullkominn.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Lauk, hvítlauk og smjör. Öll góð matreiðsla byrjar og endar á smjöri.
Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Ég myndi taka með mér tvö gæsaegg, reyna að unga þeim út og vona að það verði karl og kona. Eða þá að ég tæki með mér mjög stórt dýr sem ég gæti notað skinnið af til að gera bát og komist burt af eyjunni.
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ég hef borðað krókódíl, kengúru, sem þykir nú bara skrítin í þessu heimshorni, og gný. Ég hef líka borðað páfugl á veitingahúsi í London.

MÖRG NÁMSKEIÐ Í BOÐI Maður lifandi er á meðal þeirra staða sem bjóða upp á ýmiss konar námskeið um mataræði og hollt líferni í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kennt á mataræði

Þeir eru margir sem á haustin íhuga að koma mataræði í nýtt og betra lag. Fyrir fólk í þeim hugleiðingum er úr mörgu að velja, og ýmiss konar námskeið í boði.

Maður lifandi stendur reglulega fyrir matreiðslunámskeiðum þar sem hollusta og heilnæmt hráefni er í fyrirrúmi. Undir yfirskriftinni Heilsukostur eru matreiðslunámskeið og námskeið um kökur og eftirrétti. Einnig bjóðast námskeið um hráfæði og um jurtanotkun fyrir börn.

Í október stendur Ebba Guðný Guðmundsdóttir fyrir námskeiði um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn í Heilsuhúsinu í Lágmúla. Hún mun fara yfir á hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær, ásamt mörgum öðrum atriðum.

Hildur Guðmundsdóttir hjá Yggdrasli mun halda námskeið um mataræði og holla næringu fyrir börn. Þau eru þegar hafin, en verða haldin reglulega. Hildur verður þar að auki með framhaldsnámskeið í október.

Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar um námskeiðin á umræddum stöðum, eða á heimasíðum þeirra: madurlifandi.is, heilsa.is og yggdrasill.is.

Ferskar döðlur

Döðlur eru hvað ferskastar á þessum árstíma, svo nú er um að gera að gæða sér á þessu náttúrulega sælgæti. Döðlur hafa verið hluti af miðausturlenskri matargerð svo árþúsundum skiptir, og eru góðar bæði beint úr lófanum og sem hluti af matarréttum.

Ferskar döðlur geymast í allt að tvær vikur í ísskáp, en þurrkaðar í allt að ár. Sætleiki þeirra gerir að verkum að þær geta auðveldlega hlaupið í skarðið fyrir súkkulaði, þegar sykurþörfin gerir vart við sig. Þær má einnig saxa og nota í brauð, eftirrétti eða hvað annað sem hugurinn girnist.

MIÐAUSTURLENSKT SÆLGÆTI Döðlur hafa verið hluti af miðausturlenskri matargerð í langan tíma. Þær má borða beint úr lófanum eða nota í ýmsa rétti.

Ostakökur fyrir alla

Ostakökur njóta mikilla vinsælda um heim allan. Þær eru ekki jafn erfiðar við að eiga og margir halda, að sögn Dómhildar Sigfúsdóttur.

LÍTIÐ MÁL Dómhildur Sigfúsdóttir segir ekki erfitt að gera ostakökur upp á eigin spýtur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ostakökur eiga ættir sínar að rekja til Bandaríkjanna. Þar eru þær til í óteljandi útgáfum, en rjómaosturinn er bæði upphafið og endirinn á ostakökunum. Dómhildi Sigfúsdóttur má með réttu kalla ostakökusérfræðing, en hún starfaði hjá Osta- og smjörsölunni í 28 ár. Nú rekur hún sitt eigið uppskrifta- og tilraunaeldhús, sem býr til dæmis yfir ábendingum um ostakökur.

„Ostakökur eru ýmist bakaðar, hleyptar eða þykktar með eggjum og rjóma," útskýrði Dómhildur. „Tegundirnar eru samt mjög ólíkar, þær bökuðu eru til dæmis mun þyngri en hinar," benti Dómhildur á, en hún segir hina raunverulegu ostaköku vera bakaða.

Dómhildur segir lítið mál að gera ostakökur, sama hvaða aðferð er notuð. „Það eina sem þarf að varast ef maður bakar kökuna er að þær þola ekki blástursofn," bendir hún á. Þá þarf að gefa kökunni tíma til að kólna áður en hún er tekin úr forminu.

„Ostakökur geymast alveg í tvær vikur í ísskáp og eru bestar eftir svona tvo til fjóra daga. Ef þær eru notaðar nýjar er botninn oft svo þurr, sérstaklega á þeim hleyptu," bendir Dómhildur á. „Hins vegar má ekki geyma þær í forminu, því það er fljótt að ryðga," segir hún.

HLEYPT EÐA BÖKUÐ Ostakökur má gera með nokkrum mismunandi aðferðum. „Ekta" ostakaka er þó bökuð. NORDICPHOTOS/GETTY

Ostakaka með jarðarberjum

¼ bolli smjör, brætt
1 1/4 bollar súkkulaðikex, mulið
500 g rjómaostur
2 msk. sykur
40 g appelsínuhýði, rifið
1 bolli rjómi, þeyttur
600 g jarðarber
70 g rifsberjahlaup
Blandið saman smjöri og kexmylsnu. Þrýstið í botninn og upp með brúnunum á lausbotna klemmuformi.
Hrærið rjómaostinn mjúkan með sykri, bætið safa og berki saman við. Blandið rjómanum síðast saman við.
Jafnið hræruna í kexskelina og raðið jarðarberjunum yfir. Hitið rifsberjahlaupið og penslið því yfir berin.
Kælið.

Ostakaka með kaffilíkjör

1 bolli hafrakex, mulið
3 msk. sykur
5 msk. smjör, brætt
750 g rjómaostur
4/5 bolli sykur
3 egg
¼ bolli kaffilíkjör
Hitið ofninn í 175°C.
Setjið bökunarpappír í botninn á 24 cm. klemmuformi. Blandið saman kexmylsnu, sykri og smjöri og þrýstið í botninn á forminu.
Hrærið rjómaostinn mjúkan með sykrinum. Bætið eggjunum í einu í einu og hrærið vel í á milli. Blandið líkjörnum saman við.
Hellið hrærunni yfir kexmylsnuna og bakið í 50-60 mín.
Látið kökuna kólna í nokkrar klukkustundir áður en hún er tekin úr forminu.

Matseðill fyrir mánuðinn

Vinsældir vefsíðunnar hvaderimatinn.is hafa farið vaxandi síðan hún fór fyrst í loftið í febrúar síðastliðnum. Notendur hennar er nú orðnir rúmlega tvö þúsund, að sögn Felix Gylfasonar verkefnastjóra.

Hvaderimatinn.is þjónar hagsmunum þeirra ófáu Íslendinga sem vinna mikið og hafa lítinn tíma til að hugsa um hvað þeir eigi að bera á borð í kvöldmatnum. „Fólk getur skráð sig hjá okkur. Það velur innihaldið í því sem það vill hafa yfir vikuna, hversu oft það vill hafa fisk eða kjúkling, til dæmis, og svo velur það erfiðleikastig á matseldinni. Þá setur síðan upp matseðil fyrir heilan mánuð fyrir fólk," útskýrir Felix. Innkaupalista dagsins er annaðhvort hægt að prenta út af netinu, eða fá sendan með SMS-skilaboðum, en hægt er að aðlaga uppskriftir að fjölda matargesta. „Fyrir meðlimi bendum við líka oft á vín sem henta vel með hverjum og einum rétti," bæir Felix við.

Betrumbætt útgáfa af síðunni fer í loftið á næstu vikum, þar sem notendum bjóðast enn fleiri möguleikar. „Við ætlum að bæta við ítarlegri leitarmöguleikum og setja inn matseðla fyrir veislur, partí og saumaklúbba," segir Felix. „Það verður líka hægt að vista uppskriftir og búa til sína eigin uppskriftabók, gefa einkunnir og fleira," bendir hann á. Í framtíðinni verður notendum boðið upp á ýmiss konar tilboð og afslátt, enda vilja aðstandendur síðunnar hafa hana neytendavæna. „Hún á að vera lifandi og skemmtilegur vefur," segir Felix.

LIFANDI VEFUR Felix Gylfason hjá hvaderimatinn.is segir frekari betrumbætingar á síðunni væntanlegar á næstu vikum. Síðan er notendum innan handar með að ákveða matseðil mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

- sun

Skemmtilegasta Skóbúð landsins

Alltaf flottustu skórnir

SPR4148
Stærðir 36-41
17.995 kr

Verð
11.995 kr.-

Ekta leður

SPR2775
Stærðir 36-41
12.995 kr

Verð
8.995 kr.-

Ekta leður

SPR4222
Stærðir 36, 38-41
17.995 kr

Verð
11.995 kr.-

Ekta leður

LOG3561
Stærðir 36-41
12.995 kr

Verð
8.995 kr.-

Ekta leður

Ekta leður

PET42801
Stærðir 36-39
12.995 kr
Svart og blátt

Verð
9.096 kr.-

PETER KAISER

Ekta leður

ARA44820
Stærðir 36-41
11.995 kr

Verð
8.396 kr.-

THE3699941
Stærðir 40-46
5.995 kr

Verð
3.995 kr.-

Ekta leður

E-3705453639
Stærðir 40-47
12.995 kr

Verð
9.096 kr.-

ecco

Ekta leður

E-1131353767
Stærðir 36-42
10.995 kr

Verð
7.696 kr.-

ecco

Ekta leður

LLOKOS
Stærðir 42-46
16.995 kr

Verð
11.896 kr.-

LLOYD

Ekta leður

LLOEDWARD
Stærðir 42-46
14.995 kr

Verð
10.496 kr.-

LLOYD

Ekta leður

38041401
Stærðir 40-46
Kuldafóðraður

Verð
2.995 kr.-

38041701
Stærðir 40-46
Kuldafóðraður

Verð
3.995 kr.-

NEUR17601906
Stærðir 21-37
Svart og bleikt
3.995 kr

Verð
2.796 kr.-

IMA389780
Stærðir 18-24
3.995 kr

Verð
2.796 kr.-

Sendum í póstkröfu!

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16

PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA

GREIND EHF. - Ts20070926

> VISSIR ÞÚ?

Pentagonbyggingin, sem hýsir bandaríska varnarmálaráðuneytið, státar af 284 baðherbergjum. Það eru tvöfalt fleiri baðherbergi en þörf væri á til að þjónusta starfsfólk ráðuneytisins. Ástæðan er sú að þegar húsið var byggt á fimmta áratugnum, kváðu lögin í Virginíu-ríki á um aðskilin baðherbergi fyrir svarta og hvíta.

fólk

folk@frettabladid.is

Ísbíll Ólafs sýndur í frystiklefa

Nýjasta verk Ólafs Elíassonar, vetnisknúinn bíll smíðaður úr ís, er til sýnis í stórum frystiklefa á Nýlistasafninu í San Fransisco. Bíllinn er hluti af sýningu listasafnsins á verkum Ólafs undir nafninu „Your Tempo: Olafur Eliasson".

Bíllinn er smíðaður úr áli og ryðfríu stáli og yfir því eru nokkur lög af ís. Með hönnuninni vill Ólafur sýna fram á tengslin milli bílahönnunar og aukinna gróðurhúsaáhrifa í heiminum.

BÍLL ÚR ÍS Ísbíllinn er til sýnis í stórum frystiklefa á Nýlistasafninu í San Fransisco.

ÓLAFUR ELÍASSON Ólafur fetar í fótspor þekktra listamanna á borð við Andy Warhol með sínu nýjasta verki.

Þýski bílaframleiðandinn BMW valdi Ólaf fyrir tveimur árum til að hanna fyrir sig bíl í listbílasafnið sitt. Átti bíllinn að vera knúinn vetni og þurfti Ólafur að tengja listhönnunina við þennan framtíðarorkjugjafa.

Bíll Ólafs er sá sextándi í listbílaröð BMW sem hefur verið til síðan um miðjan áttunda áratuginn og hafa merkir listamenn hannað hina fimmtán. Meðal þeirra eru Andy Warhol, Roy Lichtenstein og Frank Stella en safnið á að endurspegla þróun listarinnar á hverjum tíma í samhljómi við iðnhönnun og tækninýjungar.

Sýningunni á ísbíl Ólafs lýkur þrettánda janúar á næsta ári.

Flytjendum fjölgar á Airwaves

Enski dúettinn Prinzhorn Dance School, skoska sveitin Theatre Fall og Roxy Cottontail frá New York eru á meðal þeirra sem hafa bæst við dagskrá Iceland Airwaves-hátíðarinnar.

Á meðal fleiri flytjenda eru Forgotten Lores, Sverrir Bergman, Bootlegs, Valgeir Sigurðsson, Elíza og Retron. Fjöldi norskra listsamanna verða á Airwaves í ár. Þar á meðal verða ólótabelgirnir í Ungdomskulen, sem hafa vakið mikla lukku fyrir pönkskotna rokktónlist sína. Telja margir að þar sé á ferðinni skemmtilegasta hljómsveit Norðmanna í dag. Einnig koma fram norski teknóboltinn Mental Overdrive og elektró-poppdúettinn Frost.

Áður höfðu flytjendur á borð við Bloc Party, Deerhoof, Lali Puna, Of Montreal og múm tilkynnt komu sína á Airwaves, sem verður með afar fjölbreyttu sniði í ár.

Miðasala á hátíðina, sem hefst eftir þrjár vikur, er í fullum gangi og kostar armbandið 7.900 krónur út september. Eftir það hækkar verðið í 8.500 krónur.

MÚM Á meðal þeirra sem koma fram á Airwaves í ár er hljómsveitin múm.

ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR Skipuleggjandi Ford-keppninnar segir að fyrirsætur þurfi ekki að vera veikar til að fá vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ford-stúlkur gegn átröskun

Ford-fyrirsætukeppnin fer fram í Iðnó í kvöld. Keppnin er nú í höndum Reykjavik Casting og fer fram með nýju sniði.

Tíu stúlkur koma fram í keppninni og ein þeirra verður send sem fulltrúi Íslands í alþjóðlega Ford-keppni sem haldin er í New York. Sigurvegari þeirrar keppni hlýtur starfssamning við Ford Model Management að andvirði 250 þúsund dollara.

Keppnin í ár er sú fyrsta síðan Reykjavík Casting tók við framkvæmd hennar. „Okkur langaði að nota tækifærið og koma réttum skilaboðum áleiðis til ungu kynslóðarinnar sem er að vaxa úr grasi og lítur upp til fyrirsætna," sagði Alexía Björg Jóhannesdóttir, forstjóri Reykjavík Casting, sem hafði því samband við Forma, samtök átröskunarsjúklinga, um samstarf. „Þær hafa unnið með stelpunum í æfingaferlinu og voru líka með í að sjá til þess að stelpurnar sem við völdum í keppnina væru heilbrigðar," bætti Alexía við.

Undanfarið ár hefur átt sér stað mikil umræða um átröskunarsjúkdóma í tískuheiminum og segir Alexía vitundarvakningu hafa átt sér stað. „Fyrirsætur eiga ekki að þurfa að vera veikar til að fá vinnu. En það er líka mikilvægt að koma því til skila að það eru líka til grannar stelpur sem eru heilbrigðar," bætti hún við.

Í dómnefnd keppninnar sitja að þessu sinni Robert Knapp, frá Ford Model Management í París, Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, og Bernhard Ingimundarson ljósmyndari.

Ágóði af miðasölu á keppnina mun renna til Forma, en Alexía segir það áform framtíðarinnar að styrkja mismunandi góðgerðasamtök eða málefni á ári hverju.

sunna@frettabladid.is

Pavarottis minnst víða

Fjölmargar minningarathafnir um ítalska tenórinn Luciano Pavarotti verða haldnar víðs vegar um heiminn frá og með 6. október. Þá verður liðinn mánuður síðan hann lést úr krabbameini.

Athafnirnar verða haldnar í yfir níutíu ítölskum menningarsetrum úti um allan heim, þar á meðal í Nýju-Delí á Indlandi þar sem frægar óperur sem Pavarotti flutti verða á efnisskránni.

Utanríkisráðuneyti Ítalíu stendur fyrir athöfnunum. Með því vill það leyfa sem flestum heimsbúum að hlýða á merkustu augnablikin á ferli Pavarottis.

Tenórinn, sem varð 71 árs, var þekktur fyrir að hafa fært óperuna til almennings. Sérstaklega þykir flutningur hans á laginu Nessun Dorma, sem var einkennislag heimsmeistarakeppninnar í fótbolta árið 1990, hafa opnað eyru fjöldans.

PAVAROTTI Hetjutenórsins verður minnst víða um heim í næsta mánuði.

BSK

LAUGAVEGUR 86-94 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 552 8090

7 ACNE GALLABUXUR OG EITT BELTI Á 22 MILLIMETRA TOGVÍR.

NIKE
ADIDAS ORIGINALS
AMERICAN APPAREL
DR. DENIM
KSUBI
ACNE JEANS
THOMAS BURBERRY
SURFACE 2 AIR
ANDERSON & LAUTH

ÁLFABAKKA		
CHUCK AND LARRY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
CHUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:30 VIP	
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 VIP	
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:30	L
KRINGLUNNI		
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 5:30	L
LICENSE TO WED	kl. 8	7
ASTRÓPÍÁ	kl. 6	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10	14
TRANSFORMERS	kl. 10:30 DIGITAL	10

AKUREYRI		
BRATZ - THE MOVIE	kl. 6	L
SHOOT 'EM UP	kl. 8 -10	16
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 síðustu sýningar	L
MR. BROOKS	kl. 8	16
VACANCY	kl. 10	16
KEFLAVÍK		
CUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:10	L
BRATZ THE MOVIE	kl. 8	L
DISTURBIA	kl. 10:10	12
SELFOSSI		
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12
VEÐRAMÓT	kl. 8 - 10:20	14

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
SHOOT'EM UP	kl. 6 - 8 - 10	16
SHOOT'EM UP LÚXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 4 - 6	
HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
VACANCY	kl. 10.30	16
VEÐRAMÓT	kl. 5.40	14
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.40	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 4	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 3.45	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
CHUCK AND LARRY	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8	
VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14
ASTRÓPÍA	kl. 6	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10.20	14

SÍMI 462 3500		
CHUCK AND LARRY	kl. 6 - 8 - 10.10	12
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 6	
HAIRSPRAY	kl. 8	
KNOCKED UP	kl. 10.10**	14
**Síðasta sýning		

Handtekinn í fjórða sinn

Kiefer Sutherland var nýverið handtekinn í Los Angeles fyrir að aka undir áhrifum áfengis. Þetta er í fjórða sinn sem leikarinn er tekinn fyrir ölvunarakstur.

Sutherland var að koma úr partíi hjá Fox-sjónvarpsstöðinni sem framleiðir þættina 24 þegar hann var stöðvaður af lögreglunni eftir að hafa tekið ólöglega U-beygju. Eftir að hafa þurft að dúsa í þrjá klukkutíma í fangelsi var hann látinn laus gegn tryggingargjaldi. Hann þarf að mæta fyrir rétti hinn 16. október.

Þrjár aðrar handtökur

Sutherland, sem verður 41 árs í desember, var á skilorði þegar hann var handtekinn eftir að hafa ekið undir áhrifum árið 2004. Þá var hann dæmdur í sextíu mánaða skilorðsbundið fangelsi og fimmtíu klukkustunda samfélagsþjónustu, auk þess sem hann þurfti að sækja fundi um áfengismisnotkun.

Svo virðist sem hinn tvífráskildi Sutherland eigi erfitt með halda sér þurrum undir stýrt því á árunum 1989 og 1993 var hann einnig tekinn fyrir ölvunarakstur.

Hámarksrefsing fyrir nýjasta brot hans er eins árs fangelsi. Einnig gæti hann átt refsingu yfir höfði sér fyrir að brjóta skilorðið, rétt eins og Paris Hilton fékk að kynnast þegar hún var dæmd í 23 daga fangelsi fyrir samskonar brot.

Fjáröflun fyrir lögregluna

Nokkrum dögum eftir handtökuna átti Sutherland að koma fram á fjáröflunarsamkomu fyrir lögregluna í Los Angeles, sem hefði þótt einkar kaldhæðnislegt. Hættu skipuleggjendur samkomunnar því snarlega við þátttöku hans. Kappinn lét sig þó ekki vanta á samkomu í Kanada þar sem honum voru afhent heiðursverðlaun fyrir leiklistarferil sinn. Foreldrar Sutherlands, leikararnir Donald Sutherland og Shirley Douglas, eru kanadískir. Kiefer fæddist í London en gekk í menntaskóla í Kanada. Á hann því marga fylgismenn þar í landi.

KIEFER SUTHERLAND Leikarinn Kiefer Sutherland á Emmy-verðlaunahátíðinni á dögunum. Hann hefur fjórum sinnum verið handtekinn fyrir ölvunarakstur.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Endurskrifað vegna meiðsla

Sutherland vann Emmy-verðlaunin á síðasta ári fyrir hlutverk sitt í 24. Þar fer hann með hlutverk Jacks Bauer, sem reynir að hafa hendur í hári hryðjuverkamanna.

Orðrómur hefur verið uppi um að þónokkrir þættir hafi verið endurskrifaðir vegna minni háttar meiðsla sem hann hefur fengið eftir að hafa verið úti á lífinu. „Ég get ekki neitað því að helmingurinn sem hefur verið skrifaður um mig er réttur. Ég hef gert heimskulega hluti. Maður verður að taka ábyrgð á misgjörðum sínum og reyna síðan að halda áfram sínu striki," sagði hann eitt sinn í viðtali við breskt dagblað.

Stuð á Íslandi

Skemmst er að minnast komu Sutherlands til Íslands fyrir tveimur árum þegar hann kom til að fylgjast með tónleikum vinar síns Rocco Deluca á Nasa. Meðal annars sást til leikarans á Dillon í miklu stuði með viskíflösku í hendi. Dvaldi hann hér yfir áramótin og heillaðist mjög af flugeldasýningu landsmanna.

Kvikmyndahátíðin sett í kvöld

AKI KAURISMÄKI Verður sérstakur heiðursgestur kvikmyndahátíðarinnar.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, verður sett formlega í kvöld en þá verður heimildarkvikmyndin Sigur Rós – Heima frumsýnd að viðstaddri hljómsveitinni sjálfri og kvikmyndagerðarmönnunum.

Hátíðin hefur sjaldan eða aldrei verið jafn glæsileg en búist er við að tvö hundruð erlendir gestir sæki hana heim. Alls 87 myndir verða sýndar á hátíðinni en fimmtán þeirra berjast um aðalverðlaun hátíðarinnar, Gullna lundann. Þar að auki verður bryddað upp á skemmtilegum nýjunum, svo sem sýningu Jaws í Laugardalslauginni og bílabíói í flugvélaskýlinu á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ.

Þar að auki verður blásið til finnskrar veislu þegar leikstjórinn Aki Kaurismäki kemur og veitir sérstökum heiðursverðlaunum viðtöku en auk hans mun Peter Greenaway og Hanna Schygulla verða sérstakir gestir hátíðarinnar. Þá verður einnig fróðlegt að sjá hvernig Embla kemur út á hvíta tjaldinu en það er endurklippt útgáfa af víkingamynd Hrafns Gunnlaugssonar, Hvíti víkingurinn.

Benny og Royal spila

BENNY CRESPO´S GANG Hljómsveitin spilar á Organ í kvöld ásamt Royal Fortune.

Hljómsveitirnar Benny Crespo's Gang og Royal Fortune koma fram á tónleikum á Organ í kvöld. Benny Crespo´s Gang, sem er með tónlistarkonuna Lay Low innanborðs, er að leggja lokahönd á sína fyrstu plötu, sem er væntanleg í búðir 19. október. Sama dag kemur sveitin fram á Iceland Airwaves-hátíðinni.

Tónleikarnir hjá Benny Crespo´s Gang eru þeir fyrstu síðan í maí og bíða aðdáendur sveitarinnar því spenntir eftir að heyra nýja efnið. Royal Fortune, sem er ólíkindablanda fimm einstaklinga úr Reykjavík, kemur einnig fram á Airwaves-hátíðinni. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Paris Hilton sagðist í viðtali við E! Online vera búin að ákveða að fara í heimsókn til Rúanda í nóvember eftir að hún lýkur við tökur á nýjustu kvikmynd sinni. „Það þarf að koma svo miklu í verk á þessu svæði og ef ég fer dregur það athygli að því hvað fólk getur gert til þess að hjálpa," sagði Paris. „Ég vil einnig heimsækja fleiri lönd þar sem fátækt og málefni barna eru áhyggjuefni."

Heath Ledger sem er nýskilinn við leikkonuna og barnsmóður sína **Michelle Williams** hefur undanfarið verið orðaður við hina dönsku **Helenu Christensen**. Það kom þó ekki í veg fyrir að hann freistaði gæfunnar í New York um helgina þar sem hann er sagður hafa elt tvær stelpur út af hótelinu sínu til þess að gefa þeim heimilisfangið sitt í Soho-hverfinu og biðja þær að líta þar inn.



Keira Knightley sagði nýverið í viðtali að hún beinlínis hataði að ganga á rauða dreglinum. „Fólk öskrar framan í mann: „7 af 10 mögulegum" og er að vísa í hvernig maður lítur út. Ég hata þessa viðburði og mér finnst sú staðreynd ömurleg að fólk skrifar greinar um að því finnist maður með ljóta handleggi eða líta illa út."

Leikkonan **Jessica Biel**, sem jafnframt er kærasta söngvarans **Justins Timberlake**, er sögð hafa fengið tilboð um að leika ofurhetjuna Wonder Woman í kvikmyndinni Justice League of America. Biel er sem stendur önnum kafin við tökur á myndinni Powder Blue ásamt **Forest Whitaker**. Talsmaður hennar neitaði að staðfesta hvort leikkonan hygðist taka tilboðinu eða ekki.

> Hallgrímur til Lokeren

Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson sem leikur með Keflavík í Landsbankadeildinni er á leið til Lokeren í Belgíu til reynslu. Hallgrímur vakti athygli fyrir góðan leik með Keflvíkingum í deildinni í fyrra og hefur verið fastamaður í liði þeirra í ár og spilað ýmist sem miðvörður eða miðjumaður. Hann kveðst ánægður með tækifærið. „Þetta kemur á besta tíma fyrir mig, þar sem tímabilið hér heima er að klárast og ég ætla bara að nýta mér þessa reynslu og æfa vel og sjá svo til með framhaldið."

sport

sport@frettabladid.is

ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON: ÞJÁLFARI VALS Í HANDBOLTA TALAR UM SLAKT GENGI ÍSLANDSMEISTARANNA Í ÁR

Valsmenn þurfa allir sem einn að rísa upp

Íslandsmeistarar Vals í handknattleik karla töpuðu sínum þriðja leik í N1-deildinni í ár á þriðjudagskvöld og í þetta skipti voru það nýliðar Aftureldingar sem nýttu sér gestrisni Valsmanna í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda. Tap Vals þýðir að liðið er enn án stiga og þjálfari Vals, Óskar Bjarni Óskarsson, er fyrstur til að viðurkenna að liðið hafi hingað til ekki sýnt sitt rétta andlit.

„Það er náttúrlega sárt að vera enn án stiga, en við erum einfaldlega ekki að spila nógu vel," sagði Óskar sem telur sig þó sjá glitta í Íslandsmeistaraliðið frá því í fyrra í leikjum liðsins í ár. „Staðan í deildinni segir vissulega sitt og við þurfum augljóslega að bæta spilamennsku liðsins, en við erum búnir að eiga góða kafla í leikjunum hingað til og við þurfum bara að fjölga þessum góðu köflum og þá fara hlutirnir að rúlla með okkur. Mér finnst við enn eiga nokkuð í land með að samstilla varnarvinnuna á milli varnar og markmanna og í raun finnst mér við eiga markmennina inni ef tekið er mið af því hvernig þeir stóðu sig á síðasta tímabili," sagði Óskar.

Valsliðið hefur eflaust saknað stórskyttunnar Markúsar Mána Michaelssonar í ár en hann skoraði flest mörk Valsmanna í deildinni í fyrra og átti stóran þátt í velgengni liðsins. En Óskar telur þó að mál Sigfúsar Páls Sigfússonar, sem Valur keypti af Fram á dögunum eftir mikið þóf, hafi frekar verið til þess að trufla undirbúning þeirra fyrir mótið. „Markús stóð sig frábærlega í fyrra og skilaði góðu starfi fyrir Val, en því er lokið í bili allavega og ég einbeiti mér bara að því liði sem ég er með í höndunum hverju sinni. Það er í raun frekar að Sigfúsarmálið sé búið að trufla okkur út af þeirri óvissu sem skapaðist hvort og þá hvenær hann gæti byrjað að spila með okkur," sagði Óskar sem lítur samt björtum augum á framhaldið.

„Við þurfum einfaldlega að leggjast á eitt, bæði leikmenn og þjálfarar Vals, sem og stuðningsmenn og allir aðstandendur liðsins og rísa upp og taka saman höndum í baráttunni," segir Óskar.

SÁ UM UNITED Michael Mifsud fagnar marki gegn United. NORDICPHOTOS/GETTY

Enski deildarbikarinn:

Coventry sló út Man. Utd

FÓTBOLTI B-deildarlið Coventry sló í gær ensku meistarana í Manchester United út úr enska deildarbikarnum á sama tíma og Chelsea vann sinn fyrsta sigur undir stjórn Avram Grant.

Alex Ferguson tefldi fram varaliði hjá United, sem varð að sætta sig við 2-0 tap þökk sé tveimur mörkum frá Möltubúanum Michael Mifsud. United var ekki eina úrvalsdeildarliðið sem tapaði óvænt því Leicester sló út Aston Villa á útivelli.

Chelsea var í stórsókn frá fyrstu mínútu gegn Hull og vann að lokum öruggan 4-0 sigur. Salomon Kalou skoraði tvö af mörkunum og þeir Scott Sinclair, með fyrsta mark sitt fyrir Chelsea, og Steve Sidwell skoruðu hin mörkin. Þetta var fyrsti sigur Chelsea undir stjórn Grant en hann var aðeins með fjóra menn úr liðinu sem tapaði á móti United um síðustu helgi. Dean Ashton tryggði West Ham 1-0 sigur á Plymouth á síðustu stundu en Everton, Tottenham og Blackburn komust einnig áfram. - óój

Iceland Express-deild karla:

Lithái til reynslu hjá KR

KÖRFUBOLTI Ezerskis Ernestas, tvítugur unglingalandsliðsmaður frá Litháen, er kominn til reynslu hjá Íslandsmeistaraliði KR. Ernestas, sem er 195 cm hár leikstjórnandi, er leikmaður Lietuvos Rytas Vilnius en kominn í Vesturbæinn þökk sé samböndum Ágústar Björgvinssonar, sem var um tíma aðstoðarmaður hjá Rytasliðinu. KR hefur ekki gert samning við hann en ef marka má fyrstu æfinguna er þarna snjall leikmaður á ferðinni. - óój

Ólafur heimsækir arftakana

Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real sækja þýska liðið Flensburg heim í kvöld en með Flensburg leika þeir Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson.

HANDBOLTI Tvö af sterkustu handknattleiksliðum heims – Ciudad Real og Flensburg – mætast í stórleik Meistaradeildarinnar í kvöld. Með liðunum leika þrír Íslendingar og þeir eru þess utan allir örvhentir. Með spænska liðinu leikur Ólafur Stefánsson en með því þýska eru þeir Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson.

Tvímenningarnir fá það hlutverk að leysa Ólaf af hólmi með landsliðinu á næstu árum og verður áhugavert að sjá hvernig þeim gengur að eiga við læriföður sinn í kvöld.

„Það verður geysilega gaman að mæta Óla. Ég er því miður mest að spila niður í horni í vörninni en ef við spilum 5-1 vörn þá fæ ég vonandi aðeins að taka á honum," sagði Alexander Petersson kíminn á svip er Fréttablaðið heimsótti hann á heimili sínu í Handewitt sem er rétt fyrir utan Flensburg.

„Leikurinn er ekkert upp á líf og dauða enda lítum við þannig á málið að við þurfum að vinna alla aðra leiki en gegn Ciudad til þess að komast áfram í keppninni, sem er það sem skiptir mestu máli."

MEISTARADEILDIN
HENRY BIRGIR GUNNARSSON SKRIFAR FRÁ FLENSBORG
henry@frettabladid.is

LÉTTIR Á ÆFINGU Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er óhætt að segja að Flensburg sé að spila frábæran handbolta þessa dagana en um síðustu helgi lagði liðið sjálfa Evrópu- og Þýskalandsmeistarana í Kiel á heimavelli sínum, Campushalle. Gríðarleg stemning var á þeim leik og er ekki búist við mikið síðri stemningu í kvöld.

„Það er eðlilega mikið sjálfstraust í liðinu eftir leikinn gegn Kiel sem var frábær. Það verður gaman að sjá hvar við stöndum gegn spænska liðinu en að sjálfsögðu ætlum við okkur að leggja þá að velli og við teljum okkur geta það," sagði Alexander en Ciudad Real vann þessa keppni árið 2006 og er ógnarsterkt.

Ólafur Stefánsson í toppstandi fyrir leikinn gegn Flensburg í Meistaradeildinni:

Feginn að Alex spilar ekki vörnina á móti mér í kvöld

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson og félagar komu til Flensburg frekar seint í gærkvöldi eftir frekar langt og illa skipulagt ferðalag frá Madríd. Liðið fór beint á æfingu í Campushalle, heimavelli Flensburg, þar sem Fréttablaðið hitti Ólaf að máli.

„Það er gott að vera kominn hingað. Hér er venjulega mikil stemning og gaman að keppa hérna," sagði Ólafur en hann bíður spenntur eftir því að mæta félögum sínum í landsliðinu.

„Það verður mjög gaman og þetta er skemmtilegur Íslendingaslagur. Það væri ekki verra að vinna líka. Ég er líka feginn að Alex sé hinum megin í vörninni og verði því ekki á móti mér," sagði Ólafur léttur á brún.

Landsliðsfyrirliðinn hefur glímt við mjög erfið axlarmeiðsli síðustu mánuði en þau eru nú að baki. „Öxlin er orðin fín og ég er í toppstandi. Vonandi næ ég að sýna fínan leik sem og liðið." - hbg

ÍSLENSKI FÁNINN Ólafur Stefánsson sést hér á æfingu með Ciudad Real í Flensburg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fram vann Akureyri 34-15 í N1-deild kvenna í Safamýrinni í gærkvöld:

Framstelpur sýndu klærnar

HANDBOLTI Fram vann 34-15 sigur á Akureyri í N1-deild kvenna í gærkvöld. Fram-liðið fer vel af stað í deildinni og er til alls líklegt, en áður hafði liðið unnið bikarmeistara Hauka og gert jafntefli við Íslandsmeistara Stjörnunnar og er því taplaust eftir þrjá leiki. Lið Akureyrar er sem fyrr á botninum án stiga.

Sigur Fram var í raun aldrei í hættu en liðið skoraði fimm fyrstu mörk leiksins og leiddi 17-3 í hálfleik. Lið Akureyrar mætti þó betur stemmt inn í seinni hálfleik og veitti Fram-liðinu meiri mótspyrnu og skoraði þá 12 mörk, en lokatölur 34-15 og yfirburðir Fram talsverðir í leiknum.

HK vann sinn fyrsta leik á tímabilinu með því að vinna FH 28-23 í Kaplakrika og Valskonur eru áfram með fullt hús eftir öruggan 27-18 sigur á Fylki í Vodafonehöllinni á Hlíðarenda. - óþ

FRAMSTELPUR Á FLUGI Pavla Nevarilova skorar hér eitt marka fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild kvenna í handbolta

Fram-Akureyri 34-15
Mörk Fram: Marthe Sördal 8,Karen Knútsdóttir 7, Þórey Stefánsdóttir 4, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 4, Dagmar Sigurðardóttir 4, Pavla Nevarilova 3, Sara Sigurðardóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1. **Varin skot:** Kristina Kverariene 10, Karen Einarsdóttir 5.
Mörk Akureyrar: Arna Erlingsdóttir 8, Inga Dís Sigurðardóttir 1, Anna Morales 1, Ester Óskarsdóttir 1, Þorsteina Sigurbjörnsdóttir 1, Kara Rún Árnadóttir 1, Emma Garðarsdóttir 1, Monika Rúikowska 1. **Varin skot:** Emelía Dögg Sigmarsdóttir 4, Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir 3.
FH-HK 23-28
Valur-Fylkir 27-18
Mörk Vals: Eva Barna 9, Nora Valovics 4, Íris Ásta Pétursd. 4, Dagný Skúlad. 3, Guðrún Drífa Hólmgeirsd. 2, Hildigunnur Einarsd.r 2, Katrín Andrésd. 1, Kristín Guðmundsd. 1, Kristín Collins1.
Mörk Fylkis: Ingibjörg Karlsdóttir 5, Sunna María Einarsdóttir 4, Anna Sif Gunnarsdóttir 3, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 1, Elzabieta Kowal 1, Iðunn Elva Ingibergsdóttir 1, Elín Helga Jónsdóttir 1, Sunna Jónsdóttir 1, Natasa Damlijanovic 1.

Powerade-bikar kvenna

Keflavík-KR 108-64
Keflavík mætir Grindavík í undanúrslitum.

Enski deildarbikarinn

Aston Villa-Leicester 0-1
0-1 Matty Fryatt (76.).
West Ham-Plymouth 1-0
1-0 Dean Ashton (90.)
Sheff. Wed.-Everton 0-3
0-1 James McFadden (59.), 0-2 James McFadden (84.), 0-3 Yakubu (85.).
Hull-Chelsea 0-5
0-1 Scott Sinclair (37.), 0-2 Salomon Kalou (48.), 0-3 Steven Sidwell (52.), 0-4 Kalou (81.)
Tottenham-Middlesbrough 2-0
1-0 Gareth Bale (72.), 2-0 Tom Huddlestone (75.)
Fulham-Bolton 1-2
0-1 Daniel Guthrie (57.), 1-1 David Healy (77.), 1-2 Stylianos Giannakopoulos (112.)
Man. Utd-Coventry 0-2
0-1 Michael Mifsud (27.), 0-2 Mifsud (70.).
Blackburn-Birmingham 3-0
1-0 David Bentley (66.), 2-0 Matt Derbyshire, víti (82.), 3-0 Roque Santa Cruz (90.).

Norski bikarinn undanúrsl.

Lilleström-Stabæk 2-0
Veigar Páll Gunnarsson lék allan leikinn en Viktor Bjarki Arnarsson var á bekknum hjá Lilleström.
Haugesund-Odd Grenland 1-0

Meistaradeildin í handbolta

Portland San Antonio-GOG 28-28
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 5 mörk og en Snorri Steinn Guðjónsson eitt.

Þýska deildin í handbolta

Kiel-Wilhelmshaven 34-29
Gylfi Gylfason skoraði 2 fyrir Wilhelmshaven.

Spænska 1. deildin

Barcelona-Zaragoza 4-1
1-0 Lionel Messi (5.), 1-1 Zapater (10.), 2-1 Lionel Messi (11.), 3-1 Iniesta (22.), 4-1 Rafael Márquez (45.).
Valencia-Getafe 2-1
1-0 David Silva (16.), 2-0 David Villa (32.), 2-1 Braulio (77.)
Racing-Villarreal 0-2
Athletic-Atlético Madrid 0-2

Ítalska A-deildin

Juventus-Reggina 4-0
1-0 Nicola Legrottaglie (48.), 2-0 Hasan Salihamidzic (50.), 3-0 David Trezeguet (76.), 4-0 Raffaele Palladino (90.) Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina og lék allan leikinn.
Inter-Sampdoria 3-0
1-0 Zlatan Ibrahimovic (23.), 2-0 Ibrahimovic (49.), 3-0 Luís Figo (58.).
Palermo-AC Milan 2-1
0-1 Clarence Seedorf (10.), 1-1 Diana (73.), 2-1 Fabrizio Miccoli (90.).

Sænska B-deildin

Sundsvall-Norrköping 3-0
Stefán Þórðarson lék fyrstu 55 mínúturnar en Garðar Gunnlaugsson kom inn á 73. mínútu.

RÉTTINDALAUS Avram Grant í fyrsta leiknum hjá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY

Avram Grant, stjóri Chelsea:

Þarf á undanþágu að halda

FÓTBOLTI Avram Grant, nýráðinn stjóri Chelsea, þarf á undanþágu að halda til þess að stýra liði Chelsea í ensku úrvalsdeildinni vegna þess að hann hefur ekki svokölluð UEFA Pro réttindi sem eru skylda fyrir stjóra í deildinni. Síðustu stjórar til þess að fá þessa undanþága voru Glenn Roeder og Gareth Southgate en aðeins eitt félag í deildinni mótmælti undanþágunni sem þeim var veitt og það var Manchester United. Líklegt er að United geri slíkt hið sama í máli Avram Grant, en hvort það ber árangur mun tíminn einn leiða í ljós. - óþ

Í FYRSTA LEIKNUM Sigfús Páll Sigfússon sækir að marki Aftureldingar í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sigfús Páll Sigfússon, Val:

Sigfús spilaði loksins með Val

HANDBOLTI Sigfús Páll Sigfússon, handboltamaður í Val, spilaði loksins sinn fyrsta leik fyrir sitt nýja félag á þriðjudag eftir langþráða bið. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, er ekki síður feginn að málinu sé lokið. „Þetta er búinn að vera erfiður tími fyrir Sigfús og ég er ánægður fyrir hans hönd og mér fannst hann koma vel inn í þetta og aðlagast fljótt," sagði Óskar, sem harmar mjög hversu félagsskipti Sigfúsar drógust á langinn.

Sigfús Páll skoraði eitt mark úr þremur skotum leiknum. - óþ

Í STUÐI Hreiðar Levy Guðmundsson byrjar vel í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hreiðar Levy Guðmundsson:

Búinn að eiga tvo stórleiki

HANDBOLTI Hreiðar Levy Guðmundsson byrjar frábærlega með sænska úrvalsdeildarliðinu Sävehof en hann hefur varið 40 skot í fyrstu tveimur leikjum liðsins, sem báðir hafa unnist.

Hreiðar varði 20 skot og 2 víti í 32-23 sigri á GUIF um helgina og hafði varið 20 skot í 38-31 útisigri á Lindesberg í fyrstu umferðinni. Aðeins einn markvörður í sænsku deildinni hefur varið fleiri skot í fyrstu tveimur umferðunum en það er Richard Kappelin í liði Alingsås sem hefur varið 46 skot.

Hreiðar hefur varið 43% skota sem á hann hafa komið en Sävehof er eitt fjögurra liða sem hafa unnið fyrstu leiki sína. - óój

Friðrik Ragnarsson um undanúrslit Powerade-bikars karla í Höllinni í kvöld:

Spáir KR og Njarðvík í úrslit

KÖRFUBOLTI Undanúrslitaleikir Powerade-bikars karla í körfubolta fara fram í Laugardalshöllinni í kvöld. KR og Skallagrímur mætast í fyrri leiknum klukkan 19.00 og seinni leikurinn er síðan á milli Njarðvíkur og Snæfells. Fréttablaðið fékk Friðrik Ragnarsson, þjálfara Grindavíkur, til þess að spá í leikina.

Íslandsmeistarar KR slógu út Hamar í átta liða úrslitunum og mæta liði Skallagríms sem fór í sigurferð til Grindavíkur og sló lærisveina Friðriks út. „Ég hallast nú að því að KR vinni þó að mér finnist Borgnesingar með fínt lið. Þeir voru að spila mjög á móti okkur en KR-ingar eru einfaldlega gríðarlega sterkir og mjög vel mannaðir," segir Friðrik um fyrri undanúrslitaleikinn.

Njarðvík sló ÍR út í átta liða úrslitunum og mætir liði Snæfells, sem vann nýliða Þórs frá Akureyri til þess að komast í Höllina. „Njarðvíkingar hafa bætt við sig mönnum og eru orðnir mjög vel mannað lið að mínu mati. Ég spái því að þeir vinni Snæfell. Njarðvík er reyndar svolítið óskrifuð stærð þar sem mikið er af nýjum mönnum þar en ég sá leikinn hjá þeim á móti ÍR og þá unnu þeir eins og gömul dísilvél," segir Friðrik en hann er samt mjög hrifinn af Snæfellsliðinu. „Mér finnst Snæfellsliðið stórskemmtilegt og vel mannað en það eru fleiri leikmenn sem geta skorað 20+ stig í Njarðvíkurliðinu heldur en hjá Snæfelli og það gæti ráðið úrslitum," segir Friðrik.

Friðrik býst því við að erkifjendurnir KR og Njarðvík glími um enn einn titilinn á sunnudaginn. „Þetta eru allt hörkulið sem eftir eru í keppninni. Það er því ekkert hægt að afskrifa Borgarnes eða Snæfell því bæði lið eru mjög sterk en mér finnst líklegt fyrir fram að það verði KR og Njarðvík sem spili til úrslita," sagði Friðrik að lokum. - ójj

MÆTAST ÞEIR Í ÚRSLITUM Brenton Birmingham hjá Njarðvík og Skarphéðinn Ingason í KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÚTSALAN ER BYRJUÐ
BARA Í FÁEINA DAGA

Öll kasthjól – 40% afsláttur
Kaststangir 20-50% afsláttur
Fluguhjól 15-50% afsláttur
Flugustangir 15-50% afsláttur
Öndunarvöðlur frá 9.995
Veiðivesti frá 1.995
10 stk. spúnar aðeins 1.990
Lítið notaðar leiguvöðlur aðeins 5.000
Sjókayakar 15-30% afsláttur
Þurrbúningar og vesti 15-50% afsláttur
Valdar haglabyssur 20-30% afsláttur
Felufatnaður 15-50% afsláttur

Útsalan hefst í dag og lýkur 7. október
Vinsælustu vörurnar seljast alltaf upp fyrst

Sjókayakar, fatnaður og búnaður aðeins í Sportbúðinni Krókhálsi 5. Skotvopn og felugallar aðeins í Veiðihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5. Leiguvöðlur aðeins í Veiðihorninu Síðumúla)

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 Krókháls 5 – Sími 517 8050 Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

> Hugh Laurie

Ferilskrá Hughs Laurie er orðin ansi löng og spannar áratugi af grínþáttum, kvikmyndum, sjónvarpsmyndum og þáttaröðum. Laurie er margverðlaunaður og hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína í House, sem Skjár einn sýnir í kvöld. Í skóla var hann liðtækur ræðari, og ekki er hann verri í tónlistinni. Laurie leikur á gítar, píanó, trommur, munnhörpu og saxófón. Hann hefur þar að auki sent frá sér skáldsöguna The Gun Seller, og vinnur nú að handriti eftir henni.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: KAREN D. KJARTANSDÓTTIR FYLLIST FRYGÐ YFIR LAGLEGUM LÆKNUM

Skjáást í svefnherberginu

Það er sagt að tímar hefðbundins sjónvarpsgláps séu liðnir. Fólk á vorum tímum vilji stjórna sinni neyslu sjálft með tölvuna að vopni. Það nenni því ómögulega að telja daga og klukkustundir þar til uppáhalds sjónvarpsþátturinn hefst heldur hlaði sjónvarpsseríunni einfaldlega niður á tölvuna í heilu lagi þegar því þóknast.

Ég ætla hvorki að jánka þessum spekúlasjónum eða hrekja þær. Það veit ég þó að eftir að ég uppgötvaði töfra doktors House dugði mér ekki einn þáttur á viku. Ó, nei. Eftir að þættinum lauk fór ég að leita að efni um fyrirbrigðið. Svo áfjáð var ég í leitinni að það hvarflaði að mér að helst myndi ég líkjast blönkum nikótínfíkli í leit að sígarettum eða bloggverja sem uppfærir síðuna sína af áfergju í von um að hrós berist til hans í gegnum athugasemdakerfið.

Snör handtök, hraður lyklaborðsásláttur og háhraða nettenging skilaði mér fjölda þátta þó á svipstundu. Síðan þá hef ég sofnað með tölvuna í fanginu og hamingjubros á vör.

Þessi nýlunda ergir mig svolítið. Ástæðan er sú að ég hef ávallt talið þá sem hafa sjónvarp í herberginu sínu vont fólk. Samt leyfi ég mér að liggja á bakinu með tölvu í fanginu uppi í rúmi, flissandi yfir hnyttni geðvonds læknis, þar til ég sofna. Ég er ekki kát þegar ég hrekk upp að nóttu í svitabaði vegna hitans af tölvunni. Nei, þá er ég reið. Reið yfir þeim skorti á sjálfsaga sem ég sýni þegar kemur að laglegu læknunum í þættinum.

Ef sambýlismaður minn fengi ekki að ráða væru næstum líkur á því að ég losaði mig við gamla sjónvarpsskriflið, sem hvort eð er tekur alltof mikið pláss. Ég horfi á fréttir á netinu, les blöð á netinu, les bréfin mín á netinu og borga reikningana mína á netinu, geri sem sagt allt sem ég þarf. Eina hlutverk sjónvarpsins er orðið að skila mínum heittelskaða fótboltaleikjum inn í stofu. En líklega er bara ágætt að hafa hann þar. Þeim mun meiri tíma fæ ég ein með doktor House inn í svefnherbergi.

EKKI MISSA AF

14.00 Seven Years in Tibet
STÖÐ 2 BÍÓ

20.10 Bræður og systur
SJÓNVARPIÐ

20.30 30 Rock SKJÁREINN

22.15 Life on Mars STÖÐ 2

22.50 Ghost Whisperer SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

12.00 HM í fótbolta kvenna Beint.
14.00 Hlé
15.25 Formúlukvöld e.
15.50 Kiljan e.
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Danni (2:4)
18.00 Stundin okkar (19:32)
18.25 Aukaleikarar (2:6) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Bræður og systur (8:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
20.55 07/08 bíó leikhús Fjörlegur þáttur með alvarlegum undirtóni þar sem púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð.
21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (2:6) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
22.00 Tíufréttir
22.25 Gatan (6:6) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi.
23.25 Aðþrengdar eiginkonur (59:70) e.
00.10 Kastljós
00.50 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Pilot´s Wife
08.00 Seven Years in Tibet
10.15 Agent Cody Banks 2. Destination London
12.00 Loch Ness
14.00 Seven Years in Tibet
16.15 Agent Cody Banks 2. Destination London
18.00 Loch Ness
20.00 The Pilot´s Wife
22.00 I Still Know What You Did Last Summer
00.00 Serpico (e)
02.05 Darkwolf
04.00 I Still Know What You Did Last Summer

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Beauty and the Geek (8.9)
08.50 Í fínu formi 2005
09.05 The Bold and the Beautiful
09.25 Wings of Love (29.120)
10.10 Sisters (16.24)
11.00 Whose Line Is It Anyway
11.25 Örlagadagurinn (14.14)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (75.114)
13.55 Forboðin fegurð (76.114)
14.45 Barnatími Stöðvar 2 (24.24)
17.30 The Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.20 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (5.22)
19.50 Friends (3.17) (The One With Ross´s Tan)
20.15 Two and a Half Men (6.24)
20.40 Til Death (6.22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. 2006.
21.05 It´s Always Sunny In Philadelphia NÝTT (3.7) Skemmtileg gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra félaga sem reka bar saman en eru allir of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra.
21.30 Bones (19.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
22.15 Life on Mars Önnur þáttaröð breskra þátta sem segir frá lögreglumanninum Sam Tyler sem lendir í alvarlegu slysi og þegar hann vaknar er hann staddur á árinu 1973. 2006.
23.10 Tekinn 2 (2.14)
23.35 Næturvaktin
00.05 The Tudors (5.10)
01.00 The 4400 (11.13)
01.45 The Ballad of Ramblin´ Jack
03.35 Hotel Babylon
04.30 Cold Case (4.23)
05.15 Til Death (6.22)
05.40 Fréttir og Ísland í dag
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 League Cup 2007-2008 Útsending frá leik Hull og Chelsea í enska deildabikarnum.
14.55 Sterkasti maður í heimi 2006 (World´s Strongest Man 2006) Þáttur um keppnina um sterkasta mann heims árið 2006 en enginn hefur sigrað oftar í þessari keppni en Íslendingarnir Jón Páll Sigmarsson og Magnús Ver Magnússon, eða fjórum sinnum hvor.
15.25 Það helsta í PGA mótaröðinni
15.50 Spænski boltinn
17.30 President´s Cup - preview show
18.00 Presidents Cup 2007
22.00 Kraftasport - 2007 (Grundarfjarðartröllið)
22.35 David Beckham - Soccer USA (10.13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.
23.05 NFL Gameday
23.35 Kaupþings mótaröðin 2007 Lokaþátturinn um Kaupþingsmótaröðina í golfi.
00.35 PGA Tour 2007 - Highlights (Turning Stone Resort Championship)

SÝN 2

19.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches
21.30 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
22.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 World's Most Amazing Videos (e)
20.00 Family Guy (7.11) Teiknimyndaþættirnir um Griffin fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétthugsun og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.
20.30 30 Rock (2.21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Sjálfumglaða kvikmyndastjarnan Tracy Jordan setur allt á annan endann í The Girlie Show. Jenna Maroney fellur í skuggann af nýju stjörnunni og handritshöfundar þáttarins eru ósáttir.
21.00 House (4.24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House reynir að komast að því hvað er að tíu ára einhverfum strák sem grípur um brjóst sér og óskrar að ástæðulausu.
22.00 The Black Donnellys (9.13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen. Tommy reynir að losna úr glæpalífinu og Kate hjálpar honum að fá vinnu.
22.50 Jay Leno
23.40 America's Next Top Model (e)
00.40 Stargate SG-1 (e)
02.20 Vörutorg
03.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

It's Always Sunny in Philadelphia

Skemmtileg gamanþáttaröð um fjóra félaga. Þau Dee, Dennis, Charlie og Mac reka í sameiningu írska barinn Paddy's í Fíladelfíu, en öll virðast þau vera of sjálfumglöð til að geta unnið saman án þess að lenda í árekstrum. Í þættinum í kvöld ákveða félagarnir að lækka lágmarksdrykkjualdurinn á Paddy's til að veita unglingum griðastað. Aukinn gróði spillir heldur ekki fyrir, en félögunum virðist standa á sama um lög og reglur í ríkinu.

▶ 07/08 BÍÓ LEIKHÚS
Sjónvarpið kl. 20.55

07/08 bíó leikhús er splunkunýr þáttur um allt það helsta sem er að gerast í bíó og leikhúsum. Þar verður fjallað um frumsýningar, farið á æfingar og tökustaði, og spjallað og spurt um þessa spennandi miðla. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Vansæmd
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Ætti ég hörpu
19.27 Með á nótunum
21.20 „Sumar kveður, sól fer"
22.15 Svövukvöld í september
23.10 Krossgötur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

17.30 Skífulistinn
18.23 Fréttir
19.00 Hollyoaks (23.260)
19.30 Hollyoaks (24.260)
20.00 Bestu Strákarnir (23.50) Ofurhugi. trampólín
20.25 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
20.50 Talk Show With Spike Feresten (5.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
21.15 Skins (5.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
22.00 Big Love (5.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. Það er ekki von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp. 2006.
▶**22.55 Ghost Whisperer** (31.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. (9.22) Melinda kynnist tónlistarmanni hefur ekki snert gítarinn síðan vinur hans lést. Hann veit ekki ástæðuna en Melinda kemst að því að honum fylgja tveir draugar. 2006.
23.40 Windfall (2.13) (e)
00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 The Aristocrats **13.00** Miss Marple **14.00** Passport to the Sun **14.30** Cash in the Attic **15.30** Small Town Gardens **16.00** As Time Goes By **16.30** Last of the Summer Wine **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Silent Witness **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **20.30** The Kumars At Number 42 **21.00** Silent Witness **22.00** Ever Decreasing Circles **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** Last of the Summer Wine **0.30** EastEnders

DR 1

12.20 Med slør og høje hæle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Liga **14.00** Boogie Update **14.30** Mig tror mig så en missekat **14.35** Frikvarter **15.00** Harold Småsten **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Wild Things **21.45** Liga **22.30** Boogie Update **23.00** DR Jobbussen **23.30** Kønsskifte tur-retur **4.30** Gurli Gris

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.15** Migrapolis: Folk i farta **10.45** Planeten vår **11.40** 'Allo, 'Allo! **12.15** Vinbaronen **13.00** Fabrikken **13.30** Guttegærne jenter **13.50** Grusomme grøss **14.00** Kim Possible **14.20** Kid Paddle **14.30** Zombie hotell **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 90-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Ukjent fiende **20.25** Halvseint **20.50** Litt av en luring **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Hero **23.10** Kulturnytt

SVT 1

13.30 Mitt i naturen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Cirkuskiosken **16.25** Pingu **16.30** Josef Lamm vill också ha en människa **16.40** Bror, min bror **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Örnen **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Sändningar från SVT24

MORGUNMATURINN

„Mér finnst voða gott að fá mér pakkanúðlusúpur með kjúklingabragði. Eftir að ég er búinn að hita súpuna í þrjár mínútur í örbylgjuofni set ég piparost út í.“

Pétur Örn Guðmundsson tónlistarmaður.

Kári Stefáns las yfir handrit fyrir Baltasar

NÓG FYRIR STAFNI Leikstjórinn Baltasar Kormákur hefur fengið nóg af gylliboðum en enga ákvörðun tekið.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, fékk kvikmyndahandrit frá Baltasar Kormáki til yfirlestrar en um er að ræða spennumynd sem fjallar um líffærastuld í þróunarlöndunum. „Ég vildi nú bara athuga hvort allar læknisfræðilegar staðreyndir væru ekki örugglega á hreinu,“ sagði Baltasar þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Kári gerði engar athugasemdir við handritið. Myndin hefur hlotið vinnuheitið Run for Her Life en að sögn Baltasars á enn eftir að finna leikara í myndina og því er hún á algjörum byrjunarreit.

Leikstjórinn stendur frammi fyrir hálfgerðu lúxusvandamáli þessa dagana því honum stendur einnig til boða að leikstýra tveimur öðrum mjög frambærilegum myndum, þar á meðal einni þar sem Óskarsverðlaunaframleiðandinn Bob Yari er maðurinn á bak við tjöldin. „Ég er ennþá að bræða það með mér hvað ég geri,“ segir Baltasar. „Maður reynir að hanga á þessu eins og maður getur. Kannski bíð ég bara þangað til Mýrin hefur verið frumsýnd í Bandaríkjunum og sé síðan hvað gerist,“ útskýrir hann en viðurkennir um leið að töluvert sé verið að pressa á hann að taka ákvörðun sem fyrst.

Baltasar er annars önnum kafinn og segist ætla að koma frá sér þeim verkefnum sem hann hefur þegar lofað sér í. Verið er að klippa kvikmyndina Brúðgumann og svo hyggst hann taka fram leikaraskóna á ný í kvikmynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam, en það eru Óskar Jónasson og Arnaldur Indriðason sem skrifa handritið. „Þetta er án efa eitt skemmtilegasta handrit sem ég hef lesið,“ segir Baltasar en áætlað er að tökur hefjist í næstu viku.

ALLT Á HREINU Kári Stefánsson las kvikmyndahandrit yfir fyrir Baltasar Kormák.

- fgg



LÁRÉTT 2. ljúka við **6.** í röð **8.** maðk **9.** stækkaði **11.** samtök **12.** ofanálag **14.** stoðvirki **16.** í röð **17.** fugl **18.** ennþá **20.** til dæmis **21.** snöggur.

LÓÐRÉTT 1. þjaka **3.** nafnorð **4.** veiðarfæri **5.** angra **7.** fíkinn **10.** ílát **13.** gljúfur **15.** listastefna **16.** húðpoki **19.** átt.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. enda, **6.** rs, **8.** orm, **9.** jók, **11.** aa, **12.** áleggi, **14.** gríndi, **16.** hí, **17.** lóa, **18.** enn, **20.** td, **21.** snar.

LÓÐRÉTT: 1. hrjá, **3.** no, **4.** dragnót, **5.** ama, **7.** sóldýrkun, **10.** ker, **13.** gil, **15.** dada, **16.** hes, **19.** na.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Mannaveiðar.
2. Ban Ki-moon.
3. Go Go Smear the Poison Ivy.

FRIÐRIK WEISSHAPPEL: VONAST EFTIR STUÐNINGI AÐ HEIMAN

Íslenskur brunch slær í gegn í Kaupmannahöfn

„Þetta er stærsta svona kosning á netinu hér og það er tekið mikið mark á þessu. Þetta er vissulega mikill heiður fyrir okkur,“ segir Friðrik Weisshappel, veitingamaður í Kaupmannahöfn. Friðrik og félagar hans eiga og reka tvö kaffihús þar í borg sem kallast The Laundromat Café. Vefsíðan Alt on København, Aok.dk, stendur árlega fyrir kosningunni Byens bedste þar sem markmiðið er að finna eftirtektarverða og skemmtilega hluti í Kaupmannahöfn. The Laundromat Café er einn fimm veitingastaða sem tilnefndir eru fyrir besta „brunch“-inn, en morgunverðarhlaðborð Friðriks og félaga hefur verið rómað frá því staðurinn var opnaður. Þetta ætti að vekja mikla athygli á staðnum enda er Aok.dk ein af fimm mest sóttu vefsíðum Danmerkur að sögn Friðriks.

„Þetta er náttúrlega alveg frábært. Hérna úti fara líka nánast allir í brunch um helgar. Það er bara rútína hjá mörgum að fara á fætur um 10 og beint út í brunch. Mér finnst þetta mjög góður siður, sérstaklega þegar vinahópar eða fjölskyldur nota þetta tækifæri til að hittast,“ segir Friðrik, sem vonast að sjálfsögðu eftir stuðningi að heiman, að Íslendingar greiði veitingastaðnum atkvæði í kosningunni. „Það hafa tugþúsundir Íslendinga komið til okkar síðustu fjögur ár og ég hvet alla sem hafa smakkað matinn okkar til að leggja lóð sitt á vogarskálarnar.“

Ítarlega er fjallað um The Laundromat Café á Aok.dk. Þar er meðal annars að finna grein um bestu hamborgarana sem fást í Kaupmannahöfn og er staðurinn einn af fimm veitingastöðum sem nefndir eru til sögunnar í þeim geira. Auk þess er vísað inn á almenna umfjöllun um staðinn þar sem meðal annars er að finna eftirfarandi kafla um Friðrik:

„Það var einu sinni smiður. Hann bjó á Íslandi. Hann kynntist eitt kvöldið ljóshærðri danskri stúlku í hestaferð. Kvöldið hefði getað verið upphaf og endir þessarar sögu hefði stúlkan ekki boðið smiðnum í partí í Kaupmannahöfn. Smiðurinn hreifst af stúlkunni og ílengdist í Kaupmannahöfn. Þannig kom það til að Friðrik og þrír vinir hans eiga í dag tvö kaffihús hér, The Laundromat Café.“ Síðan eru liðin fjögur ár og Friðrik og félagar hafa komið sér vel fyrir í borginni. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni á Friðrik von á fyrsta barni sínu í janúar með danskri unnustu sinni. Mánuði fyrr fagnar hann fertugsafmæli sínu svo það er í mörg horn að líta.

Netkosningin hefst á hádegi á föstudag og stendur í tvær vikur. Slóðin er Byensbedste.aok.dk.

hdm@frettabladid.is

VINSÆLL Í KAUPMANNAHÖFN Friðrik Weisshappel, veitingamaður í Kaupmannahöfn, og félagar hans á The Laundromat Café eru tilnefndir fyrir besta „brunch“-inn í árlegri kosningu Aok.dk. Mikill heiður hlýst af því að sigra í kosningunni og Friðrik hvetur Íslendinga til að leggja lóð sitt á vogarskálarnar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Örlög gamla Borgarbókasafnsins í Þingholtunum eru nú í höndum athafnakonunnar **IngunnarWernersdóttur**, sem hefur að undanförnu vakið mikla athygli fyrir dyggan stuðning sinn við íslenskt listalíf og festi meðal annars kaup á Stradivariusfiðlu sem **Hjörleifur Valsson** leikur á. Ingunn keypti húsið af norska listamanninum **Odd Nerdrum** en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hún ekki enn tekið ákvörðun um hvaða starfsemi fari þarna fram. Nerdrum hefur hins vegar yfirgefið landið eftir að salan gekk í gegn.



Útvarps- og sjónvarpsmaðurinn **Hermann Gunnarsson** hefur löngum verið þekktur fyrir að hafa nef fyrir hæfileikafólki enda kappinn eldri en tvævetur á öldum ljósvakans. Hemmi hefur fengið unglingasveitina Sprengjuhöllina til að troða upp í þætti sínum á sunnudaginn. Og þar sem Hemmi er fyrir löngu orðinn viðfrægur fyrir sönghæfileika sína er ekki loku fyrir það skotið að skemmtikrafturinn takið lagið með einni vinsælustu sveit landsins.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu mun **Gunnar Hansson** stýra nýjum spurningaþætti á Skjá einum sem hefur hlotið nafnið Skarpari en skólakrakki. Upphaflega settu framleiðendurnir markið hátt og hugðust skáka verðlaunafé Meistarans, sem er fimm milljónir, og átti sigurvegarinn að fá sex milljónir í vasann. Hins vegar hefur nú verið horfið frá því og verða því „einungis“ tvær milljónir í boði.

- fgg

Jón Gústafsson enn á sigurbraut

Heimildarmyndin Reiði guðanna, eða Wrath of Gods, vann til enn einna verðlauna á kvikmyndahátíð í Portúgal fyrr í þessum mánuði. Hún hefur því samanlagt unnið til fimm verðlauna á hátíðum víðs vegar um heiminn. „Myndin var opnunarmynd hátíðarinnar og fékk verðlaun dómnefndar,“ segir Jón Gústafsson, sem gerði myndina þegar hann var aukaleikari í kvikmyndinni Bjólfskviðu eftir Sturlu Gunnarsson. Reiði guðanna fjallar um gerð þeirrar myndar og þá erfiðleika sem framleiðendur lentu í hvað varðar óblíð náttúruöfl og fjármagn.

„Á hátíðinni í Portúgal var blandað saman myndum um gerð bíómynda og svo bíómyndunum sjálfum. Reiði guðanna var eina myndin sem ekki var sýnd með myndinni sem hún fjallar um enda er hún í fullri lengd og stendur alveg ein og sér. Þetta er sjálfstæð saga um mann sem leggur allt í sölurnar til þess eins að búa til kvikmynd og lendir í óhemju erfiðleikum.“

Íslendingar fá tækifæri til þess að sjá myndina í lok október þegar hún verður sýnd á RÚV en það hafði gengið fremur hægt að selja myndina hérlendis. „Þegar Þórhallur loksins horfði á myndina fattaði hann hvað þetta er frábær mynd og ákvað að kaupa hana,“ segir Jón en myndin hefur þegar verið seld til Kanada og tilboð frá Bandaríkjunum er í skoðun. „Í gær fékk ég boð um að koma á Zion-kvikmyndahátíðina í Utah, þaðan fer myndin á hátíð í Flórída og loks til Beirút.“

- sók

TÓLF KVIKMYNDAHÁTÍÐIR Jón Gústafsson gerði heimildarmyndina Reiði guðanna sem fjallar um gerð Bjólfskviðu. Myndin hefur þegar verið sýnd á níu kvikmyndahátíðum og unnið til fimm verðlauna. Í október verður hún sýnd á þremur í viðbót.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Partýleikir
fyrir alla fjölskylduna!

3.499

3.499

2.999 | 2.999 | 2.999 | 2.999 | 3.499 | 3.499 | 3.499

Fylltu á Singstar safnið þitt!

Meira en 5000 spurningar! Frábær spurningaleikur í anda Gettu betur þar sem allt að 8 geta spilað saman!

3.999

3.799 | 3.999 | 3.799

Einnig fáanlegir

GUITAR HERO™

ÞRÁÐLAUS GÍTAR !!
AUKAGÍTAR Á 1999KR.

5.999

4.999 | 5.499

Einnig fáanlegir

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • BT Akranesi • www.bt.is • Sími 550 4444

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Ísland – til hvers?

Athafnamenn ágirnast landið, orkuna, vatnið, fiskinn. Mestur gróði fæst eflaust með því að leggja þjóðfélagið niður, ekki bara málið og krónuna. Hverjum Íslendingi eru því boðnar 100 milljónir í vasann fyrir að yfirgefa landið. Þú mátt aldrei snúa aftur, enda svo sem ekki til mikils að snúa þegar allir eru fluttir í burtu og bara risavaxnar verksmiðjur með innfluttum þrælum eftir. Værirðu til í þetta?

SVONA dæmi setti ég upp fyrir Lufsuna og vitandi það að við fjölskyldan fengjum 400 millur og tækifæri til að hefja nýtt líf í Kanada (frábærasta land í heimi samkvæmt Michael Moore og varla lýgur hann) komumst við að þeirri niðurstöðu að já, við værum alveg til í tuskið. Ég meina, þegar allt kemur til alls, hverjir eru kostirnir við Ísland? Svona fyrir utan það að allir sem þú þekkir eru hérna? Ef þeir væru allir komnir við hliðina á þér í úthverfi í Montreal, hvað væri þá eftir? Sundlaugarnar? Skyrið?

EKKI er það veðrið. Ekki er það verðlagið og blygðunarlaust okrið – halló! Lækkun virðisaukaskatts!? Ekki er það endalaus djöfulgangurinn og ruglið. Ekki er það fámennið og fábreytnin. Ekki er það hröð breyting samfélagsins frá tiltölulega jöfnu samfélagi í það að hrottalegur ójöfnuður landsmanna þykir eðlilegur. Hver samþykkti þessar breytingar? Æi já, við búum í „opnu markaðskerfi" og svona er þetta „alls staðar annars staðar".

ÞRÁTT fyrir allt þetta slæma er eitthvað sem heldur aftur af manni. Hamingjan hjálpi mér, gæti það verið þjóðarstolt? Gæti það verið hin fögru fjöll og firnindi og gleðin yfir góða veðrinu þegar það kemur loksins? Gæti það verið kyrrðin og hreina loftið sem má finna eftir hálftíma reiðhjólaferð úr bænum? Gæti það verið vonin um að ástandið lagist og að Ísland verði einhvern tímann alveg frábært fyrir alla?

ÍSLAND — til hvers? Jú, til að komast í burtu frá því. Maður verður að sleppa af og til. Ekkert er eins frískandi. Og Ísland er líka til þess að koma aftur til, því eftir dvöl í sveittri stórborg er undarlega ljúft að sjá hraunmolann birtast aftur í nepjunni. Og þar fyrir utan verða okkur aldrei boðnar 100 millur á kjaft fyrir að fara. Hver á þá að borga yfirdráttarvextina?

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 27. september, 270. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.23	13.19	19.13
Akureyri	7.09	13.03	18.57

Heimild: Almanak Háskólans